# FRÉTTABLAÐIÐ

23. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 28. JANÚAR 2016




**Á leið í leikhús** Börn frá leikskólanum Hlíð létu ekki létta ofankomu á sig fá og fóru í gær í menningarleiðangur með strætisvagni frá Lönguhlíð í Borgarleikhúsið til að sjá þar leiksýninguna Óð og Flexu. Frumsýning leikritsins verður 30. janúar næstkomandi. Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttir fara með aðalhlutverk í sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Píratar komnir yfir 40 prósenta markið

**Píratar mælast með tæplega 42 prósenta fylgi í nýrri skoðanakönnun. Þingmaður flokksins segist auðmjúkur. Það sé umhugsunarefni hvers vegna Píratar mælist ítrekað stærri en Sjálfstæðisflokkurinn í könnunum. Sjálfstæðisflokkurinn minnkar milli kannana.**

**STJÓRNMÁL** „Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja. Bara takk fyrir traustið,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, um nýja skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Samkvæmt könnuninni mælast Píratar með tæplega 42 prósenta fylgi. Þetta er í fyrsta skipti sem flokkurinn fer yfir 40 prósent og yrði hann langstærsti flokkurinn á Alþingi. Í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var dagana 10. og 11. nóvember, var fylgi Pírata 36,3 prósent.

Sjálfstæðisflokkurinn yrði næststærsti flokkurinn með 23,2 prósenta fylgi. Það er töluvert minna fylgi en flokkurinn mældist með í síðustu skoðanakönnun. Þá var fylgi hans 29,3 prósent. Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin og Vinstri grænir mælast núna í svipuðu róli, með um 10 prósenta fylgi. Björt framtíð hefur hins vegar ekki mælst lægri og er núna með 1,6 prósent.

„Það er athyglisvert að turninn í íslenskri pólitík er ítrekað að mælast með helmingi minna fylgi en Píratar,“ segir Birgitta. Það sé svo blaðamanna og stjórnmálafræðinga að spyrja af hverju fólk treysti Pírötum. „Af því að ég veit ekki af hverju. En maður verður auðmjúkur.“

Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 var gerð þannig að hringt var í 1.158 manns þar til náðist í 801 dagana 26. og 27. janúar. Svarhlutfallið var 69,2 prósent. Þátttakendur voru valdir með lagskiptu slembiúrtaki úr þjóðskrá. Alls tók 56,1 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. – jhh

**Fylgi flokka**




## Radiohead spilar á Íslandi í sumar

**LÍFIÐ** Hljómsveitin Radiohead verður stærsta atriði Secret Solstice sem fram fer í Laugardalnum í júní. Sveitin spilar þá í fyrsta sinn hér á landi en hún var stofnuð árið 1985 og nýtur gífurlegra vinsælda um heim allan.

Auk Radiohead munu Afrika Bambaata, Róisín Murphy, Kelela og Action Bronson, Deftones, Skream og fjöldi annarra innlendra tónlistarmanna og hljómsveita koma fram en alls hafa 93 nöfn verið tilkynnt og er von á minnst einni tilkynningu í viðbót þar sem fleiri nöfn munu bætast við.

– gló / sjá síðu 54



Thom York, söngvari Radiohead

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um einkavæðingu banka. 22-28

**SPORT** Fær Ísland keppanda í lyftingum á Ólympíuleikana? 32



**Menning** Óður og Flexa er fyrsta frumsamda barnaverkefni Íslenska dansflokksins í 15 ár. 38-44

**LÍFIÐ** Tónleikahald á Íslandi tekur við sér á ný. 48-54

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● VEISLUÞJÓNUSTUR OG SALIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðaustan 5-13 og él á Vestfjörðum í dag, en annars hægari. Él um landið N-vert seinnipartinn og snjókoma víða sunnan til á landinu um kvöldið. Frost 0 til 12 stig, kaldast í innsveitum NA til. SJÁ SÍÐU 42

# Aldrei aftur Auschwitz



Fólk safnaðist saman í Auschwitz-Birkenau, útrýmingarbúðum nasista í Póllandi frá síðari heimsstyrjöld, á alþjóðlegum degi til minningar um fórnarlömb Helfararinnar. Um er að ræða stærstu útrýmingarbúðir nasista. Fangar þar voru frelsaðir af her Sovétríkjanna 27. janúar 1945. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Ellemann-Jensen. NORDICPHOTOS/AFP

## Danir vilja ekki líkjast nasistum

**DANMÖRK** „Þessi samanburður er svívirðilegur og vanvirðing við fórnarlömb Helfararinnar," segir Jakob Ellemann-Jensen, þingmaður danska ríkisstjórnarflokksins Venstre, um samanburð nýrra laga, sem heimila danskri lögreglu að gera eignir flóttamanna upptækar, við gjörðir nasista í seinni heimsstyrjöld.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sendi frá sér yfirlýsingu þar sem lögin voru sögð ýta undir ótta og útlendingahatur.

Ellemann-Jensen segir lögin hins vegar mjög misskilin. – þea

## Ekki sama hver ekur ofurhratt

**AKRANES** „Það varð skemmtilegur árekstur á milli okkar og bæjarins fyrir um það bil þremur árum," segir Þórður Bragason, formaður Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur, sem kveður koma á óvart að tökur á kappakstursmyndinni Fast 8 eigi að fara fram á götum Akranesbæjar á næstunni.

Þórður segir bæjaryfirvöld hafa fyrir þremur árum hafnað því að nokkurs konar hraðakstur færi fram á Akranesi því það skaðaði þá ímynd bæjarins að hann væri friðsæll og fjölskylduvænn bær.

„Við sóttum um leyfi til að fá að keyra eina sérleið á hafnarsvæðinu og beiðninni var hafnað því það skaðaði ímynd bæjarins. Ég veit ekki hvort tökurnar innihalda kappakstur af einhverju tagi en furðaði mig samt á þessu," segir Þórður Bragason í samtali við Fréttablaðið. – kbg

## Sanders leiðir naumlega í Iowa

**BANDARÍKIN** Bernie Sanders mælist nú með fjögurra prósentustiga forskot á Hillary Clinton í Iowaríki. Íbúar Iowa kjósa á mánudag og er það fyrsta ríkið til að kjósa í forkosningum um hver verður forsetaframbjóðandi demókrataflokksins í Bandaríkjunum.

Alls mælist Sanders með 49 prósenta fylgi í ríkinu en Clinton 45 prósent. Þá mælist þriðji frambjóðandinn, Martin O'Malley, með fjögurra prósenta fylgi. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Quinnipiac-háskóla.

Repúblikanar í Iowa kjósa einnig á mánudag. Þar hefur Donald Trump tveggja prósentustiga forskot á öldungadeildarþingmanninn Ted Cruz samkvæmt sömu könnun. Trump mælist með 31 prósent en Cruz 29. Trump tilkynnti það á þriðjudag að hann hygðist ekki taka þátt í kappræðum flokks síns sem fram fara í kvöld vegna óánægju með val á umræðustjórnandanum Megyn Kelly. – þea






# Sökk þrjátíu metra til botns við köfun í Silfru

**Kínversk kona á þrítugsaldri sökk til botns í köfunarslysi í Silfru. Konan lá enn á gjörgæsludeild í gær, afar þungt haldin. Sérsveit ríkislögreglustjóra og reyndir kafarar aðstoðuðu við rannsókn málsins. Lögregla segir yfirheyrslum lokið.**

**SLYS** Kínverska konan sem nú liggur þungt haldin á gjörgæsludeild Landspítalans eftir alvarlegt köfunarslys í Silfru á Þingvöllum á þriðjudag kom til Íslands með eiginmanni sínum. Kínverska sendiráðið hefur verið honum innan handar og hafa foreldrar konunnar verið látnir vita af mjög alvarlegu ástandi hennar. „Kínverska sendiráðið hefur veitt mikla aðstoð vegna þessa hörmulega atburðar og gert margar ráðstafanir til þess að veita vernd og ráðgjöf til þeirra kínversku ríkisborgara sem eiga hlut að máli," segir í svari frá sendiráðinu.

Rannsókn lögreglu á því hvernig og hvers vegna slysið varð er enn í fullum gangi en yfirheyrslum er lokið. Þorgrímur Óli Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á Suðurlandi, segir fjölmarga koma að rannsókn málsins. „Sérsveit ríkislögreglustjóra, slökkvilið og kafarar frá Landhelgisgæslunni aðstoðuðu við það verk að ná stykkjum og hlutum af búningi konunnar upp af botninum. Hún sökk þrjátíu metra til botns."

Bannað er að kafa í Silfru á meira en 18 metra dýpi. Þorgrímur Óli segir konuna ekki hafa farið á mikið dýpi. „Hún virðist hafa lent í einhverju sogi eða niðurstreymi, hefur mögulega farið inn í sprungu og verið svolítið falin. Á botninum lágu hylki og eitthvað fleira."

Konan var við köfun á vegum ferðaþjónustufyrirtækis og með leiðsögumann með sér. Leiðsögumaðurinn og annar úr hópi kafara náðu konunni upp af botninum. „Við rannsökum hvers vegna hún sökk, hvað gerðist, hvort farið var eftir reglum og hvort búnaðurinn hafi verið í lagi. Tæknideild lögreglunnar fer yfir búnaðinn," segir Þorgrímur Óli og vill ekki gefa upp um hvaða ferðaþjónustufyrirtæki var að ræða.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem köfunarslys verður í Silfru, þetta er í raun þriðja alvarlega slysið á síðustu sex árum. Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir hátt á þriðja tug þúsunda ferðamanna kafa í Silfru á ári og segir mikilvægt að nú setjist allir aðilar, sem hafi aðkomu að þessum málum, niður og ræði það hvort herða þurfi reglur vegna köfunar í gjánni. „Það þarf að fara vandlega yfir þetta, hvort það þurfi frekari fjöldatakmarkanir eða strangari reglur. Við þurfum hreinlega að endurmeta stöðuna og skoða það hvort þetta er stöðugt sama hættan sem veldur slysum."

kristjanabjorg@frettabladid.is



Allt kapp er lagt á að ljúka rannsókn á slysi í Silfru. Kínversk kona liggur þungt haldin á gjörgæsludeild Landspítala. Eiginmaður konunnar fær aðstoð kínverska sendiráðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Hún virðist hafa lent í einhverju sogi eða niðurstreymi, hefur mögulega farið inn í sprungu og verið svolítið falin. Á botninum lágu hylki og eitthvað fleira.
>
> Þorgrímur Óli Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn




KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA • 156166

# Vilja 150 milljónir og níu lóðir í skiptum fyrir jarðir á Arnarnesi

**SKIPULAGSMÁL** Landeigendurnir á Arnarnesi vilja fá 150 milljóna króna peningagreiðslu auk níu lóða í fyrirhugaðri byggð í Hnoðraholti í Garðabæ í skiptum fyrir fjögur svæði á Arnarnesi. Garðabær segist tilbúinn að greiða 50 milljónir fyrir lóðirnar.

Landeigendurnir fóru fram á að Garðabær afhenti fjölbýlishúsalóð fyrir 12 íbúða fjölbýli, fjórar rað- húsa- eða parhúsalóðir og fjórar einbýlishúsalóðir. Bæjarráð Garðabæjar hafnaði tilboðinu og bókaði að í því fælist verulegt frávik frá þeim hugmyndum sem Garðabær hefur kynnt til lausnar í málinu.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, segir að meta mætti lóðirnar sem landeigendur vildu fá í skiptum að lágmarki á 150 milljónir króna og tilboðið í heild á 300 milljónir króna. Upphæðin væri sexfalt hærri en það sem Garðabær teldi sanngjarnt og því hafi tilboði landeigendanna verið hafnað með svo skýrum hætti.

> Garðabær telur sér ekki skylt að kaupa fjöruna nema einhverjir sérstakir hagsmunir séu fólgnir í því.
>
> Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar



Gunnar segir málið hafa komið upp í kjölfar breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar á árunum 2011 og 2012. Verslunarlóðum í eigu landeigenda við Hegranes og Æðarnes hefði verið breytt í íbúðarlóðir auk þess að ágreiningur sé milli bæjarins og landeigenda um eignarhald á Háholti. Þá vilji landeigendur að bærinn kaupi fjöruna á norðanverðu Arnarnesi. „Garðabær telur sér ekki skylt að kaupa fjöruna nema einhverjir sérstakir hagsmunir séu fólgnir í því að bærinn eignist fjöru.“

Viðræður við landeigendur muni því halda áfram að sögn bæjarstjórans. **– ih**

## Vill rannsókn á Borgunarsölu

**STJÓRNMÁL** Albert Guðmundsson, formaður Heimdallar, segir að til að eyða tortryggni og óvissu um söluferli Landsbankans á hlut í Borgun eigi að fara fram rannsókn á málinu.

„Ég tel þó að lærdómurinn sem draga megi af þessu máli sé sá að ríkið eigi ekki að standa í rekstri banka. Grunur um hagsmunaárekstra sem þessa væri ekki til staðar ef Landsbankanum hefði verið komið úr eigu ríkisins strax í byrjun kjörtímabilsins,“ segir Albert á Facebook-síðu sinni. „Til þess að eyða allri tortryggni og óvissu um þetta mál hvetur Heimdallur til þess að farið verði í rannsókn á málinu til þess að ganga úr skugga um hvort eitthvað misjafnt hafi átt sér stað.“ **– kbg**



Albert Guðmundsson, formaður Heimdallar

## Listamannalaun rædd á þingi

**ALÞINGI** Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, spurði Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra á Alþingi í gær hvort hann ætlaði að endurskoða úthlutunarreglur um listamannalaun. Hann velti því fyrir sér hvort Alþingi ætti ekki að úthluta listamannalaunum.

Illugi vill að ákvarðanir verði áfram í höndum listamanna. „Ég vil að þessar ákvarðanir séu í höndum listamanna en að þetta séu gagnsæjar ákvarðanir,“ sagði ráðherra.

Illugi kvað ábata samfélagsins af listamannalaunum óumdeildan. „Það er alveg gríðarlega mikilvægt fyrir fámennt málsvæði eins og okkar að það séu starfandi rithöfundar. Það er útilokað mál að ætlast til þess að það sé hægt að viðhalda íslenskri tungu einungis með þeim fjölda rithöfunda sem markaðurinn ber.“ **– kbg**

# Sagt upp því að hún vildi ekki skipta um stjórnmálaflokk

**Nazmie og Skender Dega voru ofsótt í Tropoje í Albaníu vegna stjórnmálaskoðana sinna. Þau misstu vinnuna, heilsuna og öryggið og flúðu til Íslands. Sonur þeirra er með geðklofa og fær ekki rétta meðferð og lyf í heimalandinu. Kærunefnd útlendingamála hefur gert fjölskyldunni að yfirgefa landið.**



Dega-fjölskyldan hyggst höfða einkamál á hendur ríkinu í því skyni að fá úrskurði kærunefndar útlendingamála snúið og freista þess að halda áfram að búa í örygginu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**SAMFÉLAG** Dega-fjölskyldan flúði Albaníu á síðasta ári sökum ofsókna vegna stjórnmálaskoðana og vegna lélegrar geðheilbrigðisþjónustu fyrir elsta soninn sem glímir við geðklofa.

Þann 14. október á síðasta ári synjaði Útlendingastofnun fjölskyldunni um hæli, dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og dvalarleyfi vegna sérstakra tengsla við landið. Þann 7. janúar staðfesti kærunefnd útlendingamála þá ákvörðun Útlendingastofnunar og gerði fjölskyldunni að yfirgefa landið. Sótt hefur verið um frestun réttaráhrifa þeirrar ákvörðunar og er beðið eftir niðurstöðu þar að lútandi.

Fyrst nú um þessar mundir kemur fjölskyldan fram í fjölmiðlum og segir sína sögu. Áður hafði hún óttast að segja sögu sína.

Þau Nazmie og Skender Dega bjuggu fyrir flóttann ásamt þremur börnum sínum, þeim Visar, Joniada og Viken, í Tropoje í Albaníu. Hjónin eru bæði kennaramenntuð og Skender er þar að auki með meistarapróf í stjórnsýslu og alþjóðarétti.

Stjórnmálaþátttaka Skenders hefur haft afdrifarík áhrif á velferð og öryggi fjölskyldunnar. Hann var félagi í albanska demókrataflokknum. Eftir að flokkurinn lenti í minnihluta árið 2013 fann fjölskyldan fyrir mismunun.

„Ég var rekinn og fann fljótt að ég gat ekki fengið aðra vinnu. Það var útilokað. Það var búið að útskúfa mér,“ segir Skender sem kveður Nazmie einnig hafa verið rekna.

„Þá hafa okkur borist hótanir um líflát og ofbeldi frá valdamiklum manni í meirihlutanum sem er við völd í Tropoje. Við erum ekki örugg og getum ekki reitt okkur á aðstoð frá yfirvöldum. Spillingin er of mikil og ítök þess flokks sem nú er við völd ná til lögreglunnar.“

> Ég og konan mín erum útskúfuð, okkur hefur verið hótað og við óttumst mjög um líf okkar og velferð. Streitan sem aðstæður okkar hafa valdið hefur tekið sinn toll.
>
> Skender Dega

Nazmie tekur til máls: „Einn daginn var ég beðin um að skrifa undir plagg til að skrá mig í annan stjórnmálaflokk. Ég neitaði og var strax sagt upp störfum.“

Skender segir þau hafa fengið nóg. „Ég og konan mín erum útskúfuð, okkur hefur verið hótað og við óttumst mjög um líf okkar og velferð. Streitan sem aðstæður okkar hafa valdið hefur tekið sinn toll. Ég fékk heilablóðfall og sonur minn veiktist mjög skyndilega.“

Að sögn Skenders er geðheilbrigðisþjónustuna í Albaníu mjög vanþróuð og dýr.

„Heilbrigðiskerfið er mjög veikburða og það er líka spillt. Lyf eru seld af einkaaðilum og alls ekki til nauðsynleg lyf við öllum sjúkdómum. Við þurftum að fara með drenginn úr landi til að fá greiningu og rétt lyf. Nú þegar hann er kominn til Íslands svarar hann í fyrsta skipti meðferð,“ segir Skender.

Kærunefnd útlendingamála hefur vísað fjölskyldunni úr landi taka dómstólarnir við. Fjölskyldan hyggst höfða einkamál gegn ríkinu í því skyni að fá úrskurðinum snúið við og freista þess þannig að fá að halda áfram að búa í örygginu á Íslandi.

„Við getum ekki farið til baka. Þá er þetta bara búið,“ segir Skender.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**






# Ekki ráðlagt að pína börn í skólann

**VELFERÐARMÁL** Síðustu vikur hefur mikil umræða verið á vefmiðlum um að foreldrar eigi ekki að halda börnum heima ef þau eru kvíðin eða illa fyrirkölluð.

Vísað hefur verið til Bretlands þar sem foreldrar eru sektaðir ef börnin mæta ekki í skólann án gildrar ástæðu.

Vegna þessa hefur umboðsmaður barna sent frá sér óformlega yfirlýsingu á Facebook-síðu embættisins. Í yfirlýsingunni kemur fram að lögð sé áhersla á að það sé hlustað á börn og að tekið sé mark á þeim.

Umboðsmaður tekur fram að vissulega sé mikilvægt að tryggja mætingu barna og að foreldrar setji heilbrigð mörk en ef barnið treystir sér ekki í skólann eigi að meta hvert tilvik fyrir sig út frá hagsmunum barnsins. Einnig að það þurfi að komast að rót vandans og veita barninu þá aðstoð sem það þarf.

„Því miður skortir verulega upp á aðstoð og þjónustu við börn með andleg vandamál hér á landi og þarf því að beina sjónum að því að bæta kerfið þannig að börnum sé tryggð sú aðstoð sem þau eiga rétt á,“ segir í hinni óformlegu orðsendingu umboðsmanns á Facebook-síðu embættisins. **– ebg**



Umboðsmaður barna telur að bæta verði kerfið áður en börn eru þvinguð í skóla gegn vilja sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Því miður skortir verulega upp á aðstoð og þjónustu við börn með andleg vandamál.
>
> Umboðsmaður barna




ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. ◆ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. $CO_2$ losun 108/125 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Flestir flóttamenn til Evrópu koma að landi í Grikklandi. MYND/AFP

# Brugðist við mikilli neyð

**MANNÚÐARMÁL** Rauði krossinn á Íslandi veitti í gær 25 milljónir króna til að svara kalli Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans vegna neyðarástands í Grikklandi. Í nóvember á síðasta ári var hjálparstarfið enn fremur styrkt um 13 milljónir króna og er heildarupphæðin til hjálparstarfs á Grikklandi um 38 milljónir. Í yfirlýsingu frá Rauða krossinum segir að það sé ekki síst framlag utanríkisráðuneytisins sem geri Rauða krossinum kleift að styðja hjálparstarfið.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna áætlar að á þeim tæpa mánuði sem liðinn er af árinu 2016 hafi yfir 44.000 flóttamenn komist að ströndum Evrópu eftir hættuför yfir Miðjarðarhafið. Flestir þeirra koma að landi í Grikklandi.

Brýnustu verkefnin sem liggja fyrir starfsfólki og sjálfboðaliðum gríska Rauða krossins er dreifing vatns, matvæla og hreinlætispakka. Þá er flóttafólki veitt grunnheilbrigðisþjónusta og það aðstoðað við að komast í samband við viðskila ættingja og ástvini. – kbg

# Mótmælt með mjólk



Franskir bændur hella hundruðum lítra af mjólk á götur Parísar. Bændur í landinu hafa undanfarna daga mótmælt lágu verði búvara. Meðal annars hafa þeir lokað vegum með dráttarvélum, brennt dekk og staflað heyi fyrir framan dyr matvöruverslana. NORDICPHOTOS/AFP



Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tölur benda til minni endurvinnslu í fyrra

**SAMFÉLAG** Fyrstu tölur um skil á skilagjaldsskyldum umbúðum, gler- og plastflöskum og dósum, benda til þess að minna hlutfalli umbúða hafi verið skilað í fyrra en árin á undan. Þó gæti það breyst þar sem ekki er von á lokatölum fyrir árið 2015 fyrr en í lok febrúar. Frá þessu greinir Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar.

„Það er erfitt að segja hvað nákvæmlega veldur, en skýring gæti verið í því að nokkur aukning er í drykkjargleri sem hefur lægra skilahlutfall og því að útlendingar sem ferðast hingað eru margir ókunnir okkar skilakerfi,“ segir Helgi.

Skil frá árinu 2007 hafa hins vegar aukist en þá voru skil í sögulegu lágmarki, um 78 prósent. Síðustu ár hafa skil hins vegar verið um 88 prósent. Alls hefur Endurvinnslan tekið á móti um tveimur milljörðum umbúða frá árinu 1989.

Helgi segir samanburð við önnur lönd hagstæðan Íslandi, meira að segja við hin Norðurlöndin. „Reglur þar leyfa að bætt sé við skil í skilakerfi öðrum endurheimtum umbúðum, til dæmis úr heimilissorpi, sem lagar opinberar birtar tölur frá þeim,“ segir Helgi. Hann segir þann árangur sem náðst hefur því að þakka að Íslendingar taki við beygluðum umbúðum, einir Norðurlanda.

> **Skýring gæti verið í því að nokkur aukning er í drykkjargleri sem hefur lægra skilahlutfall.**
>
> Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar.

Hins vegar er von á breytingum á þeirri reglu þar sem Endurvinnslan, í samstarfi við Sorpu, Skáta, Plastiðjuna Bjarg og Þroskahjálp, vinna að því að setja upp vélvæddar afgreiðslustöðvar til að auðvelda viðskiptavinum að koma með umbúðir. Þær vélar taka ekki á móti beygluðum umbúðum. – þea

# Segja vinnustaðanám mikilvægt samfélaginu

**Katrín D. Þorsteinsdóttir, forstöðumaður menntunar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins, segir vinnustaðanám mjög dýrmætt fyrir þjóðfélagið. Samtökin vilji auka jákvætt umtal um það. 160 fyrirtæki eru með í sáttmála um námið.**

**ATVINNA** Yfir 160 fyrirtæki hafa skrifað undir sáttmála Samtaka iðnaðarins um vinnustaðanám. Katrín D. Þorsteinsdóttir, forstöðumaður menntunar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins, segir sáttmálann mikilvægan til að styrkja samtalið milli skóla og fyrirtækja.

Í dag munu Samtök iðnaðarins standa fyrir málstofu helgaðri vinnustaðanámi undir yfirskriftinni: Þú færð pottþétt starf – atvinnurekendur axla ábyrgð á vinnustaðanámi, á Menntadegi atvinnulífsins. Þá verður sáttmálanum fagnað.

Fyrirtækin sem hafa staðfest sáttmálann lýsa yfir einlægum vilja til að auka aðgengi nemenda að vinnustaðanámi í fyrirtækjum til að efla og bæta iðn-, verk- og tæknimenntun ungs fólks.

„Það er mikill skortur á fagfólki, iðn-, verk- og tæknimenntuðu fólki. Á sama tíma heyrum við skólana tala um að það sé erfitt að fá vinnustaðanám (komast á samning). Hins vegar segja fyrirtækin að þetta sé ekki svona erfitt. Því er ljóst að fólk er ekki að tala nóg saman og þarna er einhver pottur brotinn,“ segir Katrín.

Að sögn Katrínar er óljóst hversu margir eru að leita að vinnustaðanámsplássi, þar sem tölfræði sé ekki til staðar. Vinnustaðasáttmálinn sé mikilvægur og samtökin vilji auka jákvætt umtal um vinnustaðanámið.



Katrín D. Þorsteinsdóttir, forstöðumaður menntunar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins, segist búast við því að fleiri fyrirtæki samþykki sáttmálann.

„Þetta er dýrmætt nám fyrir samfélagið, það eru ekki margir sem kveikja á því en við heyrum það hjá nemunum,“ segir Katrín. Samhliða verði herferð undir yfirskriftinni „Þú færð pottþétt starf“.

„Þar erum við að leggja áherslu á það að vinnustaðanám er spennandi og þú færð dýrmæta reynslu. Í allflestum löggiltum iðngreinum ertu með öruggt starf að námi loknu sem er vel launað ef þú stendur þig vel,“ segir Katrín sem bendir einnig á að verið sé að skiptast á nemum í vinnustaðanámi milli landa núna. „Þetta eru alþjóðleg starfsréttindi og það skiptir máli að kynna það betur.“

Katrín segir að viðtökurnar við sáttmálanum hafi verið mjög góðar.

„Við sjáum fyrir okkur að við munum halda áfram að skrá fyrirtæki á þennan lista og hafa hann aðgengilegan á vefsíðu okkar og fyrir skóla svo þeir viti hvert þeir eigi að leita á komandi tímum,“ segir Katrín D. Þorsteinsdóttir.

saeunn@frettabladid.is




SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

EINSTÖK TILBOÐ!
GERÐU FRÁBÆR KAUP
WWW.BÍLALAND.IS




FORD KUGA TITANIUM
Nýskr. 10/12, ekinn 99 þús. km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 3.190.000**
TILBOÐSVERÐ! 2.890 þús.




KIA SORENTO
Nýskr. 06/12, ekinn 64 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 5.190.000**
TILBOÐ kr. 4.390 þús.




BMW 318i
Nýskr. 02/08, ekinn 45 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.390.000**
TILBOÐ kr. 2.790 þús.




SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 06/11, ekinn 130 þús km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr. 2.890.000**
TILBOÐ kr. 2.390 þús.




KIA SPORTAGE EX
Nýskr. 02/15, ekinn 51 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 5.120.000**
TILBOÐ kr. 4.490 þús.




HYUNDAI ix35 COMFORT
Nýskr. 05/14, ekinn 78 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.590.000**
TILBOÐ kr. 3.990 þús.




HYUNDAI i40 WAGON PREMIUM
Nýskr. 05/12, ekinn 81 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.150.000**
TILBOÐ kr. 3.290 þús.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is



Gaye Edward og Sorcha Tunney eru hingað komnar til að vekja athygli á herferð Amnesty International fyrir breytingum á fóstureyðingalöggjöf Írlands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Berjast við ströng lög

**Írsk lög um fóstureyðingar eru enn í dag með þeim ströngustu í heimi. Þær Gaye Edward og Sorcha Tunney berjast fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar.**

**MANNRÉTTINDI** Fyrir fimmtán árum komst Gaye Edward að því, við reglubundna skoðun á 20. viku meðgöngu, að barnið sem hún bar undir belti væri með alvarlegan fósturgalla. Það myndi deyja stuttu eftir fæðinguna.

„Ég var tekin afsíðis og mér tjáð að fóstrið væri með galla sem heitir anencephaly, sem ég hafði aldrei heyrt um, en það er einn alvarlegasti fósturgalli sem til er,“ segir hún.

Anencephaly felst í því að hluta heilans vantar í fóstrið. Fóstureyðing kom hins vegar ekki til greina, þar sem Edward er írsk og írsk lög um fóstureyðingar eru afdráttarlaus, strangari en í öðrum Evrópulöndum og strangari en víðast hvar í heiminum. Engar fóstureyðingar má gera nema líf móðurinnar sé í hættu.

„Eina aðstoðin sem okkur bauðst var að það yrði vel hugsað um mig það sem eftir lifði meðgöngunnar,“ segir Edward. Hún fór því að líta í kringum sig og endaði á að fara til Bretlands, þar sem fóstureyðingar eru löglegar.

Hún er hingað komin á vegum mannréttindasamtakanna Amnesty International til að vekja athygli á ástandinu á Írlandi. Með í för er Sorcha Tunney, sem er aðgerðastjóri Amnesty International á Írlandi.

Í gærkvöld voru þær viðstaddar sýningu á heimildarmynd í Regnboganum, þar sem Edward og fleiri írskar konur skýra frá reynslu sinni. Myndina gerði Camilla Hamet, sem einnig er með í Íslandsferðinni.

> **Þetta eru svo margar konur að þetta hlýtur að snerta hverja einustu fjölskylda á Írlandi.**
>
> Gaye Edward

„Gaye er augljóslega ekki eina konan sem hefur þurft að takast á við þetta,“ segir Tunney. „Á hverjum einasta degi lenda tíu til tuttugu konur í þessu, þannig að við erum með eitthvað um 150 þúsund konur sem hafa reynslu af þessu. Þeim hefur liðið eins og glæpamönnum. Þetta er erfið ákvörðun og konan á ekki að þurfa að sitja ein uppi með hana.“

Þær Edward og Tunney eru hins vegar bjartsýnar á að breytingar séu í nánd.

„Staðan er sú að þjóðin er reiðubúin og stjórnmálamenn eru líka reiðubúnir, tel ég vera, en það eina sem vantar er að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni,“ segir Tunney.

„Það sem stendur í veginum er stjórnarskrárákvæði um jafnan rétt fósturs í móðurkviði til lífs. Það er ekki hægt að breyta lögum um þetta nema breyta stjórnarskránni fyrst, þannig að nú stendur það upp á ríkisstjórnina að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu.“

## Stjórnarskrárákvæðið frá 1983

„Ríkisvaldið viðurkennir rétt ófæddra til lífs og ábyrgist að þessi réttur sé virtur í lögum, að teknu tilliti til jafns réttar móður til lífs, og einnig að vernda hann og verja með lögum, svo fremi sem það er gerlegt.“

Þetta hefur verið túlkað svo að fóstureyðingar séu því aðeins leyfilegar að fæðing barns stofni lífi móður þess í hættu.

Stjórnarskrá Írlands verður ekki breytt nema með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hún segir að þjóðaratkvæðagreiðsla á síðasta ári um réttindi samkynhneigðra til að ganga í hjónaband, þar sem yfirgnæfandi meirihluti samþykkti það, sýni ótvírætt að viðhorfsbreyting sé að verða á Írlandi í málefnum, sem hingað til hefur þótt erfitt að ræða um.

„Þegar litið verður til baka þá tel ég að margt sé nú að gerast sem stuðlar að breytingum. Sérstaklega munar þar um það að konur stígi fram og ræði reynslu sína,“ segir Edward. „Þetta eru svo margar konur að þetta hlýtur að snerta hverja einustu fjölskyldu á Írlandi. En fólk veit það bara ekki vegna þess að það hefur ekkert verið talað um þetta.“

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Aðgerðahópur um rekstur Akureyrar

**AKUREYRI** Bæjarráð Akureyrar hefur ákveðið að stofna sérstakan aðgerðahóp utan um rekstur Akureyrarkaupstaðar. Í hópnum munu oddvitar allra flokka í bæjarstjórn eiga sæti ásamt bæjarstjóra og fjármálastjóra. Markmið með stofnun hópsins er að koma böndum á rekstur sveitarfélagsins til langs tíma.

Aðgerðahópurinn á að vinna að tillögum um að ná jafnvægi í rekstri bæjarins þannig að rekstur Aðalsjóðs verði jákvæður. Gert er ráð fyrir halla á þessu ári upp á um 350 milljónir króna. Einnig var tap á síðasta rekstrarári.

Gert er ráð fyrir að hópurinn fundi einu sinni í viku og skili tillögunum til bæjarráðs fyrir 15. apríl. **– sa**



Gert er ráð fyrir miklum halla á rekstri Akureyrarbæjar í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


ÖSKUDAGURINN NÁLGAST!
Sverð fylgir ekki
STAR WARS
Darth Vader með grímu
st. ca 4+ ára
3.999
Gríma og slá
st. 6+ ára
2.299
Darth Vader gríma
799
FROZEN
Hárkolla
2.499
Elsa
st. 3/4, 5/6, 7/8 ára
3.499
Skór
1.999
AUTHENTIC TRANSFORMERS
Transformers
Optimus Prime og Bumblebee
st. ca 4/5 ára
3.499
Hvolpasveit - Kappi
st. 1/2 ára
4.499
Töfrahetja
st. 3/4 - 5/6 ára
2.999
Töfrahetja
st. 3/4 - 5/6 ára
2.999
Íþróttaálfur
st. 3/4 ára
2.999
FRÁBÆRT VERÐ
Solla stirða
st. 3/4 ára
2.999
Indjánastelpa
st. 3/4, 5/6, 8/10 ára
1.969
Ninja
st. 3/4, 5/6, 8/10 ára
1.969
Fæst ekki í Borgarnesi, Njarðvík og Selfossi
Mikki mús
st. 5/6 ára
4.499
Mjallhvít
st. 3/4, 5/6, 7/8 ára
2.999
Doc. Mcstuffins
st. 3/4 ára
3.499
Allt vöruúrvalið fæst í Kringlunni, Skeifunni, Smáralind og Garðabæ, minna úrval í öðrum verslunum.
FYLGIHLUTIR Í ÚRVALI!
Verð frá
1.179
Verð
749
Verð
579
Verð
999
Verð
591
Verð
1.179
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Ný vinnubrögð og allir við sama borð

Útlit er fyrir að lendingu sé náð í viðleitni til að koma á vinnumarkaðskerfi að norrænni fyrirmynd. Bróðurpartur almenna og opinbera vinnumarkaðarins náði niðurstöðu um kjör til þriggja ára. Andrými er til að ljúka breytingum á vinnubrögðum við kjarasamninga.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



„Tími átaka og sundurlyndis sem áberandi var í aðdraganda kjarasamninga á síðasta ári er vonandi að baki,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), í leiðara síðasta fréttabréfs samtakanna. Hann vísar til þess að fyrir helgi skrifuðu SA og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) undir nýjan kjarasamning sem byggir á grunni svonefnds SALEK-samkomulags sem heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda skrifuðu undir í október og kveður á um breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga.

Með uppfærðum kjarasamningum á almenna launamarkaðnum á að tryggja því fólki sambærilegar kjarabætur og samið var um eftir vinnudeilur, verkföll og niðurstöðu gerðardóms um kjör hjúkrunarfræðinga og fólks í BHM á síðasta ári.

Hin hliðin á nýja samningnum er jöfnun lífeyrisréttinda. Réttindi á almenna markaðnum eru færð að því sem gerist hjá hinu opinbera. Þannig getur einstaklingur sem alla starfsævina greiðir í lífeyrissjóð samkvæmt nýju samkomulagi vænst þess að fá rúma þrjá fjórðu af meðaltalsmánaðartekjum á ævinni í mánaðarlegum ellilífeyrisgreiðslum, í stað 56 prósenta áður.

Við tekur kosning um nýja kjarasamninginn í aðildarfélögum ASÍ, en niðurstaða úr þeim á að liggja fyrir ekki síðar en 26. næsta mánaðar. Þá ganga þau félög sem standa utan ASÍ til samninga við SA um uppfærslu samninga sinna á sama grunni.

Núna er bara kosið um kjarasamninginn, en ekki nýtt samningalíkan. Kálið er nefnilega ekki sopið þó í ausuna sé komið.

„Mikil vinna er framundan við mótun samningalíkansins þar sem kallað verður eftir þátttöku aðildarfélaga og félagsmanna, meðal annars með fjölmennu stefnumóti í byrjun maí,“ segir í samantekt ASÍ. Hjá félögum opinberra starfsmanna á líka enn eftir að ná lendingu um hvernig endanlega verður farið með jöfnun lífeyrisréttinda. Þá liggur ekki endanlega fyrir með hvaða hætti ríkið styður við þessa tilraun til sáttar á vinnumarkaði, en þó hefur verið frá því greint að atvinnurekendur hafi fengið vilyrði um lækkun á tryggingagjaldi, á móti kostnaðarauka í tengslum við samningana.

Með því að samningar hafa náðst við bróðurpart vinnumarkaðarins á grundvelli bæði SALEK og samninga á opinbera markaðnum er hins vegar búið að kaupa frið út 2018 til þess að klára þau mál sem út af standa. Vonir standa til þess að greiða megi atkvæði um nýtt samningalíkan að norrænni fyrirmynd á vormánuðum 2017.

## SALEK fyrir félagsdómi

Ekki eru allir á eitt sáttir um þær breytingar sem unnið er að á fyrirkomulagi kjarasamninga. Norræna módelið gengur út á að áður en viðræður hefjast um nýja samninga hafi sérstakt þjóðhagsráð sammælst um það svigrúm sem sé til hækkana.

Verkalýðsfélag Akraness hefur vísað ákvæði um SALEK-samkomulagið í samningum við sveitarfélög til Félagsdóms og vill fá úr því skorið hvort það standist bæði lög um stéttarfélög og vinnudeilur og stjórnarskrá. Með ákvæðinu sé frjáls samningsréttur stéttarfélaga rýrður.

Í samantekt ASÍ er hins vegar áréttað að ekkert í samkomulaginu hrófli við ákvæðum vinnulöggjafarinnar um samningsrétt félaga. Með samkomulaginu sé einstökum félögum búið betra svigrúm til að sinna hagsmunum sinna félagsmanna. Málflutningur vegna deilunnar fer fram í Félagsdómi á morgun og er von á úrskurði fljótlega eftir það.

## 8,0% → 11,5%

## Lífeyrisréttindi jöfnuð:

Lífeyrisframlag launagreiðenda á almenna markaðnum fer úr 8,0 prósentum í 11,5 prósent, líkt og hjá hinu opinbera. Hækkunin felur í sér að fólki verður, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemur 76 prósentum af meðaltalsmánaðartekjum á starfsævinni.



Frá undirritun samkomulags SALEK-hópsins í október í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Breytingar í nýjum samningi SA og ASÍ

**Launaliðir**

- 2016: Í stað 5,5 prósenta launaþróunartryggingar kemur 6,2 prósenta almenn launahækkun, að lágmarki 15 þúsund krónur á mánuði. Hækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2016 í stað 1. maí 2016.*
- 2017: Í stað 3,0 prósenta almennrar launahækkunar 1. maí 2017 kemur 4,5 prósenta almenn launahækkun.
- 2018: Í stað 2,0 prósenta almennrar launahækkunar 1. maí 2018 kemur 3,0 prósenta almenn launahækkun.

**Lífeyrisréttindi**

Framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar og verður eftirfarandi:

- 2016: Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júní 2016 um 0,5 prósentustig og verður 8,5 prósent.
- 2017: Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júní 2017 um 1,5 prósentustig og verður 10,0 prósent.
- 2018: Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júní 2018 um 1,5 prósentustig og verður 11,5 prósent.

*Hafi launagreiðandi framkvæmt almenna hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna á tímabilinu 2. maí 2015 til 31. desember 2015 er heimilt að draga hana frá hækkuninni. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2 prósenta launahækkun frá 2. maí til 31. desember 2015, að lágmarki 15 þúsund krónur á mánuði.

## Hvað er SALEK?

Skammstöfunin SALEK stendur fyrir „samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga“. Samkomulagið í október er afrakstur vinnu sem hófst 2013 með úttekt BSRB, KÍ, BHM, ASÍ, SA og samninganefnda ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum, þar sem áhersla var lögð á heildarendurskoðun samningalíkansins, að því er fram kemur í samantekt ASÍ. Í áramótapistli Elínar Bjargar Jónsdóttur, formanns BSRB, kemur líka fram að það hafi verið að frumkvæði BSRB sem vinna við samkomulagið var tekin upp að nýju við gerð kjarasamninga síðasta haust. „Um er að ræða rammasamkomulag um sameiginlega vegferð við gerð kjarasamninga,“ segir hún.

# Dómsmálaráðherra segir af sér í mótmælaskyni

**FRAKKLAND** Dómsmálaráðherra Frakklands, Christiane Taubira, sagði af sér í gær í mótmælaskyni við lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar þess efnis að svipta beri franska ríkisborgara, sem sakfelldir hafa verið fyrir hryðjuverk, ríkisborgararétti.

Taubira er ekki par hrifin af áformum ríkisstjórnarinnar. Hugmyndin um sviptinguna kom fram í kjölfar hryðjuverkaárásarinnar á París í nóvember.

Frá árásunum hafa frjálslynd viðhorf Taubira orðið til þess að hún varð ósammála stefnu ríkisstjórnarinnar í meiri mæli, sérstaklega þegar François Hollande forseti sagði að harðar yrði tekið á hryðjuverkamönnum og lýsti yfir neyðarástandi.

Á næstu dögum verða einnig lagðar fyrir þingið breytingartillögur á stjórnarskránni. Breytingarnar miða að því að einfalda yrði að lýsa yfir neyðarástandi.

Við neyðarástand fær lögregla lausan tauminn til að halda fólki í stofufangelsi og fara í húsleit án heimilda frá dómstólum.

Við af Taubira tekur þingmaðurinn Jean-Jacques Urvoas. Hann er fylgjandi stjórnarskrárbreytingunum og hefur aðstoðað Hollande við smíð þeirra.

Embættisstörf Taubira mörkuðust af frjálslyndum viðmiðum og fylgdi hún meðal annars eftir löggjöf um hjónavígslur samkynja para. Þá barðist hún einnig fyrir umbótum á starfi lögreglu sem og dómskerfisins alls.

Kynþáttafordómar flokks- og stuðningsmanna þjóðernishyggjuflokksins Þjóðfylkingarinnar, sem á tvö sæti í neðri deild franska þingsins, settu einnig svip á valdatíð hennar í dómsmálaráðuneytinu.

Taubira er fædd í Frönsku Gvæjana og er einn reyndasti stjórnmálamaður Frakka. Svo dæmi séu nefnd um kynþáttafordóma gegn Taubira líkti sveitarstjórnarframbjóðandi Þjóðfylkingarinnar henni við apa í fyrra. Þá veifuðu gestir eitt sinn banönum að henni á kappræðum.

„Stundum felst andstaða í því að halda áfram, stundum felst andstaða í því að hætta,“ sagði Taubira um tímamótin í gær. – þea




Franska blaðið Minute birti ímynd af Taubira með fyrirsögninni „Lævís sem api finnur Taubira bananann sinn“. NORDICPHOTOS/AFP

Stundum felst andstaða í því að halda áfram, stundum felst andstaða í því að hætta.



Christiane Taubira, fyrrverandi dómsmálaráðherra Frakklands

Embættisstörf Christiane Taubira mörkuðust af frjálslyndum viðmiðum og fylgdi hún meðal annars eftir löggjöf um hjónavígslur samkynja para. Þá barðist hún einnig fyrir umbótum á starfi lögreglu sem og dómskerfisins alls.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is



# ÚTSÖLULOK Í MÚRBÚÐINNI!

## Síðustu dagar! Enn meiri afsláttur!

**Útsölunni lýkur á laugardag!** (30.janúar)

Sturtuhorn og klefar 15-50% ~~15-30%~~ AFSLÁTTUR

Stálvaskar 30-40% ~~30%~~ AFSLÁTTUR

Keramik handlaugar 20-60% ~~20-50%~~ AFSLÁTTUR

Flísar 30-60% ~~30-50%~~ AFSLÁTTUR

NOKKRIR PRÚTTPALLAR

Harð-parket 20-40% ~~20-30%~~ AFSLÁTTUR

Asaki bor-/skrúfvélar 30-50% ~~25-50%~~ AFSLÁTTUR

Ryksugur (Iðnaðar & heimilsryksugur) 22-30% ~~20-22%~~ AFSLÁTTUR

WC 20-30% ~~20-25%~~ AFSLÁTTUR

Verkfæri 25-50% ~~25-40%~~ AFSLÁTTUR

Gúmmí-mottur 25-30% ~~25%~~ AFSLÁTTUR

Háþrýsti-dælur 30% ~~20%~~ AFSLÁTTUR

Smávörur allt að 50% AFSLÁTTUR

Verkfæra-kistur 20-40% ~~20-30%~~ AFSLÁTTUR

BoZZ hitastýrð blöndunartæki 30% ~~20%~~ AFSLÁTTUR

**og ótal margt fleira!**

Meiri gæði / Lægra verð — MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8 -18 |

MÚRBÚÐIN

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Ástand heimsins




1. Í bænum Lerwick á Hjaltlandi var að venju fjöldi fólks mættur að fylgjast með þegar kveikt var í víkingaskipi, sem er fastur liður í hinni árlegu vetrarhátíð Up Helly Aa. NORDICPHOTOS/AFP

2. Palestínskar konur fylgjast með þegar heimili fjölskyldunnar í Shuafat-hverfinu í austurhluta Jerúsalemborgar er lagt í rúst að skipan ísraelskra stjórnvalda, sem segjast í fullum rétti þar sem aldrei hafi verið gefið út byggingarleyfi fyrir húsið. NORDICPHOTOS/AFP

3. Hópur fyrrverandi fanga gengur þarna inn í Auschwitz-útrýmingarbúðirnar í Póllandi, þar sem þýskir nasistar myrtu meira en milljón manns á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Í gær var þess minnst að 71 ár var liðið frá því sovéskir hermenn frelsuðu fangana þar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

4. Töluverða þolinmæði þarf þegar mjakast er áfram í umferðinni í Dakka, höfuðborg Bangladess, þar sem gríðarmiklar umferðarteppur eru daglegt brauð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5. Eftirlíking af Eiffelturninum blasir við í bænum Tianducheng í Kína, en bærinn var reistur fyrir tæpum áratug. Þar búa um tvö þúsund manns, sem flestir vinna í skemmtigarði í nágrenninu. NORDICPHOTOS/AFP














PIPAR\TBWA • SÍA • 155599

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## HOLLUR OG GÓÐUR MORGUNVERÐUR




**298** kr. 750 g

**Euro Shopper Kornflögur,** 750 g




**598** kr. 518 g

**Cheerios Morgunkorn** 518 g




**698** kr. 2 kg

**OTA Haframjöl** 2 kg




**298** kr. 1 kg

**Bónus Tröllahafrar** 1 kg

## BYRJAÐU DAGINN MEÐ BÓNUS

Bio•Bú




**298** kr. 1 kg

**Euro Shopper Ávaxtamúslí,** 1 kg




**298** kr. 750 g

**Euro Shopper Múslí,** 750 g




**359** kr. 500 g

**Bónus Rúsínur** 500 g




**459** kr. 400 g

**Bónus Chiafræ** 400 g




LÍFRÆN JÓGÚRT

**249** kr. stk.

**Bio-Bú Grísk Jógúrt** Lífræn, 250 g




100kr verðlækkun

**268** kr. 770 g

**Myllu Heimilisbrauð,** 770 g
Verð áður 368 kr.

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**

NÝBAKAÐ!




**229** kr. 250 ml

**Innocent Smoothie** 250 ml




**259** kr. 4 stk.

**Bónus Brauðkubbar** Birki-, korn- eða kjarna, 4 stk.




**298** kr. 1 l

**Almond Dream** Möndlumjólk, 1 l

VALITOR

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **31. janúar** a.m.k.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU




1.298 kr. kg

**Bónus Grísahnakkasneiðar**
Úrbeinaðar, ferskar




698 kr. kg

**Bónus Grísahakk**
Ferskt

Ali



598 kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur

## GOTT VERÐ Í BÓNUS




1.398 kr. kg

**Egils Síld**
Í flökum, reykt

norðanfiskur

ÍSLENSKUR LAX




1.998 kr. kg

**Norðanfiskur Lax**
Beinhreinsaður, frosinn

ÍSLANDS NAUT

ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT




2.998 kr. kg

**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk




3.998 kr. kg

**Íslandsnaut**
**Ungnauta Fillet,** ferskt

## ATTRALUX LED LJÓSAPERUR




598 kr. stk.

**Attralux Ljósapera**
LED, E27, 40W.




598 kr. stk.

**Attralux Ljósapera**
LED, E27, 60W.




459 kr. stk.

**Attralux Ljósapera**
LED, E14, 25W.




459 kr. stk.

**Attralux Ljósapera**
LED, E14, 25W.




698 kr. stk.

**Attralux Ljósapera**
LED, G5,3, 35W.




498 kr. stk.

**Attralux Ljósapera**
LED, G10, 35W.

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

## ÝMISLEGT FYRIR BÍLINN Í BÓNUS




498 kr. 5 l

**Rúðuvökvi**
Frostþol -9°C, 5 l




398 kr. 2,5 l

**Rúðuvökvi**
Frostþol -18°C, 2,5 l




598 kr. 1 l

**Tjöruhreinsir**
1 lítri

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00


Vatnsskarð tengir héruð á Norðurlandi vestra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Illskiljanleg breyting

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) mótmæla þeim hugmyndum um breytingu á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að tekjum sjóðsins vegna hlutdeildar í skatti á fjármálafyrirtæki verði ráðstafað í samræmi við álagt útsvar ársins 2014.

Meðalútsvar sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna er sagt hafa verið lægra en meðalútsvar á landinu. Því muni sveitarfélög NV-lands bera minna úr býtum eftir breytinguna.

„Það er illskiljanlegt hvernig það getur talist sanngjarnt eða samræmst lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem skýrt kemur fram að hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum, að sérstöku framlagi Jöfnunarsjóðs skuli eiga að ráðstafa þannig að þau sveitarfélög sem þegar hafa mestar tekjur fái bróðurpartinn af tekjum Jöfnunarsjóðs af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki,“ segir í ályktuninni. – sa

# Saka hvorir aðra um að hindra samkeppni á matvörumarkaði

Forsvarsmenn Bændasamtakanna og verslunarinnar gagnrýna hvorir aðra um að standa samkeppni fyrir þrifum á matvörumarkaði. Forstjóri Haga segir Bændasamtökin fara með ósannindi. Álagning sé í lágmarki á landbúnaðarvörum. Bændasamtökin segja lækkanir gjalda og gengisstyrkingu ekki skila sér til neytenda.

**SAMKEPPNISMÁL** Forsvarsmenn Bændasamtakanna og verslunarinnar telja hvorir um sig hina standa í vegi fyrir samkeppni á matvörumarkaði.

Í skýrslu Bændasamtakanna um matvöruverð er fullyrt að lækkanir á sköttum og gjöldum auk styrkingar á gengi krónunnar hafi ekki skilað sér í lækkunum á vöruverði á dagvörumarkaði. Vísbendingar séu um að álagning innlendra birgja og smásöluverslana hafi hækkað á innflutningi.

Er Samkeppniseftirlitið hvatt til að beita sér meira til að auka samkeppni á dagvörumarkaði. Stjórnvöld og fleiri þurfi að beita sér svo lækkanir á álögum og gjöldum skili sér til neytenda.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir skýrsluna með ólíkindum, í henni sé fjöldi rangfærslna og ósanninda.

„Að þetta sé þakklæti þessara forystumanna til verslunarinnar,“ segir Finnur. Fullyrðingar um háa álagningu dagvöruverslana séu rangar.

„Landbúnaðarvörur eru seldar hér með algjörri lámarksálagningu og það vita Bændasamtökin,“ segir Finnur.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, gagnrýnir einnig skýrsluna.

„Það er gripið í ýmis hálmstrá um að hátt matvælaverð á Íslandi sé öðru að kenna en skorti á samkeppni í íslenskum landbúnaði,“ segir Ólafur.

> Það er gripið í ýmis hálmstrá um að hátt matvælaverð á Íslandi sé öðru að kenna en skorti á samkeppni í íslenskum landbúnaði.
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

„En eitt stærsta atriðið til að tryggja samkeppni á íslenskum matvörumarkaði í heild er að innlendir matvælaframleiðendur fái meiri erlenda samkeppni. Bændasamtökin hafa borið sig illa undan erlendri samkeppni í formi vöru í lægri tollum sem komið hefur inn á þennan markað,“ segir Ólafur.

Aö sögn Ólafs er samkeppni í innflutningi og heildsölu á matvöru svo mikil að fyrirtæki hafi ekki efni á að sleppa verðlækkunum þegar gengisstyrking eða lækkanir gjalda gefi tilefni til þess.

„Við erum algjörlega sammála því að það þurfi að vera hörð samkeppni á matvörumarkaði. Við teljum að hún sé mikil í innflutningi og á heildsölustiginu en hún mætti vissulega vera meiri og fleiri aðilum til að dreifa í smásölunni.“ ingvar@frettabladid.is


Sindri Sigurgeirsson er formaður Bændasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Gagnrýnir villandi framsetningu

Ólafur segir framsetningu í skýrslunni villandi. Meðal annars sé vitnað í verðlagskönnun ASÍ því til stuðnings að niðurfelling vörugjalda hafi ekki skilað sér í verðlækkunum til neytenda. Könnunin sé hins vegar gölluð og villandi. „Þar var tekið samanburðartímabil sem hófst eftir að mörg fyrirtæki voru búin að bregðast við fyrirhuguðu afnámi vörugjalda með því að lækka verðið,“ segir Ólafur.

Þá sé einnig fullyrt að verð á nautahakki hafi hækkað um 15 prósent hér á landi árið 2014 þrátt fyrir að magntollar hafi verið lækkaðir og heimsmarkaðsverð hafi lækkað. Ólafur bendir á að tollarnir hafi verið lækkaðir úr 510 krónum á kíló, sem séu „ofurtollar“ sem ekkert hafi verið flutt inn á, í 270 krónur á kíló. Þetta hafi verið gert til að bregðast við skorti á nautakjöti á innanlandsmarkaði. Lægri tollarnir séu hins vegar svo háir að þeir geti numið 35 til 55 prósent af innflutningsverði vörunnar. „Þó að innflutningur hafi aukist er ekkert sem segir að það leiði til verðlækkunar ef ríkið heldur áfram að leggja háa tolla á innflutning.“






Fólk um allan heim treystir stjórnvöldum til þess að taka á djúpstæðum vanda. NORDICPHOTOS/AFP

# Fátt nýtt að frétta af skuldbindingum Íslands

**UMHVERFISMÁL** Settir verða ábyrgðarmenn yfir öll sextán verkefni sóknaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum í janúar og einnig þegar útfærslu flestra eða allra verkefnanna verður lokið. Fjármögnun sóknaráætlunarinnar liggur fyrir. Hins vegar virðist framhaldið vera óljóst, sérstaklega hvað varðar skuldbindingar til framtíðar litið.

Þetta má ráða af svari Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðherra við fyrirspurn Svandísar Svavarsdóttur, þingmanns Vinstri grænna og fyrrverandi umhverfisráðherra.

Verkefnin sextán miða að því að draga úr losun, auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti, styðja alþjóðleg loftslagsverkefni og efla getu stjórnvalda til að takast á við strangari skuldbindingar í loftslagsmálum. Átta verkefni miða að því að draga úr nettólosun í samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og landnotkun.

Í svarinu segir að verkefni í sóknaráætluninni fái flest fjárveitingu til eins til þriggja ára og að í mörgum verkefnanna séu fleiri fengnir að vinnu loftslagsverkefna en tíðkast hefur til þessa, og eru í þeim hópi fulltrúar sem tengjast atvinnulífinu.

Sóknaráætlunin var sett fram í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í desember og er ætlað að sýna vilja íslenskra stjórnvalda til að taka þátt í alþjóðlegu átaki gegn loftslagsbreytingum og búa í haginn fyrir væntanlegar hertar kröfur um losun eftir 2020.

Svandís spurði einnig hvernig vinnu við að útfæra losunarmarkmið Íslands gagnvart sameiginlegu markmiði Evrópusambandsins verði háttað. Fær hún það svar að Ísland hefur, líkt og Noregur, lýst yfir vilja til að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um losun til 2030. ESB hafi tekið vel í þá málaleitan en ekki hefur verið rætt um hvernig málinu verður fram haldið. „Það mun væntanlega skýrast á næstu vikum, þegar ríki taka til við að skipuleggja verkefni sem tengjast eftirfylgni Parísarsamkomulagsins,“ segir í svari ráðherra.– shá




**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630

**OPNUNARTÍMI**
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Verð og stærðir birt með fyrirvara um prentvillur.

# NEYTENDUR



Nýju reglurnar munu nú ná til flestallra ferðapantana sem neytandi raðar saman sjálfur. NORDICPHOTOS/GETTY

## Aukin vernd við netbókun

**FERÐIR** Evrópuþingið hefur samþykkt nýja tilskipun um ferðapakka. Helsta breytingin felst í nýrri og víðari skilgreiningu á pakkaferð og reglurnar munu nú ná til flestallra ferðapantana sem neytandi raðar saman sjálfur úr mismunandi þáttum.

Með því eykst neytendavernd ferðalanga verulega, t.d. í þeim tilvikum ef til gjaldþrots þjónustuveitanda kemur getur neytandi gengið að tryggingum sem bæta honum tjón. Auk þess er ferðaheildsölum skylt að veita neytendum meiri upplýsingar áður en gengið er frá kaupum.

Tilskipunina skal innleiða eigi síðar en 1. janúar 2018, að því er greint er frá á vef Neytendastofu. **– ibs**

**Ráð**
**Heimilið**



## Að tína upp glerbrot með brauðsneið

Þegar eitthvað brotnar á heimilinu og lítil glerbrot sitja eftir er ekki sniðugt að þurrka þau upp með servíettu eða tusku því þá er hætta á að skera sig. Gott húsráð er að nota þess í stað brauðsneið (það þarf bara hefðbundið heimilisbrauð) sem drekkur í sig glerbrotin. Veltu brauðsneiðinni upp úr glerbrotunum og hentu henni svo í ruslið. Þú ættir að ná öllum litlu brotunum með einni sneið.

**App**
**Strimillinn**

## Heldur utan um innkaup

Strimillinn er ókeypis vefur og app sem hjálpar einstaklingum að halda utan um öll sín innkaup, samhliða því að veita upplýsingar um verðlag og vöruframboð á Íslandi.

Appið er notað til að skanna strimla og fá sjálfkrafa yfirlit yfir eigin neyslu og gagnlegar ábendingar og tilboð sem samræmast innihaldi innkaupakörfu neytandans.

Verkefnið er í þróun og unnið að nýjum leiðum til að birta gögnin.

## 24 milljóna króna íbúðalán til 40 ára miðað við 2% verðbólgu

| Lánastofnun | Íslandsbanki | Landsbankinn | Arion Banki | Íbúðalánasjóður |
|---|---|---|---|---|
| **Óverðtryggt lán** | | | | |
| **Afborgun á mánuði** | 159.595 kr. | 145.428 kr. | 155.272 kr. | |
| **Samtals greitt yfir lánstímann** | **70.469.715 kr.** | **69.805.738 kr.** | **74.530.514 kr.** | |
| Árleg hlutfallstala kostnaðar** | 7,76% | 7,65/9% | 7,49/8,61% | |
| **Vextir á ári Húsnæðislán** | 7,25% fastir í 3 ár | 7,3% fastir í 3 ár | 7,15% fastir vextir í 3 ár | |
| **Viðbótarlán** | 8% breytilegir vextir* | 8,3% breytilegir vextir* | 8,15% breytilegir vextir* | |
| **Verðtryggt lán** | | | | |
| **Afborgun á mánuði** | 107.258 kr. | 140.866 kr. | 105.034 kr. | 157.765 kr. |
| **Samtals greitt yfir lánstímann** | **69.516.048 kr.** | **67.615.905 kr.** | **68.081.729 kr.** | **75.697.079 kr.** |
| Árleg hlutfallstala kostnaðar** | 6,37% | 6,07/7,17% | 6,02/7,11% | |
| **Vextir á ári Húsnæðislán** | 3,95% fastir vextir í 5 ár | 3,85% fastir vextir í 5 ár | 3,8% fastir vextir í 5 ár | 4,2% fastir vextir |
| **Viðbótarlán** | 4,85% fastir vextir í 5 ár | 4,65% fastir vextir | 4,75% breytilegir vextir* | |
| **Blandað lán** | | | | |
| **Afborgun á mánuði** | 137.825 kr. | 143.468 kr. | 126.817 kr. | |
| **Samtals greitt yfir lánstímann** | **70.227.017 kr.** | **68.865.061 kr.** | **73.557.215 kr.** | |
| Árleg hlutfallstala kostnaðar** | 7,19% | 7,66/6,09/9,94 % | 7,5/6,3% | |
| **Óverðtryggt húsnæðislán** | 7,25% fastir vextir í 3 ár | 7,3% fastir vextir í 3 ár | 7,15% fastir vextir í 3 ár | |
| **Verðtryggt húsnæðislán** | 3,95% fastir vextir í 5 ár | 3,85% fastir vextir í 5 ár | 4,05% breytilegir vextir* | |
| **Viðbótarlán, óverðtryggðir vextir** | 8% breytilegir vextir* | 8,25% breytilegir vextir* | | |

*Lán með breytilega vexti byrja í þeirri vaxtatölu sem nefnd er en breytast svo í samræmi við verðlag. **Mælikvarði á heildarlántökukostnað. *Heimild: Reiknivélar bankanna og Íbúðalánsjóðs*

# Hvernig á að kaupa sér íbúð?

Fjölbreyttar leiðir eru í boði fyrir fólk til að kaupa sér íbúð. Fólk þarf að velja hversu hátt lán það vill taka, hvort það vill verðtryggt eða óverðtryggt lán og hversu lengi það vill skuldbinda sig láninu.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

**FASTEIGNIR** Ungt par á þrítugsaldri hyggst kaupa sér íbúð sem kostar þrjátíu milljónir. Þau eiga þrjár milljónir á mann í útborgun og taka 24 milljón króna lán saman, eða sem nemur 80 prósentum af íbúðarkostnaði.

Ef parið tekur lán hjá einhverjum af þremur stóru bönkunum hefur það val milli verðtryggðra, óverðtryggðra og blandaðra lána og getur að hluta til ákveðið vextina. Ef það tekur lán hjá Íbúðalánasjóði stendur því þó einungis til boða verðtryggt lán með 4,2 prósent föstum vöxtum. Á fjörutíu árum getur parið séð fram á að greiða í kringum sjötíu milljónir fyrir húsnæðislán.

„Það sem fólk þarf að vita er að greiðslubyrði á verðtryggðum lánum er mun lægri en á óverðtryggðum lánum. En ef maður lítur aftur í tímann, þá hafa vextir á verðtryggðum lánum verið lægri en af óverðtryggðum lánum, að teknu tilliti til verðbólgu. Þau bera lægri raunvexti, verðtryggðu lánin. Þetta er eitt af því sem þarf að hafa í huga,“ þetta segir Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi.



Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, segir enga eina stærð af láni henta öllum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það er ágæt þumalputtaregla að miða að því að greiðslubyrðin fari því ekki yfir tuttugu og fimm prósent af tekjum.**
>
> Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi

„Annað sem þarf að hafa í huga er að með verðtryggðu láni er eignarmyndunin mun hægari, af því að maður borgar minna af láninu. Yfirleitt þegar maður er að horfa á það verður maður líka að taka tillit til þess að laun í landinu hafa að meðaltali hækkað mun meira en verðbólga yfir langan tíma, meira að segja frá haustinu 2008 hafa laun hækkað að meðaltali meira heldur en verðbólga. Þó að lánin séu að hækka þá hefur fólk verið að borga lægra hlutfall af launum sínum í afborganir af lánum, að meðaltali.“

Breki segir ekki hægt að fullyrða um hversu hátt hlutfall af íbúðarkostnaði fólk ætti að fá að láni. „Það er ekki ein stærð sem hentar öllum. Það fer eftir aðstæðum hjá fólki og hvaða sýn það hefur á framtíðina og svo framvegis. En það má kannski benda á að það var gerð rannsókn í Bretlandi á fjárhag þúsunda breskra heimila þar sem kom í ljós að ef greiðslubyrði húsnæðislána fór yfir tuttugu og fimm prósent af tekjum eftir skatt þá voru meiri en fimmtíu prósent líkur á að fólk lenti í greiðsluvanda. Það getur verið ágæt þumalputtaregla að miða að því að greiðslubyrðin fari því ekki yfir tuttugu og fimm prósent af tekjum,“ segir Breki Karlsson.

Það gæti borgað sig fyrir unga parið að vera í foreldrahúsum í smá tíma í viðbót. Ef þau myndu ná að safna tveimur milljónum í viðbót á mann og taka því tuttugu milljóna króna lán í stað tuttugu og fjögurra milljóna lán, myndi endurgreiðsla til Íbúðalánasjóðs til að mynda lækka um rúmlega tólf milljónir.



## Neytandinn

Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs

# Ekki sóa hita heima hjá þér og fjármunum

Röðun innbús hefur áhrif á orkuþörf við hitun húss. Á þetta bendir framkvæmdastjóri Orkuseturs, Sigurður Ingi Friðleifsson, og gefur eftirfarandi dæmi.

**Ofnar lokaðir af**

„Húsgögnum er oft stillt fast upp að ofnum en slík staðsetning truflar eðlilega hringrás loftsins um herbergið og hindrar geislun frá ofninum. Ofnar, sem lokast inni bak við gluggatjöld, nýtast illa þar sem gluggatjöldin draga úr varmagjöf þeirra. Þar sem ofnar eru undir gluggum ættu gluggatjöld ekki að ná neðar en að gluggakistu,“ segir Sigurður.

**Kaldir útveggir**

Hann getur þess einnig að bókahillur eða veggteppi á útvegg dragi úr loftstreymi við kaldan útvegginn og minnki þess vegna orkutap.

Útgeislun í gegnum glugga má minnka með því að draga rúllugardínur niður að næturlagi. „Það er svo jafnmikilvægt að draga frá á daginn og hleypa ókeypis hitageislun sólar inn í húsið,“ tekur Sigurður fram.

**Lofta á út í 10-15 mínútur**

Það er mikil sóun á hita og fjármunum að hafa glugga opna langtímum saman, að því er Sigurður greinir frá.

„Slík síloftun er afar ómarkviss leið til loftskipta og veldur miklu hitatapi. Skilvirkasta leiðin til markvissra loftskipta er að lofta vel út í 10-15 mínútur en hafa alla glugga lokaða þess á milli. Það er nauðsynlegt að endurnýja loft í híbýlum en að henda peningum út um gluggann er slæm aðferð við loftskipti.“ **– ibs**



Mikilvægt er að draga frá á daginn og hleypa ókeypis hitageislun sólar inn í húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# JANÚAR GLEÐI



## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SONAX VÖRUM TIL 31. JANÚAR



FÖSTUDAGUR · LAUGARDAGUR · SUNNUDAGUR 24 JANÚAR · MÁNUDAGUR 25 JANÚAR · ÞRIÐJUDAGUR 26 JANÚAR · MIÐVIKUDAGUR 27 JANÚAR · FIMMTUDAGUR 28 JANÚAR · FÖSTUDAGUR 29 JANÚAR · LAUGARDAGUR 30 JANÚAR · SUNNUDAGUR 31 JANÚAR

## DAGLEG OFURTILBOÐ ÚT JANÚAR!

**FIMMTUDAGUR 28 JANÚAR**

damixa



**DAMIXA** Zero, sturtutæki

12.457 kr.

30% AFSLÁTTUR

15557450
Almennt verð: 17.795 kr.

**FÖSTUDAGUR 29 JANÚAR**

Krono Original High Quality



**KRONO Original,** Elegant Eik harðparket, 192x1285mm.

1.295 kr./m²

41% AFSLÁTTUR

0113448
Almennt verð: 2.195 kr./m²

**LAUGARDAGUR 30 JANÚAR**



**KÓPAL** glitra allir litir 4 l.

4.395 kr.

30% AFSLÁTTUR

86620040
Almennt verð: 6.295 kr.

**SUNNUDAGUR 31 JANÚAR**



**ANNE** Kúpull 25cm E27 42W.

688 kr.

54% AFSLÁTTUR

52237039
Almennt verð: 1.495 kr.



NÝTT

**BAMBUS** loftljós 32cm E27.

12.995 kr.

52238288

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Hvert tilboð gildir í einn dag meðan birgðir endast.

NÝTT

**TRAPES** Loftljós 35cm 7xE27 án pera

14.995 kr.

52238286



**TRENTO** gólflampi 3xE14 svartur

14.995 kr.

52237486



NÝTT



**VICENZA** borðlampi, hvítur/króm 44cm E14

5.995 kr.

52237595



**DIAMOND** loftljós kopar/svart GU10

12.995 kr.

52238129/30

NÝTT

**PALLA** veggljós m/ segli. Svart/hvítt/króm/kopar.

5.995 kr.

52238257/58/59/60



byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




Toyota RAV4 Hybrid á bílasýningunni í Frankfurt í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Toyota selur áfram mest

Toyota er áfram stærsti bílaframleiðandi í heimi fjórða árið í röð, að því er BBC greinir frá.

Fyrirtækið seldi 10,15 milljónir bíla árið 2015. Það var rétt umfram væntingar, en minna en árið áður þegar fyrirtækið seldi 10,23 milljónir bíla. Í öðru sæti er Volkswagen með 9,93 milljónir seldra ökutækja og General Motors er í þriðja sæti með 9,8 milljónir seldra bíla.

BBC segir að bílaviðskipti hafi dregist saman á mörgum stöðum, líkt og í Bandaríkjunum og Japan, en einnig í mörgum nýmarkaðsríkjum. Volkswagen hafði verið á toppnum á fyrri helmingi síðasta árs, áður en dísilhneykslið kom upp.

Toyota hefur tilkynnt að fyrirtækið hyggist kaupa Daihatsu-verksmiðjurnar, en fyrirtækið á 51,2 prósenta hlut í þeim. – jhh




Hafnarnes - Gistiheimili

Höfn Hornafirði

Einstakt tækifæri til að eignast Gistiheimili á fallegum útsýnisstað staðsett einungis 2 km frá Höfn í Hornafirði.

Gistiheimilið 313,4 fm og er með 3ja herbergja íbúð, 10 herbergjum og er í fullum rekstri.

Óskað er eftir tilboði í eignina



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is



Gunnar S. Jónsson
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -





Mörkin 4

Til leigu



Bókaðu skoðun
Svan G. Guðlaugsson
aðstm. fasteignasala
og nemi til löggildingar fasteignasala
sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Verslunarhúsnæði á jarðhæð
- 463 fm mjög gott húsnæði á áberandi stað næg bílastæði



Nánari upplýsingar veitir
Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali
sími: 569 7000
oskar@miklaborg.is

Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð
– heil hæð 576 fm hægt að skipta henni í tvær einingar

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




Í máli Lárusar kom fram að Bankasýsla ríkisins hefði óskað eftir upplýsingum frá Landsbankanum um hvernig staðið var að sölunni á Borgun. Landsbankinn hefur þegar sagt að spurningunum verði svarað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Segir stjórnmálamenn ekki beita þrýstingi

**Nýjar upplýsingar um Borgunarmálið urðu til þess að Bankasýslan vill skýringar á söluferlinu. Stofnunin vill líka upplýsingar um alla selda eignarhluti frá 2009. Forstjóri stofnunarinnar segir sjálfstæði hennar vera algjörlega virt.**

Nýjar upplýsingar varðandi söluna á 31 prósents hlut í Borgun urðu til þess að Bankasýslan ákvað að krefjast skýringa frá bankaráði Landsbankans varðandi söluna. Þetta kom fram í máli Lárusar Blöndal, stjórnarformanns stofnunarinnar, á fundi fjárlaganefndar Alþingis í gær. Lárus og Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, voru gestir nefndarinnar.

Á fundinum var rætt um meðferð og sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Tilefnið var ekki síst sala Landsbankans á ríflega 31 prósents hlut í Borgun í nóvember 2014, en hluturinn var ekki seldur í opnu útboði. Í desember sama ár seldi Landsbankinn 38 prósenta hlut í Valitor.

Við söluna á Valitor var samið um að Landsbankinn fengi viðbótargreiðslur kæmi til sölu á Visa Europe til Visa International Service. Slíkir samningar voru ekki gerðir við söluna á Borgun.

Tilefni fundar fjárlaganefndar var einnig fyrirhuguð sala á 28,2 prósenta hlut ríkisins í Landsbankanum.

Í máli Lárusar kom fram að Bankasýsla ríkisins hefði óskað eftir upplýsingum frá Landsbankanum um hvernig staðið var að sölunni á Borgun. Í bréfi Bankasýslunnar til Tryggva Pálssonar, formanns bankaráðs, kemur fram að óskað sé skýringar fyrir 12. febrúar næstkomandi. Berist stofnuninni ekki fullnægjandi svör muni Bankasýslan óska eftir sérstakri rannsókn með vísan í 97. grein laga um hlutafélög. Lárus sagði Borgunarmálið þó ekki einu ástæðuna fyrir því að verið væri að óska eftir upplýsingum, heldur væri bankinn í söluferli.

„Við teljum ákaflega mikilvægt að þessi mál séu öll uppi á borðinu og hvað gekk á í þessu tilfelli. En jafnframt viljum við fá upplýsingar um sambærileg mál. Við förum fram á það að bankinn gefi okkur ítarlega skýrslu um sölumeðferð allra eigna í sölumeðferð. Þar á meðal fullnustueigna og samstæðna, allra hlutdeildarfélaga, dótturfélaga, hlutafélaga og annarra eignarhluta á árunum 2009-2015,“ sagði Lárus. Hann tók skýrt fram að í þessu fælist ekki nein ásökun á hendur Landsbankanum. „Heldur erum við fyrst og fremst að reyna að afla gagna þannig að við getum lagt mat á það hver staðan er.“

Lárus sagði að vegna söluferlisins á Landsbankanum þá gengi Bankasýslan enn lengra og vildi fá að vita um önnur mál alveg til 2009 til að reyna að fá skýra mynd af því hvað hefur verið að gerast í bankanum.

Lárus var spurður hvers vegna Bankasýslan hefði ekki brugðist fyrr við fréttum af sölunni á Borgun. Hann sagði að ástæða þess að óskað er eftir þessum upplýsingum væri sú að nýjar upplýsingar hefðu borist um málið undanfarna daga, meðal annars frá Samkeppniseftirlitinu, en á fimmtudag í síðustu viku sendi Samkeppniseftirlitið frá sér yfirlýsingu vegna fullyrðinga bankastjóra Landsbankans um að Samkeppniseftirlitið hefði gert kröfur um sölur á Borgun. Í yfirlýsingu Samkeppniseftirlitsins er fullyrt að slík skilyrði hafi ekki verið sett. Segir Samkeppniseftirlitið að sala Landsbankans á hlutum sínum í Borgun og Valitor og tilhögun hennar hafi alfarið verið á forræði og ábyrgð Landsbankans. Þá hafnar Samkeppniseftirlitið því að ráðstafanir þess hafi haft áhrif á skilmála eða viðskiptakjör sölunnar á Borgun. „Ég hugsa að það hefði ekki getað gerst miklu hraðar en þetta. Það koma viðbrögð við fréttum sem eru önnur en við hefðum gert ráð fyrir,“ sagði Lárus og benti þar á athugasemdir Samkeppniseftirlitsins.

Lárus sagði að þótt Bankasýslan skipaði alla bankaráðsmennina þá fengi stofnunin ekki upplýsingar um rekstur bankans frá degi til dags og gæti ekki skipað bankaráðsmönnum fyrir. „Við getum skipt þeim út en við getum aldrei brugðist við fyrr en eftir á. Þegar menn eru komnir í bankaráð á okkar vegum þá eiga þeir að kynna sér eigendastefnuna og fara eftir henni. En síðan er bara hægt að bregðast við eftir á. Til dæmis með því að gera það sem við erum að gera núna. Og það kannski leiðir til einhverra annarra aðgerða. Breytinga í bankaráði eða eitthvað í þá áttina ef við teljum ástæðu til þess,“ sagði Lárus. Það væri undantekning ef Bankasýslan gæti brugðist við ákvörðunum sem teknar væru í rekstri bankans áður en þær væru teknar.

> **Það eru aldrei nein afskipti úr ráðuneytinu, frá ráðherra eða nokkrum öðrum varðandi málefni bankanna. Og ég veit ekki til þess að stjórnarformaður hafi fengið það eða nokkur annar stjórnarmaður. Þannig að sjálfstæði stofnunarinnar er algjörlega virt.**
>
> Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar, gagnrýndi sölu Landsbankans á fleiri fyrirtækjum. Nefndi hann Húsasmiðjuna, EJS, Icelandic Group, Skýrr og Vodafone. Forstjóri Bankasýslunnar benti á að Icelandic Group, Vodafone, sem var hluti af Teymi og Húsasmiðjan hafi, ásamt fleiri fyrirtækjum, verið hluti af sölu Landsbankans á Vestia. Salan hafi verið undirrituð í ágúst 2010 og henni lokið í janúar 2011. Á þeim tíma hafi eiginfjárstaða Landsbankans verið undir lögbundnum mörkum. Athuganir Bankasýslunnar bendi til þess að á þessum tíma hafi verið um ákveðnar neyðarráðstafanir að ræða. Bankinn hafi hagnast töluvert á þessum viðskiptum og þannig öðlast möguleika á að bæta eiginfjárstöðu sína. „Þannig að hún fór úr því að vera undir lögbundnum mörkum yfir í það að vera í fullu samræmi við kröfur Fjármálaeftirlitsins,“ sagði Jón Gunnar.

Undir lok fundarins spurði Guðlaugur Þór hvort einhver ráðherra hefði haft samband við Bankasýsluna til þess að reyna að hafa áhrif á gjörninga inni í bönkunum. Því neitaði Jón Gunnar. jonhakon@frettabladid.is

herramanns

# Þorramatur

*Í Iceland færðu allan þann þorramat sem hugurinn girnist á frábæru verði*




OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# Hræðslan



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Danska þingið hefur samþykkt lög þar sem lögreglu er gert heimilt að leggja hald á eignir flóttamanna. Yfirvöld mega þannig gera fjármuni og hluti í fórum þeirra upptæka fari verðmæti þeirra yfir jafngildi 190 þúsund íslenskra króna. Þeir fá þó að halda eignum sem hafa tilfinningalegt gildi, til að mynda giftingarhringum.

Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, er meðal þeirra sem hafa gagnrýnt frumvarpið. Þetta sé ekki rétta leiðin til að taka á móti flóttafólki. Sýna þurfi samkennd og virðingu enda hafi það gengið í gegnum mikla erfiðleika. Kofi Annan, fyrirrennari hans, tók í sama streng og sagði frumvarpið sýna varhugaverða þróun í evrópskum stjórnmálum.

Mannréttindasamtök víðsvegar hafa gagnrýnt lagasetninguna og telja hana brjóta gegn alþjóðamannréttindasáttmálum. Skopmyndateiknari The Guardian teiknaði Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, með armband með merki nasista.

Því skal ekki neitað að stríðsátök í Miðausturlöndum, sem hafa orsakað mestu fólksflutninga frá síðari heimsstyrjöld, valda því að taka þarf ákvarðanir um hvernig skuli bregðast við. Slíkar ákvarðanir geta eðlilega þurft að vera stórar og afdrifaríkar. Í því felst hins vegar ekki að vestrænt lýðræðisríki geti stolist í reynslubanka útdauðra rasískra einræðisríkja.

Danska ríkisstjórnin segir lögin nauðsynleg til að hægja á komu flóttafólks. Með öðrum orðum þá eru þeir vísvitandi að níðast á skilgreindum minnihlutahóp innan eigin landamæra, taka eigur hans og afnema sjálfsögð réttindi til að fæla hann frá landinu. Haldlagning á eignum flóttamanna minnir svo óþægilega á þriðja ríkið og skopmynd breska teiknarans er svo beint í mark að það gerir meira en að vekja ugg, það veldur gríðarlegri hræðslu.

**Haldlagning á eignum flóttamanna minnir svo óþægilega á þriðja ríkið og skopmynd breska teiknarans er svo beint í mark að það gerir meira en að vekja ugg, það veldur gríðarlegri hræðslu.**

Ljóst er að sá veruleiki sem við þekkjum er að líða undir lok. Evrópskar ríkisstjórnir hafa dregið úr réttindum fólks á svæðinu vegna þessara fólksflutninga og ótta við hvað mögulega gæti gerst. Hvert einasta neikvæða atvik tengt flóttamönnunum er blásið út og orðræða sem áður var jaðarsett er orðin norm.

Norrænu velferðarríkin eru í vanda. Löndin eru meðal þeirra ríkustu á hnettinum, með hátt menntunarstig, sterk heilbrigðis- og velferðarkerfi og mikið öryggi. Þau hafa verið kyndilberar jafnréttis, frjálslyndis og mannréttinda. Ætla þau að standa vörð um gildi sín eða fylgja fordæmi frændanna í Danmörku og gefa sig algjörlega móðursýki og mannhatri á vald?

Svarið við þessu er sjálfsagt. Flóttamennirnir eru hópur fólks sem hefur upplifað meiri hörmungar en við getum ímyndað okkur. Þeir koma til Evrópu í leit að lífi án stríðsátaka og hörmunga. Þeir eru þannig í afskaplega veikri stöðu og liggja vel við höggi. Auðvitað eigum við að hjálpa þeim og verja, á sama hátt og alla þá sem minna mega sín.

Ef við bregðumst við á annan hátt þá erum við ekki bara að gefast upp á þeim grunngildum sem eru hornsteinar okkar samfélags. Við erum að gefast upp á mennskunni.

## Halldór









## Frá degi til dags

**Agalausir alþingismenn**
Eitt mesta hitamálið í samfélaginu þessa dagana, Borgunarmálið, var til umræðu hjá fjárlaganefnd Alþingis í gær. Það vakti athygli að þingmenn voru misjafnlega stundvísir á fundinum. Flestir voru mættir áður en hann hófst, á slaginu átta. Tveir nefndarmenn mættu þó allt of seint og misstu af stórum hluta. Það var Oddný Harðardóttir, sem mætti hálf níu, og Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem mætti rétt fyrir níu og tók því engan þátt. Oddný skýrði fjarveru sína með því að hún væri enn á sumardekkjum og það hefði seinkað henni. Haraldur gaf engar skýringar.

**Sælkerinn við Lækjargötu**
Félagshyggjumenn við Háskóla Íslands buðu öllum alþingismönnum í vöfflur í kosningamiðstöð sinni við Lækjartorg. Sjálfur forsætisráðherrann, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fékk persónulegra boð en margir aðrir því að stærðar borði var hengdur upp gegnt Stjórnarráðshúsinu með boðinu. Þótt engar fréttir hafi borist af því að Sigmundur hafi þegið boðið má samt óhikað fullyrða að það hafi verið vel til fundið hjá stúdentunum. Þeir vita, eins og margir aðrir landsmenn, að ráðherrann slær ekki hendinni á móti góðum veitingum. Svo er bara að bíða og sjá hvort ráðherrann slái ekki örugglega til.

jonhakon@frettabladid.is

# Græna raforkan gullkista Norðurlandanna



Gústaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

Græn raforka gæti orðið næsta stóra útflutningsævintýri Norðurlandanna að mati samtaka raforkufyrirtækja annars staðar á Norðurlöndunum, sem reyna nú í sameiningu að tryggja bætt aðgengi að evrópskum markaði gegnum þýska flutningskerfið. Á evrópskan mælikvarða er hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa hátt í öllum ríkjunum og nýlega gaf Alþjóðaorkumálastofnunin það út að Norðurlöndin væru eins konar grænt orkuver Evrópu til framtíðar. Að mati norrænu samtakanna er græna raforkan því sannkölluð gullkista Norðurlandanna og nauðsynlegt að efla flutningskerfin til að hægt sé að koma henni á markað, t.d. með aukinni uppbyggingu sæstrengja.

**Nýlega gaf Alþjóðaorkumálastofnunin það út að Norðurlöndin væru eins konar grænt orkuver Evrópu til framtíðar.**

Evrópusambandið hefur lengi haft stefnu um sameiginlegan markað með raforku en víðast hvar vantar töluvert upp á í þeim efnum. Norðurlöndin fjögur – Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland – hafa hins vegar verið þarna í fararbroddi með öflugum tengingum sín á milli og raunverulegum samnorrænum raforkumarkaði. Þá hafa verið lagðir sæstrengir frá Norðurlöndum til annarra Evrópuríkja og fleiri slíkir eru í bígerð, m.a. frá Noregi til Bretlands.

Norðurlöndin hafa hins vegar árum saman kvartað undan lélegum aðgangi að þýskum raforkumarkaði sökum veiks flutningskerfis raforku í Norður-Þýskalandi og takmarkaðs aðgangs að því. Hafa samtökin hvatt stjórnvöld sinna ríkja til að hlutast til um bættan aðgang, jafnframt því að beina slíkum óskum til evrópskra eftirlitsaðila. Takmarkað aðgengi að þýskum raforkumarkaði kostaði Norðurlöndin um 500 milljónir danskra króna í töpuðum útflutningstekjum á liðnu ári, eða um 9,5 milljarða ÍSK, miðað við vannýtta flutningsgetu ríkjanna til Þýskalands.

Á Íslandi og í Noregi er hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa um 100 prósent í raforkuvinnslu. Þetta hlutfall er um 62% í Svíþjóð, 43% í Danmörku og 31% í Finnlandi. ESB-meðaltalið er rúm 25 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Gleymt og grafið? Nei, varla

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Fyrir röskum þrem árum, á 95. afmælisdegi rússnesku byltingarinnar 7. nóvember 2012, samþykkti Alþingi að skipa þriggja manna rannsóknarnefnd til að rannsaka einkavæðingu bankanna 1998-2003, þ.e. Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

**Alþingi lýsir grun**

Í þingsályktuninni segir: „Nefndin taki m.a. til umfjöllunar þá stefnu og viðmið sem lágu til grundvallar einkavæðingu bankanna og að hve miklu leyti þeim var fylgt í ákvarðanatöku og framkvæmd einkavæðingarinnar. Nefndin upplýsi nánar um undirbúning og framkvæmd á sölu eignarhluta ríkisins í umræddum bönkum, m.a. í því skyni að skýra ábyrgð ráðherra og annarra sem komu að sölunni. Nefndin upplýsi nánar um undirbúning og framkvæmd á sölu eignarhluta ríkisins í umræddum bönkum, m.a. í því skyni að skýra ábyrgð ráðherra og annarra sem komu að sölunni.

Nefndin fjalli um gerð og innihald samninga við kaupendur bankanna, mat á eignum bankanna og að hve miklu leyti það samræmdist söluverði þeirra, efndir samninga og undanþágur frá ákvæðum þeirra, þ.m.t. afslætti frá kaupverði. Þá verði fjallað um eftirlit og ábyrgð með framfylgd samninganna.

Nefndin beri einkavæðingu íslensku bankanna saman við sölu opinberra fjármálafyrirtækja í nágrannalöndum og leggi fram tillögur til úrbóta varðandi sölu á eignarhlutum ríkisins í framtíðinni.

Nefndin leggi mat á þær afleiðingar sem framkvæmd einkavæðingar bankanna hafði fyrir íslenskt samfélag.

Nefndin geri eftir atvikum ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur leikur á um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og geri jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu sinni til Alþingis.“

Takið eftir þessu: Alþingi lýsti grun um refsiverða háttsemi og brot á starfsskyldum.

Þingsályktuninni lauk með þessum orðum: „Rannsóknarnefndin skili forseta Alþingis skýrslu um rannsóknina eigi síðar en 1. september 2013 ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.“

**Einn sjálfstæðismaður, enginn framsóknarmaður**

Þingsályktunartillagan var samþykkt samhljóða með 24 atkvæðum, en 11 þingmenn sátu hjá og 28 voru fjarstaddir. Meðal þeirra ellefu þingmanna sem sátu hjá voru sjö ráðherrar í núverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, þar á meðal formenn beggja stjórnarflokkanna. Meðal þeirra 24ja þingmanna sem stóðu að samþykkt tillögunnar var Pétur H. Blöndal sem nú er látinn, en enginn annar sjálfstæðismaður og enginn framsóknarmaður studdi samþykktina.

> **Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks býst nú til að einkavæða banka á nýjan leik án þess að hafa gert upp við árin 1998-2003. Þeir sem neita að læra af sögunni eru dæmdir til að endurtaka hana.**

Takið eftir þessu: Með einni heiðvirðri undantekningu höfðu þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar engan áhuga á að rannsaka einkavæðingu bankanna og hefðu vísast fellt þingsályktunina hefðu þeir haft þingstyrk til þess.

Framhaldið þekkjum við. RÚV birti svohljóðandi frétt á 3ja ára afmæli þingsályktunarinnar 7. nóvember 2015: „Forseti Alþingis treystir sér ekki til þess að segja til um hvenær unnt sé að hefja rannsókn á einkavæðingu bankanna þótt 3 ár séu í dag liðin frá því að Alþingi samþykkti að gera slíka rannsókn. Henni átti að vera lokið fyrir rúmum tveimur árum.“

**Að læra af sögunni**

Hvað vitum við um einkavæðingu bankanna þótt rannsóknin sem Alþingi samþykkti að ráðast í hafi ekki enn farið fram? Við vitum að fyrri ásetningur um dreift eignarhald á bönkunum var að engu hafður. Við vitum að bankarnir voru seldir á „hóflegu verði“ að mati Ríkisendurskoðunar.

Við vitum að Búnaðarbankinn var seldur hópi manna í tengslum við Framsóknarflokkinn. Við vitum að brýnt var talið að „Landsbankinn kæmist í hendur manna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði a.m.k. talsamband við,“ svo vitnað sé enn til prentaðrar ritgerðar fv. ritstjóra Morgunblaðsins um fv. forsætisráðherra.

Við vitum að gjaldþrot beggja þessara banka og Glitnis eru samanlagt þriðja stærsta gjaldþrot fyrirtækja í sögu heimsins skv. upplýsingum Fjármálaeftirlitsins. Við vitum ýmislegt fleira um málið, en það er ekki nóg.

Þessar upplýsingar og aðrar þurfa að liggja fyrir í opinberri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eins og Alþingi hefur ákveðið. Þetta er nauðsynlegt m.a. til að tryggja að saga landsins sé rétt skráð og einnig sem víti til varnaðar. Málið er brýnt. Arionbanki og Landsbankinn sæta nú harðri gagnrýni fyrir að selja eigur úr safni sínu völdum aðilum á „hóflegu verði“ eins og ekkert hafi í skorizt. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks býst nú til að einkavæða banka á nýjan leik án þess að hafa gert upp við árin 1998-2003. Þeir sem neita að læra af sögunni eru dæmdir til að endurtaka hana.

# Fráleitar ásakanir í skjóli nafnleyndar



Steinþór Pálsson
bankastjóri Landsbankans




Í Skjóðunni í Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, voru í gær settar fram alvarlegar rangfærslur og dylgjur í garð stjórnenda Landsbankans í skjóli nafnleyndar. Óhjákvæmilegt er að bregðast við þeim.

Í Skjóðunni segir m.a. að það sé „ekki hægt að halda því fram að að mönnum hafi ekki verið kunnugt um söluna á Visa Europe, sem nú færir nýjum eigendum marga milljarða“.

Við í Landsbankanum höfum aldrei sagt að við vissum ekki af valréttinum milli Visa Inc. og Visa Europe.

**Ekkert lá fyrir um að Borgun ætti að fá greiðslur vegna Visa Europe**

Við söluna á Borgun lá á hinn bóginn ekkert fyrir um að Borgun ætti rétt á að fá greiðslur vegna hans. Þessar upplýsingar lágu heldur ekki fyrir við fyrri viðskipti með hluti í Borgun, s.s. á árunum 2010 og 2011, en valrétturinn er frá 2007.

Landsbankinn hefur fengið þær upplýsingar að greiðslur til Borgunar vegna Visa Europe byggist að mestu leyti á erlendum Visa-umsvifum á því rúmlega ári sem liðið er frá því bankinn seldi hlut sinn.

Stjórnendur Borgunar hafa greint frá miklum vexti í útlöndum á árinu 2015. Landsbankinn vissi af áformum um vöxt erlendis en taldi þau áhættusöm, m.a. í ljósi fyrri útrásarsögu íslenskra kortafyrirtækja. Gagnrýni á bankann fyrir að selja á röngum tíma er skiljanleg en hafa verður í huga að bankinn sá ekki fyrir – fremur en aðrir – greiðslur til Borgunar vegna Visa Europe.

Landsbankinn taldi mikilvægt að selja minnihlutaeign sína í báðum kortafyrirtækjunum til að stuðla að sátt á kortamarkaði, enda lá fyrir sú afstaða Samkeppniseftirlitsins að aðeins einn banki mætti vera í eigendahópi kortafyrirtækis.

Bankinn seldi 31,2% hlut sinn á 2,2 milljarða króna. Söluverðið var 88% hærra en eigið fé Borgunar sem telst hátt verð fyrir fjármálafyrirtæki.

**Mark tekið á gagnrýninni**

Fullyrðingar Skjóðunnar um ásetning stjórnenda um að valda bankanum tjóni og að eignum hafi verið komið til „sérvalinna vina“ eru ósannar og fráleitar.

Við höfum tekið mark á gagnrýninni á söluferlið. Við hefðum betur haft söluferlið opið og við höfum breytt stefnu okkar til samræmis við það.

Frá því fyrst var greint frá greiðslum til Borgunar vegna Visa Europe í sl. viku hefur Landsbankinn lagt sig fram við að svara fyrirspurnum fjölmiðla og almennings. Til að gera nánari grein fyrir sölunni á hlutnum í Borgun opnaði bankinn á mánudag upplýsingasíðu á vef sínum. Við vonum að sem flestir kynni sér málið, líka þeir sem rita pistla undir nafnleynd í fjölmiðla.



# Framtíð miðbæjarins – „í hvaða liði ertu?“



**Hjörleifur Stefánsson**
arkitekt

Satt að segja er erfitt að blanda sér í umræðuna um skipulags- og byggingarmál miðbæjarins. Hætt er við að maður verði fyrr en varir þvingaður niður í skotgröf öðrum hvorum megin við víglínuna – ella verður maður skotmark beggja. Ég vil taka skýra afstöðu sem hvorugum kann að líka – halda mig á víglínunni.

Í annarri skotgröfinni er forsætisráðherra þjóðarinnar ásamt skoðanabræðrum sem vilja knýja arkitekta til að byggja eftir hugmyndum frá upphafi 20. aldar.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að tillaga um að leggja aldar gamla teikningu Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins, til grundvallar samkeppni arkitekta um viðbygginu við Alþingishúsið sé ekki góð. Sá ágæti maður, Guðjón, fylgdist með tímanum og byggingarlist hans þróaðist eins og vera ber. Hann teiknaði hús í alþjóðlegum, klassískum anda í upphafi ferils síns, en síðar snerist hann meira til þjóðlegrar rómantíkur í bland við módernisma. Af hverju skyldum við nú í byrjun 21. aldar taka meira tillit til hins fyrra tímabils?

Ég er engu að síður sammála því sjónarmiði að í sögulegri vídd gamla bæjarins séu ómetanleg verðmæti sem okkur ber að gæta eins og sjáaldurs augna okkar og þar sem skemmdir hafa verið unnar á miðbænum í nafni módernismans ættum við að lagfæra þær og gera við það sem eyðilagt hefur verið.

### Sanntrúaðir módernistar

Í hinni skotgröfinni eru sanntrúaðir módernistar. Þegar fúnkis-„stíllinn“ ruddi sér til rúms vildu menn ganga milli bols og höfuðs á fyrri byggingarstílum og töldu þá vera til marks um úrelt viðhorf sem fyrstu módernistarnir hæddust að. Helst ætti að ryðja öllu slíku úr vegi fyrir „nútímabyggingarlist“. Frumkvöðlarnir fullyrtu að fúnkisstefnan væri ekki byggingarstíll heldur vísindalegt viðhorf til hlutverks byggingarlistar í samfélaginu. Fyrstu áratugina eftir að módernisminn kom til Íslands leit þorri arkitekta svo á að sögulegt gildi gamla bæjarins væri lítið sem ekkert og best færi á því að ryðja honum burtu.

Fljótlega kom hins vegar í ljós að fúnkisstefnan var bara enn einn stíllinn en hluti af sérstöðu hans var fyrirlitning á sögulegum gildum og illa grunduð upphafning á eigin ágæti sem að hluta til var ímyndað. Hugmyndin um vísindalegar aðferðir módernismans reyndust innantómt skrum.

Á hinn bóginn ber að líta til þess að vel hönnuð módernísk bygging getur búið yfir fegurð sem stenst fyllilega samanburð við klassísk meistaraverk á sviði byggingarlistar.

Þar sem klassísk bygging og fúnkishús standa saman hlið við hlið fer ekki milli mála að í svipmóti „nútímahússins“ er fólgin andúð á því gamla en ekki öfugt.

### Þurfa að sýna auðmýkt

Það sem við þurfum á að halda við uppbygginguna miðbæjarins er ekki hús sem byggð eru eftir teikningum látinna snillinga og við eigum heldur ekki að byggja þar hús sem með svipmóti sínu lýsa fyrirlitningu á gömlu byggðinni.

**Það sem við þurfum á að halda við uppbyggingu miðbæjarins er ekki hús sem byggð eru eftir teikningum látinna snillinga og við eigum heldur ekki að byggja þar hús sem með svipmóti sínu lýsa fyrirlitningu á gömlu byggðinni.**

Byggingar sem reistar eru í sögulegu umhverfi eiga skilyrðislaust að virða mikilvægi hinnar sögulegu víddar og leitast við að bæta hana og styrkja. Þær þurfa að sýna auðmýkt gagnvart þeim umhverfisgæðum sem felast í margbreytileika og mannlegum hlutföllum gömlu húsanna og þær mega gjarna sækja til þeirra fyrirmyndir um hvaðeina sem fallegt er.

En jafnframt á nútíma byggingarlist að færa sér í nyt ný efni og aðferðir og þróa áfram þá hlutfallafræði sem fúnkisstíllinn byggði á. Naumhyggja módernismans getur í höndum snillings skapað klassíska fegurð en oftar verður hún þó leiðinleg og fráhrindandi.

Tilvísanir í framúrskarandi þætti í sögulegum byggingum getur gætt nútímabyggingarlist aukinni dýpt og gert hana áhugaverðari en ella.



# Er umræðan hættuleg? Athugasemdir við fréttir af spillingu



**Jón Ólafsson**
stjórnarmaður í Gagnsæi (gagnsaei.is)

**Loks eru vangaveltunar um hættulegar afleiðingar af „ýktri mynd af spillingu“ úr lausu lofti gripnar, þar sem ekkert bendir til að mynd almennings sé ýkt. En jafnvel þó svo væri er hæpið að í nokkuð opnu og þróuðu, lýðræðisríki leiði meðvitund um spillingu til þess að spilling aukist.**

Ríkisútvarpið og visir.is sögðu nýlega frá því í fréttum sínum að Íslendingar hefðu „ýkta mynd af spillingu“ en með því var átt við að almenningur hér á landi virtist telja að spilling væri meiri en hún sé í raun og veru. Þessum tíðindum var svo fylgt eftir með vangaveltum um hvað þetta þýddi og hverjar afleiðingarnar gætu verið.

Niðurstaðan var sú að afar háskalegt væri að fólk hefði slíkar ranghugmyndir, ýkt mynd af spillingu gæti nefnilega leitt til aukinnar spillingar, þar sem fólk hefði tilhneigingu til að réttlæta eigin spillingu með því að „allir séu hvort eð er að haga sér svona“. Ekki var reynt að skýra þetta orsakasamhengi frekar, en fram kom að þetta væri „algengt í þriðja heiminum“.

Umfjöllun beggja fjölmiðla byggðist á fyrirlestri Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í stjórnmálafræði, um upplifun spillingar, en þar kynnti hann niðurstöður könnunar á því hve mikil spilling almenningur teldi að viðgengist á Íslandi. Í könnuninni var gerður greinarmunur á nokkrum tegundum spillingar, en samkvæmt henni telja Íslendingar spillingu talsverða í stjórnkerfinu: 70% telja að „mismunun“ sé algeng, um 60% að „fals“ og „sérhagsmunir“ hafi oft áhrif, 55% telja „mútur“ viðgangast, 35% „fjárdrátt“ og 25% „nauðung“.

Gunnar Helgi beindi athygli fréttamannanna hins vegar sérstaklega að því að miklu færri hafa persónulega reynslu af spillingu en þeir sem telja hana viðgangast. Innan við þriðjungur þeirra sem telja mismunun algenga hafa upplifað hana, einn fimmti þeirra sem telja fals og sérhagsmuni algenga hefur reynslu af slíku, og sömuleiðis eru þeir sem komist hafa sjálfir í tæri við mútur, fjárdrátt eða nauðung umtalsvert færri en þeir sem telja þetta viðgangast. Í viðtali í sjónvarpsfréttum kvaðst hann telja að það væri þjóðfélagsumræðan sem mótaði þessa upplifun af spillingu.

### Hátt hlutfall eða lágt?

Þegar gögnin eru skoðuð gagnrýnum augum vakna þó strax spurningar um fræðilegt réttmæti þessara ályktana. Tölurnar sem fréttamiðlarnir birtu virðast alls ekki benda til þess að almenningur hafi ýkta mynd af spillingu eða að þjóðfélagsumræða afvegaleiði hann.

Í fyrsta lagi er viðbúið að fáir telji sig hafa persónulega reynslu af spillingu jafnvel þó hún sé alvarlegt vandamál. Ef 20% fólks hafa persónulega reynslu af spillingu má einmitt telja líklegt að miklu fleiri en 20% fái vitneskju um að spilling viðgangist. 20% er reyndar nokkuð hátt hlutfall og þar að auki má gera ráð fyrir út frá tölunum að þeir séu enn fleiri sem hafa persónulega reynslu af einhverri tegund spillingar.

Einnig mætti halda því fram að hafi aðeins 70% vitneskju um spillingu sem 20% hafa orðið fyrir, bendi það til þess að spillingin sé vel falin. Hvers vegna eru það ekki 80 eða 90 prósent sem vita af spillingunni ef einn af hverjum fimm hefur persónulega reynslu af henni? Hvað með þá sem njóta góðs af spillingu – eru þeir líklegir til að viðurkenna spillta hegðun sem spillingu, jafnvel þó að þeir strangt tekið viti af henni?

### Meðvitund um spillingu er varla skaðleg

Í öðru lagi, jafnvel þótt því sé haldið fram að hlutfall þeirra, sem telja spillingu viðgangast en hafa ekki lent í henni sjálfir, sé hærra en búast mætti við, er ekkert sem segir að skoðun þeirra sé röng. Könnunin segir ekkert um þetta en í fréttunum var þrátt fyrir það sagt frá henni eins og gögnin gæfu þetta augljóslega til kynna.

Loks eru vangavelturnar um hættulegar afleiðingar af „ýktri mynd af spillingu“ úr lausu lofti gripnar, þar sem ekkert bendir til að mynd almennings sé ýkt.

En jafnvel þó svo væri er hæpið að í nokkuð opnu og þróuðu, lýðræðisríki leiði meðvitund um spillingu til þess að spilling aukist. Líklegra væri að þjóðfélagsumræða um spillingu á opinberum vettvangi knýi fjölmiðla til að rannsaka meint spillingarmál, stofnanir samfélagsins til þess að draga úr spillingarhvötum og leiði til skýrari krafna um að mál séu rannsökuð eða um að þeir sem sækjast eftir trausti almennings geri hreint fyrir sínum dyrum.

Með því að halda því fram að orsakasamhengið sé öfugt er málum sannarlega snúið á hvolf – svona eins og þegar sendiboðinn er gerður ábyrgur fyrir tíðindunum sem hann flytur.

Umfjöllun Ríkisútvarpsins og á visir.is sýnir vel hve mikilvægt það er að fjölmiðlar taki allar upplýsingar sem þeim eru veittar til gagnrýninnar skoðunar. Þótt eitthvað sé sagt vera byggt á rannsókn eða könnun og að prófessor segi gögn sýna þetta eða hitt, þýðir það ekki að fréttamiðlar geti birt það gagnrýnislaust. Fjölmiðlar eiga ekki að láta neinn mata sig á upplýsingum. Þá er voðinn vís eins og þessi vandræðalegi fréttaflutningur sannar.

# Íslensk gestrisni

Pistillinn Jón Gnarr

Allt gott sem hefur komið til Íslands hefur komið frá útlöndum. Flest sem við teljum íslenskt á uppruna sinn einhvers staðar annars staðar en hér á landi. Fyrsta klósettið kom til Íslands með innflytjendum. Og ekki var tannburstinn fundinn upp hér. Og meira að segja sjálfur sviðakjamminn á uppruna sinn í Tyrklandi. Og svona mætti endalaust telja. Mér finnst því alltaf nokkuð sérkennileg tortryggni margra við innflytjendur og nýja Íslendinga.

Við erum of fámenn til að byggja þetta stóra land. Íslendingar þyrftu eiginlega að vera svona 1-2 milljónir að minnsta kosti. Það mundi gera rekstur samfélagsins og hagkerfisins hagkvæmari, samkeppnishæfari, fjölbreyttari og bara hreinlega skemmtilegri. Þetta er ekki flókið reikningsdæmi. Það má líkja okkur við par sem býr í 500 fermetra einbýlishúsi. Það væri hagkvæmara að minnka við sig, fjölga í fjölskyldunni eða eða leigja út frá sér.

Nýlega lét Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taka saman ítarlega skýrslu um flóttamannastrauminn til Evrópu og hagræn áhrif flóttamanna á efnahag Evrópu. Skýrslan sýnir að flóttamenn munu að öllum líkindum styrkja efnahag Evrópuríkjanna, sérstaklega þeirra sem taka við flestum flóttamönnum, einsog Þýskalands, Svíþjóðar og Austurríkis. Þetta er nokkuð merkilegt og sérlega ánægjulegt.

Þarna eigum við Íslendingar mikil sóknarfæri. Við eigum að taka okkur þessi lönd til fyrirmyndar. Við erum byrjuð að taka við fleiri flóttamönnum en við höfum gert áður en við þurfum að gera enn betur. Alþingi þarf líka að fara að drífa í því að samþykkja ný útlendingalög. Gömlu lögin eru löngu úrelt. Við eigum ekki að standa í vegi fyrir því að útlendingar flytji hingað heldur þvert á móti að hvetja til þess. Ég hef talað við svo marga útlendinga sem kvarta yfir því hversu flókið og erfitt sé að flytja hingað, fá dvalarleyfi, atvinnuleyfi og menntun og starfsreynslu metna. Þessu verður að breyta eins fljótt og mögulegt er.

Freddy Mercury var af persneskum ættum og að mestu leyti alinn upp á Indlandi. Fjölskylda hans flúði til Englands eftir byltinguna á Sansibar 1964. Albert Einstein var flóttamaður, gyðingur sem flúði nasista. Körfuboltamaðurinn Luol Deng er flóttamaður frá Súdan. Ekkja Davids Bowie, ofurfyrirsætan Iman, flúði stríðið í Sómalíu 1972. Hip hop tónlistarmaðurinn M.I.A. flúði borgarastyrjöldina í Srí Lanka. Og sjálfur Steve Jobs var sonur flóttamanns frá Sýrlandi.

Og þótt allir innflytjendur og flóttamenn verði ekki endilega heimsfrægar ofurstjörnur þá verða þeir yfirleitt góðir og gegnir samfélagsþegnar sem leggja sitt af mörkum til samfélagsins, borga skatta, koma skemmtilega á óvart og auðga mannlífið með tilveru sinni. Einsog við flest reynum sjálf að gera.

**Alþingi þarf líka að fara að drífa í því að samþykkja ný útlendingalög. Gömlu lögin eru löngu úrelt. Við eigum ekki að standa í vegi fyrir því að útlendingar flytji hingað heldur þvert á móti að hvetja til þess.**



# ÚTSÖLULOK

## 28.–31. JANÚAR

## ALLT AÐ

## 70% AFSLÁTTUR

# ÚTSÖLULOK

the PIER

## GLÆSILEGT

## ÚRVAL Á PIER.IS

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880   Erum á Facebook • www.pier.is

ANTON&BERGUR

# Lærdómur til framtíðar



Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

**Metnaður okkar stendur til þess að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar eins og auðið er, með markvissum mótvægisaðgerðum.**

Þegar tekin er ákvörðun um að virkja náttúruöflin er óhjákvæmilegt að vega ávinninginn á móti því sem tapast. Án orku verður athafnalífið fábreytt, en orkuvinnsla hefur umhverfisáhrif. Þessum staðreyndum verður ekki breytt og þessa hagsmuni verður að meta.

Við Íslendingar búum svo vel að hafa betri aðgang að endurnýjanlegri orku en flestar aðrar þjóðir í heiminum. Endurnýjanleg orka hefur gegnt lykilhlutverki í því að stemma stigu við gróðurhúsaáhrifunum, eins og til að mynda kom skýrlega fram á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í byrjun desember. Þjóðir heims leitast við að draga eins og mögulegt er úr vinnslu á orku úr auðlindum sem eru ekki óþrjótandi, á borð við jarðefnaeldsneyti, og hafa mun meiri neikvæð hnattræn umhverfisáhrif en endurnýjanleg orka. Í París var augljóst að margir vildu vera í sporum okkar og hafa aðgang að endurnýjanlegum auðlindum í jafn ríkum mæli.

## Við viljum þekkja áhrifin

Þar með er þó ekki sagt að endurnýjanleg orka hafi alls engin umhverfisáhrif. Landsvirkjun kappkostar að nýta þær auðlindir sem henni er trúað fyrir af ábyrgð og með sjálfbærni að leiðarljósi. Hluti af því er að þekkja áhrifin sem af starfseminni hljótast. Í því skyni höfum við staðið fyrir viðamiklum rannsóknum og vöktun umhverfisþátta í samstarfi við óháða aðila, meðal annars á lífríki í ám og vötnum.

Niðurstöður þessara rannsókna sýna meðal annars að laxastofn í Þjórsá hefur styrkst og laxveiði í Blöndu hefur aukist, auk þess sem stangaveiði í Jökulsá á Dal hefur hafist eftir að virkjað var. Á hinn bóginn, og við drögum ekki dul á það, hefur til að mynda dregið úr veiði í Lagarfljóti og urriðastofninn minnkaði eftir virkjun í Soginu á síðustu öld. Við kynntum þessar niðurstöður ásamt Veiðimálastofnun með vel sóttum fundi á dögunum, en upptaka frá honum er aðgengileg á vef Landsvirkjunar, landsvirkjun.is.

## Markvissar mótvægisaðgerðir

Metnaður okkar stendur til þess að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar eins og auðið er, með markvissum mótvægisaðgerðum. Við grípum einnig til aðgerða til að hámarka jákvæðari áhrif. Við höfum, í samstarfi við sérfræðinga, viðað að okkur mikilli þekkingu, sem gerir okkur kleift að þróa aðferðir og tækni til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar í framtíðinni. Þetta er allt í samræmi við hlutverk Landsvirkjunar, sem er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

Þessi þekkingarleit gefur okkur lærdóm til framtíðar, sem miðar að því að við höldum áfram að nýta auðlindina af ábyrgð og með sjálfbærni að leiðarljósi.

# Frá Kverkfjöllum til Tambocor



Sigurpáll Ingibergsson
tölvunarfræðingur

**Hér á landi vantar lækna. Það vantar hjúkrunarfólk. Það vantar fjármagn og skilvirkt heilbrigðiskerfi. Það vantar góða stjórnmálamenn. Það vantar rétta forgangsröðun og kærleik. Þegar reynir á heilbrigðiskerfið eru biðlistarnir langir. Þeir eru í boði stjórnvalda. Þau bera ábyrgð á stöðunni. Fagfólkið á spítalanum gerir sitt besta.**

Þú ert með gáttaflökt“, sagði leiðsögumaðurinn frábæri, hjartaskurðlæknirinn Tómas Guðbjartsson, eftir að hafa tekið púlsinn minn í 1.122 metra hæð í Kverkfjöllum.

Ég var í hópi 20 göngumanna í Ferðafélagi Íslands ásamt þremur fararstjórum í stórbrotinni en krefjandi gönguferð, laugardaginn 18. júlí. Tveir aðrir læknar voru í hópnum og staðfestu greininguna.

Ég varð eitt spurningarmerki. Hafði aldrei heyrt þetta orð, gáttaflökt, fyrr. Síðustu brekkur Kverkfjalla tóku mjög á skrokkinn. Ég kófsvitnaði og mér leið illa. Svimaði og reikaði í spori með hættulega jöklabrodda undir gönguskónum og ísöxi aftan á bakpokanum. Það var eitthvað að. Skrokkurinn hafði ekki áður látið svona í krefjandi fjallgöngum.

Tómas útskýrði í fljótu bragði hvað væri að og ég var sendur niður í Sigurðarskála með einum fararstjóra. Gufubólstrar úr nýju og heitu Holuhrauni blöstu við ásamt sótsvörtum Dyngjujökli og skemmtu okkur á niðurleiðinni yfir Kverkjökul.

Í stuttu máli er gáttaflökt algeng hjartsláttartruflun sem orsakast af truflun á rafleiðni í leiðslukerfi hjartans. Það á uppruna sinn í hjartagáttum. Ekki er vitað hvað veldur gáttaflökti en nokkrum dögum áður hafði ég verið stunginn af geitungi í hægri olnbogann.

Um kvöldið daginn eftir var ég skráður inn á bráðadeild Sjúkrahússins á Akureyri. Þar var greiningin staðfest og ég fékk úrvals þjónustu hjá einstöku starfsfólki. Ég fór í rannsóknir og hjartaómun sem komu vel út og var sendur í rafvendingu sem tókst vel.

Hjartað hélt takti næstu daga en ég var óöruggur, leið misjafnlega og upplifði það eins og að hafa ósprungna sprengju inni í mér. Því ef hjartað er ekki í takti þá er hætta á blóðtappamyndun sem getur haft skelfilegar afleiðingar í för með sér, heilablóðfall. Nokkrum dögum síðar hrökk ég úr takti. Hafði fengið mér orkudrykk.

Daginn eftir heimsótti ég Hjartagátt Landspítalans og þar var ég greindur aftur með gáttaflökt. Langur biðlisti var í rafvendingu og ég þurfti að fá blóðþynningarlyf og blokker. Var tjáð af hjartalæknum sem voru yfirhlaðnir krefjandi verkefnum að ég yrði kallaður inn eftir fjórar vikur.

Ég beið spenntur í þrjár vikur eftir innköllun en vonaðist til að hrökkva í takt af sjálfsdáðum. Loks kom bréfið frá spítalanum og ég tilbúinn í stuðið. En þá kom fram að það væri langur biðlisti og ég gæti átt von á innköllun eftir einn til þrjá mánuði!

Best var að fylgjast með hjartaóreglunni þessa tvo mánuði með því að taka púlsinn. Hann segir: Tikk, tikk, tikk, tikk, eyða, tikk, tikk, tikk, eyða, tikk, tikk… svona gengur þetta.

## Biðlistar í boði stjórnvalda

Eftir tveggja mánaða taktleysi fannst loks laus tími fyrir rafvendingu. Starfsfólk Hjartagáttar veitti fullkomna þjónustu og kom hjartanu í takt.

Hjartalæknar eru vinsælir eins og rokkstjörnur, með einkarekna þjónustu á einkastofum. Þremur mánuðum eftir greininguna fékk ég loks tíma. Þá var ég dottinn úr takti í þriðja sinn. Ég var settur á hjartalyfið Tambocor sem hentar mínu hjartalagi vel og hef gengið í takt síðan. Að vísu þurfti ég að leggjast inn á hjartadeild fyrstu dagana og vera undir eftirliti, svo magnað er lyfið.

Er einkavæðing betri? – Ef ég hefði þurft að bíða eftir mjólk í jafn langan tíma, þrjá mánuði, þá hefði hún súrnað.

Ef einstaklingur svarar ekki lyfjagjöf þá er til lausn. Brenna fyrir aukaboðleiðir í hjarta. En vandamálið er biðlisti upp á tvö ár. Takist vel til, þá er hægt að losna við lyf. Öflug forvörn og fjárfesting í mannauði.

Hér á landi vantar lækna. Það vantar hjúkrunarfólk. Það vantar fjármagn og skilvirkt heilbrigðiskerfi. Það vantar góða stjórnmálamenn. Það vantar rétta forgangsröðun og kærleik. Þegar reynir á heilbr1igðiskerfið eru biðlistarnir langir. Þeir eru í boði stjórnvalda. Þau bera ábyrgð á stöðunni. Fagfólkið á spítalanum gerir sitt besta.

Við skulum vona að okkur Íslendingum takist að endurreisa heilbrigðiskerfið og hafa sambærilegt heilbrigðiskerfi og aðrar norrænar þjóðir búa við til að vernda okkar mikilvægustu eign, heilsuna.

*Skrifað á fyrsta degi endurreisn.is*

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 66193 10/13






Aðild að Icelandair Golfers er innifalin fyrir korthafa Premium Icelandair American Express®

+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á www.icelandairgolfers.is

ICELANDAIR Golfers

Markhönnun ehf

# nettó Heilsu- & **lífsstílsdagar**

21. jan - 01. feb



## Heilsu- & **lífsstílsráðgjöf**

Ásdís Grasalæknir heldur heilsukvöld í Nettó Granda **í kvöld** frá kl. **20:00**

*Allir velkomnir! Aðgangur ókeypis*

Ásdís fræðir gesti um heilsusamlegt mataræði, bragðgóðar uppskriftir og margt fleira.

*Hlökkum til að sjá þig!*






**-21%**

ÍSFUGL KALKÚNABRINGA - FERSK
**2.867**
ÁÐUR 3.629 KR/KG



**-25%**

NETTÓ KJÚKLINGAVÆNGIR
**299**
ÁÐUR 398 KR/KG



**-20%**

ÓDÝRT - RAUÐSPRETTUFLÖK
**878**
ÁÐUR 1.098 KR/KG



**-30%**

LOW CARB RÚNSTYKKI
**125**
ÁÐUR 179 KR/PK

**-10%**

LOW CARB BRAUÐ
**593**
ÁÐUR 698 KR/PK



**-50%**

MANGÓ
**289**
ÁÐUR 578 KR/KG




**-25%**

BULSUR
**749**
ÁÐUR 998 KR/KG




**-20%**

PFANNER SAFAR - 7 TEG
**199/215**
ÁÐUR 249/269 KR/PK




HEIMSHORN Holta

5 tegundir

BARBECUE · ARGENTÍNU · SAFFRAN · FAJITAS

**-20%**

HEIMSHORN KJÚKLINGUR
**787**
ÁÐUR 984 KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 28. – 31. jan 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Ert' ekki að grínast? Er þetta í alvöru að gerast?

Þessar spurningar brenna á vörum íbúa í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík. Svo virðist sem íslenska ríkið sé í þann mund að hefja umfangsmiklar byggingaframkvæmdir á þessum söguslóðum sem valda munu stórfelldum breytingum á ásýnd miðborgarinnar. Fyrst þarf reyndar að fjarlægja gamalt, löglega friðað hús KFUM og K sem gengur í dag undir nafninu Casa Christi.

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2013 er húsið friðað og þarf leyfi Minjastofnunar til að hrófla megi við því. Stofnunin leggst gegn niðurrifi og fer fram á að það verði varðveitt en byggingarnefnd MR hefur ekki svarað því hvernig hún muni gera það. Húsið sem var byggt árið 1907, teiknað af Einari Erlendssyni, er bæði einstakt frá sjónarhóli byggingarlistarinnar og menningarsögulega mjög mikilvægt sem miðstöð félags- og æskulýðsstarfs um áratuga skeið.

Húsið má reyndar muna sinn fífil fegri en það var ákaflega fallegt á sínum tíma, reisuleg bygging með smárúðugluggum og klassískri veggkrónu. Þótt fegurð hússins hafi verið vel falin um skeið er ekkert vit í öðru en að endurbyggja það í sinni upprunalegu mynd á sínum upprunalega stað. Húsið er vagga margra merkra félaga, s.s. KFUM og K, íþróttafélagsins Vals og karlakórsins Fóstbræðra. Það er byggt í ítölskum stíl frá miðöldum, eins konar kirkja með sal á efri hæð. Menntaskólinn í Reykjavík fékk húsið gefins árið 1989 og strax fimm árum síðar var búið að kveða upp dauðadóminn yfir því. Þegar búið verður að ryðja því úr vegi verður loks hægt að reisa þyrpingu af húsum eftir teikningu frá árinu 1994.

Jú, kæri lesandi, þú last rétt: Teikningu frá 1994!

Áætlunin fer ekki hátt. Við nágrannarnir höfum allavega ekki fengið neina viðvörun um það sem í vændum er. Þó er ljóst að við eigum eftir að verða fyrir ónæði og líkast til tjóni af framkvæmdunum en m.a. stendur til að byggja eitt húsið djúpt ofan í klöppinni undir Þingholtunum. Það mun út af fyrir sig vera löglegt að tala ekki við okkur því kerfið virkar þannig að eldgamlar samþykktir standa um aldur og ævi, hversu mjög sem þær úreldast. Hitt er öllu ótrúlegra og grátlegra; að á því herrans ári 2016 hafi yfirvöld, hvort sem þau heita ríki eða borg, ekki dregið meiri lærdóm af öllu því ómurlega niðurrifi menningarverðmæta sem átt hefur sér stað í borginni til þessa. Mörg eru þau sár sem aldrei gróa.

**Vítin sem við ættum að varast**

En hversu margt hefur ekki breyst á þeim tíma sem liðinn er síðan þessar teikningar litu dagsins ljós? Eru þarfir menntaskólans þær sömu í dag? Það er ólíklegt en hitt er öruggt að viðhorf samfélagsins til húsverndar og borgarskipulags er allt annað í dag en fyrir 20 árum. Hverfið umhverfis skólann er eitt af fáum heillegum hverfum sem varðveita gamla götumynd. Þar eru fyrst og fremst tvö hús sem stinga virkilega í augu, Casa Nova og Elísabetarhús sem bæði eru hluti af húsakosti MR. Það eru vítin sem við ættum að varast.

Skólahaldið setur brag á miðborgina. MR hlýtur að líta á það sem forréttindi að fá að starfa í þessum fallegu, sögufrægu byggingum. Skylda skólans er að sýna húsunum virðingu og veita þeim gott viðhald. Ef húsin henta ekki er um tvennt að velja. Að skólinn snúi starfsemi sína að aðstæðum eða flytji í hús sem uppfyllir kröfur nútímans án þess að misþyrma þurfi hjarta borgarinnar. Nóg er til af menningarstofnunum sem geta þrifist í þessum gömlu húsum án þess að það kalli á slíkt ofbeldi.



Skipulag MR-reitsins. Útlit frá Amtmannsstíg (úr norðvestri). MYND/REYKJAVÍKURBORG

**Við skrifum til þess að vekja athygli á yfirvofandi stórslysi sem enn má koma í veg fyrir. Valdið liggur hjá framkvæmdaaðilanum, íslenska ríkinu. Ráðherrar og ríkisstjórn, sýnið miskunn! Hættið við þessa vitleysu!**

Við nágrannarnir skrifum þessa grein ekki í þeim tilgangi að verja eigin hagsmuni því málið snertir alla borgarbúa og landsmenn og eiginlega heiminn allan því það er einskis einkamál þegar illa er farið með verðmæti í almannaeigu. Við skrifum til þess að vekja athygli á yfirvofandi stórslysi sem enn má koma í veg fyrir. Valdið liggur hjá framkvæmdaaðilanum, íslenska ríkinu. Ráðherrar og ríkisstjórn, sýnið miskunn! Hættið við þessa vitleysu!

Ágúst Reynisson, Áslaug Thorlacius, Brita Berglund, Einar Sigurjónsson, Eydís Sveinbjarnardóttir, Finnur Arnar Arnarson, Guðbjörg Hrönn Björnsdóttir, Guðlaugur P. Frímannsson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Gyða Haraldsdóttir, Hildur Sigurbjörnsdóttir, Hrefna Rósa Sætran, Karl Benediktsson, Margrét Víkingsdóttir, Sigurður Björnsson, Sigurður Ármann Snævarr, Steingrímur Steinþórsson, Tómas Jónsson, Valtýr Guðmundsson, Wincie Jóhannsdóttir, Þóra Bjarnadóttir, Þórunn Elísabet Sveinsdóttir og Þuríður Bergmann, íbúar við Amtmannsstíg, Bókhlöðustíg, Laufásveg, Miðstræti, Skólastræti og Þingholtsstræti í Reykjavík

# Höfuðlaus höfuðborg



**Halldór Þorsteinsson**
fv. skólastjóri Málaskóla Halldórs

Meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur virðist vera haldinn þeirri grillu að Reykjavíkurflugvöllur og rekstur hans sé að öllu leyti undir hans stjórn og umsjá. Aðrir landsmenn ættu því að hafa vit á því að skipta sér ekki af hlutum, sem koma þeim ekki vitundarhót við og þegja í staðinn. En málið er ekki svona einfalt eins og þessir illa upplýstu meirihlutafulltrúar halda sökum þess að Reykjavíkurflugvöllur ásamt sinni ómissandi neyðarbraut 06/24 er flugvöllur allra landsmanna og ætti því helst að bera nafnið þjóðarflugvöllur.

Þessi yfirgangur og ofstæki þeirra hæstráðandi í borgarstjórnarmeirihlutanum kom heldur betur berlega í ljós þegar arkitektinum Erni Sigurðssyni var falið það lítt öfundsverða hlutverk að taka skóflustungu fyrir risastóru hóteli á helgasta stað í Vatnsmýrinni. Að þeirra viti er hægðarleikur einn að finna annan stað fyrir nýjan flugvöll eins og t.d. í Hvassahrauni í næsta nágrenni við Keflavík, sem Sverrir nokkur Ólafsson tók svo djúpt í árinni að kalla „Flugvöll fáránleikans“ og hitti þar með naglann á höfuðið.

Ekki má gleyma einu mikilvægu atriði varðandi Valsmenn. Þeir stóðu vitanlega heilshugar að baki borgarstjórninni í þessu glæfralega máli eða með öðrum orðum voru með puttana í spilinu, enda leyfði bágborinn fjárhagur þeirra ekki annað eins og hermt er.

Snúum nú okkur að peningahliðinni og væntanlegum byggingarkostnaði við slíkt lúxushótel í Vatnsmýrinni og öðrum óhjákvæmilegum afleiðingum sem myndu fylgja í kjölfarið. Sérfróðir menn telja að það séu að minnsta kosti 15-20 metrar niður á fast í Vatnsmýrinni. Sturlu Friðrikssyni erfðafræðingi, sem er nú nýlátinn, þótti ekki ósennilegt að sjálf Reykjavíkurtjörn myndi þorna upp við þetta fáránlega fikt. Ef svo yrði raunin og spá hans rætist að fullu þá hlýtur sú spurning óhjákvæmilega að vakna hvað yrði heppilegast að gera við sjálfan uppþornaða grunninn. Væri ekki alveg tilvalið að reisa þar eins konar eftirlíkingu af Tívolíinu í Kaupmannahöfn? Yrði það ekki æðstu embættismönnum sem nú sitja í ráðhúsinu og öllu stjórna sannkallað augnayndi og afþreying? Lesandi góður, ég þykist vita að þú hlýtur að sjá að þessari tillögu er hér slegið fram í hálfkæringi.

**Verði þessi þrælgagnrýndi staður í rauninni fyrir vali borgarstjórnarmeirihlutans fyrir nýjan flugvöll er það ótvírætt sönnun þess að heilbrigð skynsemi á þar engan veginn upp á pallborðið.**

En hins vegar yrði hlutskipti Mýflugs stórt alvörumál ef Hvassahraun tæki við núverandi starfsemi Reykjavíkurflugvallar því þar yrði engin öryggisbraut, svokölluð m.a. NA/SV til að bjarga dauðsjúku fólki utan af landi og þar með myndi hið göfuga og fórnfúsa litla flugfélag líklega heyra sögunni til. En ég get ekki stillt mig um að bæta aðeins einni athugasemd við. Verði þessi þrælgagnrýndi staður í rauninni fyrir vali borgarstjórnarmeirihlutans fyrir nýjan flugvöll er það ótvírætt sönnun þess að heilbrigð skynsemi á þar engan veginn upp á pallborðið.

P.s. Það væri líka óðs manns æði að fara að flytja íslenska raforku til útlanda eins og Páll Steingrímsson hefur bent svo réttilega og hressilega á.

# Leitað sátta



**Guðmundur Ingi Þóroddsson**
formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Að leita sátta í refsimálum getur verið mjög erfitt og í sumum tilfellum er nánast útilokað að biðja um slíkt, þrátt fyrir einlægan vilja á báða bóga.

Mörg lönd sem við berum okkur saman við, t.d. Danmörk og Noregur, hafa tekið upp svokallað sáttaráð, sem kallast í Danmörku „konfliktråd“. Lönd eins og Kanada, Ástralía og Nýja-Sjáland hafa einnig komið upp slíkum úrræðum. Í ráðinu er fagfólk í hverju horni og unnið í samstarfi við lögreglu og dómstóla. Þeir sem fara í gegnum þetta ferli geta fengið stutta dóma fellda niður eða stytta, enda er þetta mjög áhrifamikið úrræði fyrir alla aðila sem taka þátt í því. Fangar í afplánun geta líka farið í gegnum slíkt úrræði enda er það talið hluti af betrunarstefnunni, sem flest norrænu ríkin hafa tekið upp, þó ekki Ísland.

Sættir og fyrirgefning er ferli og á ekki að eiga sér stað nema allir málsaðilar séu sammála um það. Þetta er mjög langt ferli og val um að hefja slíkt er ákvörðun beggja aðila, þ.e. brotaþola og brotamanns. Haldinn er fundur þar sem brotaþoli segir frá hvernig hann upplifði atburðinn og afleiðingar hans. Brotamaður fær á hinn bóginn tækifæri til þess að segja sína hlið og biðjast afsökunar.

Náttúruleg viðbrögð brotaþola eru reiði og krafa um réttlæti. Viðbrögð brotamanns eru að reyna að leitast við að gleyma atburðinum og halda áfram lífinu. Ekkert af þessu leiðir til sátta eða fyrirgefningar.

Þegar brotamanni er gert að þola þjáningar og refsingu þá verður að vera hægt að benda á einhvern tilgang í því. Sáttafundur getur verið mjög erfiður og miklar tilfinningar brjótast út af hálfu beggja aðila, enda oft tvær hliðar á hverju máli.

Tryggja verður eins og hægt er að brotamaður sé ekki að biðjast afsökunar eða fyrirgefningar í eigingjörnum tilgangi, en fyrirgefning hjálpar öllum aðilum tengdum þeim atburði að rísa upp og lifa sáttir í samfélagi manna.

**Fagfólk stjórni ferðinni**

Vara verður við því að þröngva sáttafundi upp á annan hvorn aðilann eða setja þrýsting á slík mál og ekki má ætlast til þess að annar aðilinn hafi samband við hinn að fyrra bragði. Málið verður alltaf að fara í gegnum sérstakt teymi þar sem fagfólk stjórnar ferðinni. Að gera þetta upp á eigin spýtur eða þrýsta á fólk í fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum getur aldrei endað vel. Tryggja þarf eftirfylgni og veita báðum aðilum aðstoð við að vinna úr sínum málum.

Brotamenn vinna almennt úr sínum þjáningum og iðrast hver á sinn hátt. Flesta langar mjög mikið að hafa samband við brotaþola en vita ekki hvernig þeir eiga að fara að því eða hvernig brotaþoli muni bregðast við. Það að brotamaður hafi ekki haft samband við brotaþolann þýðir alls ekki að hann iðrist ekki sinna gjörða, hvað þá að hann sé siðblindur, heldur er þetta í heild ferli sem er mjög erfitt fyrir alla. Erfiðustu málin eru sjálfsagt kynferðisbrot, morð og önnur árásarmál, en ekki ætti að draga mörk við ákveðna brotaflokka eða stærð mála.

Þann 11. september 2003 skipaði Björn Bjarnason, þáverandi dómsmálaráðherra, nefnd til að fara yfir og fylgjast með tilraunaverkefninu Hringnum, sem var samstarfsverkefni lögreglunnar í Reykjavík og Miðgarðs um nýjar leiðir vegna afbrota ósakhæfra ungmenna. Hafði nefndin sérstaklega horft til úrræðis er nefnt hefur verið sáttaumleitun og byggir á hugmyndafræði um uppbyggilega réttvísi (e. restorative justice). Setja átti á laggirnar sáttaráð sem fengi mál send til sáttameðferðar af hálfu ákæruvaldsins

**Það að brotamaður hafi ekki haft samband við brotaþolann þýðir alls ekki að hann iðrist ekki sinna gjörða, hvað þá að hann sé siðblindur, heldur er þetta í heild ferli sem er mjög erfitt fyrir alla.**

Ekki hefur farið mikið fyrir þessu ráði þrátt fyrir góðan árangur á Vesturlöndum. Ég hvet innanríkisráðherra til þess að koma á samstarfsráði úr röðum fagfólks í heilbrigðis- og réttargæslukerfinu, sem hafi það að markmiði að koma á slíku kerfi strax. Við þurfum ekki að finna upp hjólið því þetta hefur allt verið gert áður og gefið mjög góða raun. Um leið fækkar endurkomum í fangelsin, sem og að sjálfsögðu brotaþolum. Allur kostnaður verður minni og síðast en ekki síst gefur þetta bæði brotaþola og brotamanni mikið og gott tækifæri til að halda áfram með sitt líf. Það er mikilvægt að þetta úrræði sé fyrir alla, en ekki aðeins unga afbrotamenn, enda jafn nauðsynlegt brotaþola, burtséð frá aldri brotamanns.



## Elskar kögur og feld

**Þórunn Antonía átti lengi vel engin hvunndagsföt, bara sviðsfatnað. Hún spilar á Húrra í kvöld.**
**SÍÐA 6**



# KLÆÐIST ÖÐRUVÍSI EN AÐRIR

**Götustíllinn einkennir klæðnað Alex Michael Green sem rekur vefinn herratrend.is. Hann stefnir á eigin fatalínu síðar á árinu og reynir gjarnan að klæða sig öðruvísi en aðrir ungir karlmenn.**

**FRAMHALD Á SÍÐU 2**

LONGLINE BOMBER JAKKI: **Jack&Jones**
SKYRTA: **Jack&Jones**
BUXUR: **Selected**
STANCE SOKKAR: **Neon í Kringlunni**
STAN SMITH SKÓR: **Skór.is**

MYNDIR/ANTON




50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM!

hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is




Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is












Bomber jakki er frá Neon í Kringlunni og bolurinn líka. Buxur keypti Alex í Selected og Nike air trainer skóna keypti hann á skór.is. KR derhúfan er frá beenpippn.com og trefillinn er keyptur í Jack&Jones. MYNDIR/ANTON

» Alex Michael Green er 25 ára nýútskrifaður grafískur miðlari sem ólst upp í vesturbæ Reykjavíkur. Hann rekur vefinn herratrend.is ásamt því að vera í hlutastarfi í fatabúð. Helstu áhugamál hans eru körfubolti, tónlist og tíska.

**Hvað er herratrend.is?** Vefurinn herratrend.is samanstendur af góðum hópi stráka með brennandi áhuga á tísku, tónlist og fleiru. Kjarninn byggist á tískuumfjöllun en við leggjum mikla áherslu á að efni vefsins sé fjölbreytt og skemmtilegt. Við erum ferskir og nýir í bloggheiminum og stefnum hátt. Auk þess er ég að setja á fót eigið fatamerki sem lítur vonandi dagsins ljós seinna á árinu.

**Hvenær fékkstu áhuga á tísku?** Ég hef alltaf haft áhuga á því að líta vel út en ég byrjaði virkilega að finna mig í tískunni þegar ég hóf störf hjá Jack&Jones sem táningur. Þá áttaði ég mig fljótlega á því að það hjálpaði manni að fanga athygli hjá stelpunum og þá varð ekki aftur snúið. Í dag er tíska og fatnaður uppáhaldsáhugamálin mín. Hvernig ég klæði mig er bara tjáning á því hver ég er og hvaðan ég er. Því reyni ég oftast að halda mér frá því að vera eins og allir aðrir. Ég tel mig vera öðruvísi og þar af leiðandi klæði ég mig þannig. En í heildina er þetta bara gaman, ég meina, hver nennir að fara í gegnum daginn og klæða sig alltaf eins og allir aðrir?

**Hvernig fylgist þú helst með tískunni?** Biblían mín er vefurinn highsnobiety.com. Þaðan fæ ég mikinn innblástur og fylgist þar með öllu því nýjasta í tískuheiminum, ég mæli klárlega með henni.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum og hvernig klæðir þú þig hversdagslega?** Ég held mig oftast í götustílnum, mér finnst hann skemmtilegur og bjóða upp á meiri fjölbreytileika.

**Hvað finnst þér helst einkenna klæðnað ungra karlmanna í dag?** Það sem einkennir þá er metnaðurinn! Fyrir nokkrum árum voru allt of fáir að reyna. Í dag virðist annar hver maður leggja metnað í að keyra upp „fashion game-ið“ sitt! Ég fíla það!

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Ég versla mjög mikið í Neon í Kringlunni og svo líka Selected, Jack&Jones og Zöru hérna heima. Annars versla ég langmest á síðunni asos.com en hún er fáránlega góð.



Hatturinn sem Alex klæðist er frá asos.com auk þess sem bolurinn er líka keyptur þar. Leðurjakkinn er frá Zara og buxurnar eru úr Selected. Adidas tubular x skórnir voru keyptir í Urban í Kringlunni.

**Hverjir eru uppáhaldsfatahönnuðir þínir?** Ég spái voða lítið í svoleiðis hlutum enda oftast spenntari fyrir fötunum sjálfum frekar en þeim sem hönnuðu þau.

**Áttu þér eina uppáhaldsflík?** Svartar þröngar gallabuxur, ég get ekki lifað án þeirra.

**Getur þú nefnt dæmi um bestu kaup þín og um leið þau verstu?** Bestu kaupin mín eru svartar þröngar gallabuxur. Þau verstu eru allt of dýr föt sem ég enda á að nota aldrei!

**Ertu farinn að spá í næsta sumri þegar kemur að tískunni?** Nei, ekkert mikið. Ég vona bara að það komi sumar, það var síðast sumar á Íslandi árið 2012.

**Notar þú einhverja fylgihluti?** Ég er mikill derhúfumaður. Einnig er trefillinn nauðsynlegur í svona kulda. Svo hendi ég í mig eyrnalokk ef ég er í stuði.


TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE 2016
LITENING C:62
PRO
118.990kr
-30%
CUBE NATURE
2015
167.990kr
-30%
CUBE CROSS
2015
69.990kr
-30%
CUBE CURVE
2015
ParkTool
ParkTool
# Útsölulok 30.janúar 2016 #
Tacx
ZWIFT
ÚTSALA!
Tacx
ZWIFT
- Allt að 70% afsláttur -
SHIMANO
WWW.TRI.IS
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 - 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

# GLÆNÝTT TÓNLISTARÆVINTÝRI

Ævintýrið af Sölva og Oddi kóngi er nýtt tónverk eftir **Báru Grímsdóttur** sem hún byggir á íslenskum þjóðsögum. Verkið verður frumflutt í Norðurljósasal Hörpu á laugardaginn en það er hluti af dagskrá Myrkra músíkdaga.

„Ég hef alltaf haft mjög gaman af ævintýrum og þjóðlegu efni en þetta er frumraun mín í því að skrifa sögu," segir Bára glaðlega en ætlunin er að gefa Ævintýrið af Sölva og Oddi kóngi út í myndskreyttri bók með hljómdiski í sumar. „Það var Pamela de Sensi hjá útgáfufyrirtækinu Töfrahurðinni sem kom að máli við mig og bað mig um að skrifa þetta verk," segir Bára sem hefur unnið að sögunni og tónverkinu í tæpt ár.

Hvaðan kemur hugmyndin að sögunni? „Þar sem ætlunin var að vera með dans í verkinu hafði ég samband við vinkonu mína, Rósu Þorsteinsdóttur þjóðfræðing, og spurði hana hvort hún þekkti einhverja sögu sem innihéldi dans eða veislu. Hún stakk upp á sögunni um Odd kóng, sem er sérstök að því leyti að Oddur kóngur er karl í mannheimum en er í raun álfkona í álögum. Ég ákvað að nota þá sögu en flétta við hana búta úr öðrum þjóðsögum og ævintýrum. Þannig skapaði ég ungan dreng sem heitir Sölvi sem er sögumaður í verkinu og segir ýmsar sögur," útskýrir Bára.

Bára fékk Helga Zimsen til að útbúa söngtexta út frá sögunni og hún samdi síðan lög í kringum þau. „Kvæðin eru í rímnastíl og því auðvelt að syngja þau," segir Bára sem lætur hljóðfærin um að skreyta lögin með flóknari hljómum.

Hvaðan færðu innblástur að tónlistinni? „Ég vildi hafa tónlistina létta og aðgengilega fyrir börnin. Hún er í dálítið írskum stíl sem hentar vel í dansatriðunum," segir hún.

Á laugardaginn er komið að stóru stundinni þegar verkið verður frumflutt á Myrkum músíkdögum í Hörpu. Bára hefur fylgst vel með æfingunum. „Þetta hefur verið mjög skemmtileg og mikil vinna," segir Bára og lofar góðri skemmtun á laugardaginn.

„Margrét Eir söngkona verður í hlutverki Sölva sögumanns. Hún segir sögur, syngur og setur sig inn í hlutverkin eins og hennar er von og vísa. Nemendur úr Listdansskóla Íslands dansa dansana sem Guðmundur Helgason samdi, stúlknakór Neskirkju syngur og Magnús Ragnarsson er stjórnandi," telur Bára upp en níu manna hljómsveit spilar tónlist Báru. Þá verður myndum Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur varpað á vegg á sýningunni en hún myndskreytir bókina um Sölva og Odd kóng.

Bára segir sýninguna henta allri fjölskyldunni og vonast til að sjá sem flesta. Innt eftir því hvort framhald verði á sýningum segir hún ekki hafa verið tekna ákvörðun um það. „Vonandi verður leikurinn endurtekinn síðar," segir hún. **solveig@365.is**


Bára Grímsdóttir tónskáld samdi tónlistarævintýri sem frumsýnt verður á Myrkum músíkdögum í Hörpu á laugardaginn klukkan 12. MYND/ERNIR

> Ég vildi hafa tónlistina létta og aðgengilega fyrir börnin. Hún er í dálítið írskum stíl sem hentar vel í dansatriðunum.
>
> Bára Grímsdóttir

ÚTSALA - ÚTSALA ÚTSALA - ÚTSALA ÚTSALA - ÚTSALA

**20% aukaafsláttur af allri útsöluvöru**

| | Verð áður: | Verð nú: |
|---|---|---|
| Toppur | ~~9.800 kr.~~ | 2.900 kr. |
| Kjóll | ~~13.900 kr.~~ | 5.560 kr. |
| Bolur | ~~7.900 kr.~~ | 3.160 kr. |
| Skyrta | ~~7.900 kr.~~ | 2.370 kr. |
| Peysa | ~~8.990 kr.~~ | 2.690 kr. |
| Kjóll | ~~15.900 kr.~~ | 6.360 kr. |

Allar útsölubuxur kr. 3.900.-

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# NÝ BYLTINGARKENND HÚÐLÍNA FRÁ SOTHYS

**Heilsa kynnir** Nýlega kom á markað ný húðlína frá Sothys sem veitir hámarks raka og ver húðina fyrir ótímabærri öldrun.

Franska snyrtivörumerkið Sothys, sem fagnar 70 ára afmæli í ár, er þekkt fyrir að veita fegurð og fullkomnun. Sothys stendur fyrir fágun, virðingu, nákvæmni og kvenleika en nafnið er dregið af nafni fegurðargyðju Egypta til forna sem var tákn fullkominnar fegurðar. „Sothys snyrtivörurnar eru einstaklega vandaðar og sérhæfðar og skara fram úr þegar kemur að rannsóknum og nýsköpun, en fyrirtækið hefur byggt upp mikla sérfræðiþekkingu á sviði fegurðar," segir Margrét Friðriksdóttir, viðskiptastjóri hjá Heilsu ehf.


„Húðin ljómar, verður fyllri og unglegri með hverjum degi," segir Margrét.

### RAKALÍNAN HYDRA 3HA – VÍSINDALEG NÝJUNG

Það sem skiptir húðina einna mestu máli er að hún haldi raka. „Eftir því sem við eldumst þornar húðin og við fáum línur. Sothys kynnti nýlega til sögunnar rakalínu sem ber yfirskriftina Hydra 3Ha en hún er sannkölluð bylting fyrir húðina. Með nýju línunni fær húðin hámarks raka og er því vel varin fyrir ótímabærum ummerkjum öldrunar ásamt því að hún endurheimtir fyrri stinnleika. Húðin ljómar, verður fyllri og unglegri dag frá degi en samkvæmt rannsóknum er allt að 71% meiri raki í húðinni eftir eina notkun." upplýsir Margrét.

Í vörunum er sértök samsetning hyaluronic-sýru og öðrum virkum efnum sem sýnt hefur verið fram á að gefa húðinni aukinn raka. „Hyaluronic-sýran er jafnframt þekkt fyrir að geta bundið þúsundfalda þyngd sína í vatni. Náttúruleg framleiðsla líkamans á hyaluronic-sýru minnkar með árunum sem veldur því að húðin þornar og hrukkur myndast. Það er mikilvægt að bæta húðinni það upp," segir Margrét.

### HYDRA 3HA HENTAR ÖLLUM HÚÐGERÐUM. HENNI TILHEYRA FJÓRAR MISMUNANDI VÖRUR

- **Intensive serum** Gefur hámarks virkni. Hentar öllum húðgerðum.
- **Létt Gel cream** Ver húðina og gefur henni samstundis raka. Er fyrir venjulega eða blandaða húð.
- **Cream** Ver húðina og gefur henni samstundis raka. Fyrir venjulega eða þurra húð.
- **Hydra Smoothing mask** 10 mínútna rakamaski sem gott er að nota einu sinni til tvisvar í viku. Veitir samstundis einstaka mýkt og vellíðan.




Allar vörur Sothys eru ofnæmisprófaðar og parabenfríar.

**Útsölustaðir Sothys**

Hagkaup Kringlunni, Lyfja Smáratorgi, Neskaupstað og Keflavík, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Aóotek Siglufjarðar, Stjörnusól, Snyrtistofan Hilma, Snyrtistofan Arona, Snyrtistofan Abaco, Snyrtistofan Fagra, Snyrtistofan Wanita, Snyrtistofan Dekurdís og Hárgreiðslustofan Flikk.

# Kurteisi að svara boðskortum

Fermingar eru handan við hornið og margir farnir að huga að veislu og veitingum. En hvenær er rétti tíminn til að senda út boðskort og hvað á að áætla mikið magn? Ástríðukokkurinn **Albert Eiríksson** er með svör við því og ýmsu öðru sem snýr að veisluhöldum.

„Það er ágætt að miða við að senda út boðskort mánuði fyrir fermingardaginn. Flestir ættingjar og vinir hafa fylgst með barninu og vita að fermingin er á döfinni. Boðskortið er því aðallega staðfesting á stað og stund. Boðskort í brúðkaup þarf hins vegar að senda fyrr eða allt að tveimur til þremur mánuðum áður, enda yfirleitt um að ræða stærri veislu.“

Að sögn Alberts er líka góð regla að óska eftir svari boðsgesta um hvort þeir komist og gefa upp bæði netfang og símanúmer. „Ég mæli með því að fólk forðist að nota orðið ekki og segi til dæmis „endilega látið vita hvort þið komist“ í stað „endilega látið vita ef þið komist ekki“ en þannig er betur hægt að átta sig á fjölda gesta. Þá hvet ég fólk sem fær boðskort eindregið til að setja sér þá reglu að svara strax. Ég hitti nefnilega eitt sinn erlendan sendiherra sem hefur verið búsettur hér á landi um nokkurra ára skeið og hann var svolítið hissa á því að Íslendingar svara aldrei boðskortum,“ segir Albert sem þótti sárt að heyra það. „Ég held við getum tekið okkur á í þessu enda er það almenn kurteisi að svara, sé þess óskað.“

Salinn hafa líklega flestir pantað nú þegar, nema til standi að halda veisluna heima. Á höfuðborgarsvæðinu þarf í það minnsta að panta með allt að árs fyrirvara. „Það er því um að gera að fara á stúfana um leið og fermingardagurinn liggur fyrir,“ segir Albert.



**„Veislan verður ekkert endilega flottari og betri ef það eru tuttugu mismunandi tertur á borðinu. Aðalatriðið er að þær séu góðar. Sjálfur myndi ég miða við að hafa ekki meira en tíu mismunandi tegundir á borðinu og þá eru brauð- og kjötréttir meðtaldir,“ segir Albert. Hann heldur úti vinsælu matarbloggi, alberteldar.com, fyrir þá sem eru í leit að góðum uppskriftum.** MYND/ERNIR

### Tíu sneiðar í hverri tertu

Að sögn Alberts er algengt að blanda saman smáréttum og kökum á fermingarborð. Hann segir helstu mistök felast í því að ætla sér um of. „Veislan verður ekkert endilega flottari og betri ef það eru tuttugu mismunandi tertur á borðinu. Aðalatriðið er að þær séu góðar. Sjálfur myndi ég miða við að hafa ekki meira en tíu mismunandi tegundir á borðinu og þá eru brauð- og kjötréttir meðtaldir.“

Þumalputtareglan er að sögn Alberts sú að tíu til tólf sneiðar komi úr einni tertu. „Ef við tökum hundrað manna veislu sem dæmi væri upplagt að hafa þrjár mismunandi tegundir af tertum og þrjár af hverri sort. Þá erum við komin með um það bil níutíu sneiðar. Við þetta má svo bæta einni kransa- eða marsípantertu. Kjötbollur og kjúklingaspjót eru svo vinsælir kjötréttir en með fyrrnefndum kökufjölda mætti áætla eitt og hálft spjót á mann og tvö til að vera alveg viss.“

Af öðrum vinsælum veisluföngum nefnir hann brauðtertuna sem sannarlega hefur fengið uppreisn æru síðustu ár. „Sömuleiðis súkkulaðigosbrunnurinn sem margir eiga í fórum sínum eftir æðið sem gekk yfir 2007. Hann vekur yfirleitt lukku hjá unga fólkinu og fer vel með niðurskornum ávöxtum á borði. Það er alltaf klassískt að smyrja flatbrauð með hangikjöti en auk þess mæli ég með því að fólk prófi að bjóða upp á hráköku. Þær eru miklu léttari en aðrar kökur og því góðar í bland við hitt.“

### Uppröðunin skiptir máli

Albert segir líka mikilvægt að huga að því hvernig raðað er á veisluborðið. „Reynslan er sú að fólk tekur mest af fremsta fatinu enda er það svangt og allt svo girnilegt. Magn veislufanga ræðst því svolítið af því hvernig þeim er raðað upp. Ef ætlunin er að leggja áherslu á kjötið er það haft framarlega og í meira magni. Ef áherslan er á kökur er uppröðuninni snúið við,“ útskýrir Albert.

### Ofar en Annie Mist og Katrín Tanja á stigalistanum

Á stigalista Lyftingasambands Íslands kemur fram að Þuríður Erla sló þeim öllum við með frammistöðu sinni á HM þar sem hún varð fyrst íslenskra kvenna og fjórði Íslendingurinn til að fá Elite pin Lyftingasambands Norðurlanda. Til að komast á Ólympíuleikana í Ríó þurfa allar þessar fimm að hjálpast að því að íslenska liðið lyfti sem flestum kílóum í heildina.

„Þetta snýst allt um Evrópumótið í apríl. Ísland þarf að senda lið á mótið sem eru fimm stelpur og við þurfum saman að ná ákveðnu lágmarkssæti á Evrópumótinu og takist það þá má Ísland senda eina stelpu á Ólympíuleikana. Sú stelpa sem er send er sú sem er stigahæst af okkur fimm,“ segir Þuríður Erla. Hún segir þátttöku á Evrópumótinu líklega.



**Þuríður Erla flaug til London í morgun þar sem henni var boðoð að keppa á krossfitmóti.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**14**

**Íslandsmet sem Þuríður Erla Helgadóttir setti árið 2015.**

> **Ég býst því við því að við séum allar að fara á Evrópumótið því um leið og við förum ekki allar þá er þetta búið fyrir allar.**
>
> Þuríður Erla Helgadóttir

### Allar spenntar

„Það er búið að ræða við okkur fimm og það hljómaði eins og það væru allar spenntar fyrir þessu. Ég býst því við því að við séum allar að fara á Evrópumótið því um leið og við förum ekki allar þá er þetta búið fyrir allar. Það er því eins gott að það láti allar sjá sig á Evrópumótinu,“ segir Þuríður Erla létt en það á eftir að koma betur í ljós hvað þær þurfa að gera í apríl.

„Það hefur verið sagt við okkur að þetta sé fínn möguleiki en ég passa mig að gera mér ekki of miklar vonir,“ segir Þuríður Erla sem er bjartsýn á að þær mæti allar.

### Gott að fá EM á ferilskrána

„Evrópumótið er það stórt mót að það er gott að fá það inn á mótaskrána sína. Ég held að það þurfi ekki að tala við þær því þær hljóta að vilja fara,“ segir Þuríður Erla.

Krossfitstelpurnar þurfa því að vinna saman á Evrópumótinu í Noregi um leið og þær keppast við að tryggja sér eina Ólympíusætið sem er í boði en Þuríður Erla segir þær ekki vinna mikið saman við æfingarnar.

„Ég æfi skammarlega lítið með þeim því maður býr á litlu landi og allar krossfitstöðvarnar eru nálægt hver annarri,“ segir Þuríður en hún er heldur ekki með fastan þjálfara og treystir að mestu á sjálfa sig. Það er nóg að gera hjá Þuríði Erla á hvorum tveggja vígstöðvunum og nóg af mótum í báðum greinum. Það gengur samt alveg upp að vera á fullu í báðum greinum.

### Passar vel saman

„Þetta er allt öðruvísi keppni en þetta passar saman. Á síðasta ári sló ég nokkur met á Íslandsmótinu í ólympískum lyftingum í apríl og svo var Evrópumótið í krossfit í maí og þetta tvennt fór mjög vel saman og ég gat toppað á báðum stöðum í einu. Krossfitið er búið að afsanna þá kenningu að þú þurfir bara að lyfta til þess að verða sterkur. Við erum í fullt af þoli, í fimleikaæfingum og allt þetta hjálpar til að mínu mati,“ segir hún.

Þuríður Erla er ein af fjölmörgum krossfitkonum sem er búnar að koma ólympískum lyftingum á kortið á Íslandi og hún er stolt af því að íslensku stelpurnar séu farnar að banka á dyr stórmótanna.

### Magnað að eiga möguleika

„Mér finnst nógu magnað að við sem krossfitstelpur höfum náð að komast á heimsmeistaramótið að keppa við stelpur sem hafa æft ólympískar lyftingar frá því að þær voru mjög ungar. Þær eru sérhæfðar í þessu á meðan við erum bara búnar að vera í krossfit í fimm ár og frekar nýlega byrjaðar að lyfta. Það er magnað að við eigum möguleika á því að komast á svona stórmót og segir frekar mikið um það hvað krossfit er að gera góða hluti,“ segir Þuríður Erla að lokum.

ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Stjarnan - Grindavík 62-81**
Stig: Adrienne Godbold 22 – Whitney Frazier 30, Björg Guðrún Einarsdóttir 14.

**Hamar - Valur 47-83**
Stig: Íris Ásgeirsdóttir 16 – Karisma Chapman 21/17 frák., Hallveig Jónsdóttir 18.

**Haukar - Keflavík 89-69**
Stig: Helena Sverrisdóttir 26/14 frák./9 stoðs., Chelsea Schweers 25 – Sandra Lind Þrastardóttir 18.

Haukar komu sér aftur sigurbraut eftir tapið gegn Snæfelli í síðustu umferð en Helena Sverrisdóttir var einu frákasti frá þrefaldri tvennu í leiknum.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Snæfell | 26 | Valur | 16 |
| Haukar | 26 | Stjarnan | 6 |
| Keflavík | 16 | Hamar | 2 |
| Grindavík | 16 | | |

**EM 2016 - milliriðill 1**

**Maked. - Hv. Rússl. 29-30**
Mörk: Kiril Lazarov 10 – Barys Pukhouski 11.

**Frakkland - Noregur 24-29**
Mörk: Daniel Narcisse 7 – Kent Tönnesen 6.

**Pólland - Króatía 23-37**
Mörk: Bielecki, Daszek 4 – Manuel Strlek 11.

Noregur er komið áfram í undanúrslit á stórmóti karla í fyrsta sinn og Króatía sá til þess að Frakkland sat eftir eftir ótrúlegan sigur á Póllandi.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Noregur | 9 | Pólland | 6 |
| Króatía | 6 | Hv. Rússland | 2 |
| Frakkland | 6 | Makedónía | 1 |

**EM 2016 - milliriðill 2**

**Svíþjóð - Ungverjal. 22-14**
Mörk: Nilsson, Östlund 5 – Richard Bodo 5.

**Þýskaland - Danmörk 25-23**
Mörk: Steffen Fäth 6 – Mikkel Hansen 7.

**Spánn - Rússland 25-23**
Mörk: Valero Rivera 11 – Timur Dibirov 5.

Þýskaland og Spánn komust áfram í undanúrslitin eftir ótrúlegan lokadag milliriðlakeppninnar á EM í Póllandi. Sigur lærisveina Dags Sigurðssonar í þýska liðinu á Dönum þýddu að Guðmundur Guðmundsson og hans menn í danska liðinu urðu að stóla á rússneskan sigur til að komast áfram. Spánverjar kláruðu hins vegar sitt verkefni.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Spánn | 8 | Svíþjóð | 4 |
| Þýskaland | 8 | Rússland | 3 |
| Danmörk | 7 | Ungverjaland | 0 |

**EM 2016 - leikir á morgun**

| | |
|---|---|
| **Noregur - Þýskaland** | Undanúrslit |
| **Spánn - Króatía** | Undanúrslit |
| **Frakkland - Danmörk** | Um 5. sæti |
| **Pólland - Svíþjóð** | Um 7. sæti |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 11.00 | **Qatar Masters** | Golfstöðin |
| 19.00 | **Meistarad. í hestaíþr.** | Sport 3 |
| 19.00 | **Njarðvík - KR** | Sport |
| 20.00 | **Farmers I. Open** | Golfstöðin |

**Olís-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | **KA/Þór - Grótta** | KA-heimilið |
| 19.30 | **Fram - Fjölnir** | Framhús |

**Domino's-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | **Njarðvík - KR** | Njarðvík |
| 19.15 | **Þór Þ. - FSu** | Þorlákshöfn |
| 19.15 | **Stjarnan - ÍR** | Ásgarður |
| 19.15 | **Snæfell - Grindavík** | Stykkish. |

# STÓRÚTSALA

# ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR !

## AÐEINS 4 DAGAR EFTIR !

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR • TURNKASSAR
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • SSD • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR
TÓNERHYLKI • VIFTUR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR

**SÝNISEINTÖK OG LAGFÆRÐAR FARTÖLVUR OG SPJALDTÖLVUR Á ENN MEIRI AFSLÆTTI !**

**FJÖLDI FARTÖLVA Á 10.000 – 50.000 KRÓNA AFSLÆTTI !**

**OPIÐ 10 - 18**

NÁNAR UM ALLAR
WWW.TL.IS
ÚTSÖLUVÖRUR

tl.is

TÖLVU LISTINN




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

## Merkisatburðir

**1825** Hið Konunglega norræna fornfræðafélag er stofnað í Kaupmannahöfn.
**1855** Fyrsta járnbrautarlestin fer frá Atlantshafi til Kyrrahafs á Panamajárnbrautinni.
**1887** Í Montana-fylki í Bandaríkjunum falla til jarðar stærstu snjókorn sem sést hafa á jörðinni, 38 cm breið og 20 cm þykk.
**1907** Sláturfélag Suðurlands, SS, er stofnað sem samvinnufélag bænda. Það hét fyrst Sláturfélag Árnesinga og Rangæinga.
**1912** Tólf íþróttafélög stofna Íþróttasamband Íslands, „bandalag íslenskra íþrótta- og fimleikafélaga“, í Bárubúð.
**1935** Ísland verður fyrsta land í heimi til að lögleiða fóstureyðingar.
**1986** Bandaríska geimferjan Challenger springur skömmu eftir flugtak og farast allir geimfararnir, sjö að tölu.
**2008** Jafnréttindafélag Íslands er stofnað.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,
**Ragnheiður Blandon**
Furugrund 60, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans 20. janúar. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 29. janúar kl. 15.00.

**Hörður Þór Sigurðsson**
**Kristín Clausen**
**Ragnar Steinn Clausen**
**Þorsteinn Kristinsson**
**Guðrún Hrund Clausen**
**Ole Kristen Clausen**
**Björn Finnsson**
**Anna Kristín Birkisdóttir**
**Arnar B. Sigurðsson**
**Jóhanna Soffía Sigurðardóttir**
**Prapaporn Thanrasa**
**Dan Rune Nymoen**
**Tinna Hrönn, Ísarr Logi, Víkingur Eldon, Rósey Hrund, Steindór Sólon, Thomas, Truls og Lukas**



Faðir okkar,
**Árni Stefánsson**
hæstaréttarlögmaður,
Goðheimum 21, Reykjavík,

lést á Hrafnistu 24. janúar.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Stefán Árnason**
**Stefanía Eiríka Einarsdóttir**
**Guðný Árnadóttir**



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Bragi Óskarsson**

lést á heimili sínu 23. janúar. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 29. janúar kl. 15.00.

**Bryndís Petra Bragadóttir**
**Sturla Óskar Bragason**
**Anna Reynisdóttir**
**barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,
**Ingibjörg Þórðardóttir**
handavinnukennari, áður til heimilis að Efstasundi 93, Reykjavík,

sem lést 15. janúar sl., verður jarðsungin frá Langholtskirkju, mánudaginn 1. febrúar kl. 15.00.

**Þórður H. Ólafsson**
**Helga María Ólafsdóttir**
**Ingibjörg Þórðardóttir**
**Ólafur Ágúst Axelsson**
**Ragnhildur Þórðardóttir**
**Anna María Axelsdóttir**
**barnabarnabörn og fjölskyldur.**



Teitur er að vonum afar ánægður með að hljóta tilnefninguna, og keppir við löndu sína, sjálfa Björk. MYND/MAGNÚS ANDERSEN

# Fagnar tilnefningunni á Dubliners um helgina

**Teitur Magnússon hlaut á dögunum tilnefningu til Norrænu tónlistarverðlaunanna. Hann tekur fréttunum með stóískri ró en hlakkar vissulega til að bregða sér til Noregs.**

„Þetta er mikill heiður, ég er bæði þakklátur og hress með þessa tilnefningu,“ segir tónlistarmaðurinn Teitur Magnússon sem á dögunum hlaut tilnefningu til Norrænu tónlistarverðlaunanna, fyrir plötu sína 27. Aðspurður hvort hann hafi átt von á tilnefningunni, segir hann að sig grunað þetta. „Ég fann að það var mikill áhugi fyrir plötunni minni í herbúðum þeirra, og svo vildu þau fá eintök af plötunni svo ég vissi að eitthvað var í deiglunni.“

Teitur segist að öllum líkindum ætla að bregða sér af bæ og herja á Ósló í byrjun mars þar sem verðlaunin verða afhent. Sér hann tækifærin í hverju horni, og hyggst nýta ferðina til að heimsækja systur sína sem býr skammt frá.

Keppir Teitur í sama flokki og Björk Guðmundsdóttir með plötuna Vulnicura. „Það er ekki dónalegt að vera í slíkum sporum,“ segir hann léttur þegar samkeppnina ber á góma en árið 2011 hreppti Jónsi, oft kenndur við Sigur Rós, hnossið fyrir plötuna Go.

**Þetta þýðir að ég verð kynntur fyrir nýjum áheyrendahópi, á Norðurlöndunum og í Bretlandi.**

En hvað skyldi það þýða fyrir hann að vera tilnefndur til verðlaunanna? „Þetta þýðir að ég verð kynntur fyrir nýjum áheyrendahópi, á Norðurlöndunum og í Bretlandi, og jafnvel um heim allan. Þannig að þá kannski opnast möguleikar úti í heimi,“ svarar Teitur.

Má með sanni segja að hann láti tilnefninguna ekki stíga sér til höfuðs, en blaðamaður innir hann eftir plönum um heimsfrægð í kjölfarið. „Ég hef ekki hugsað svo langt, ég hef aðallega verið að spá í þessu hér heima. Þetta verður allt saman bara að ráðast, og nú hugsa ég bara um að það verði gaman að komast til Noregs,“ segir hinn hógværi listamaður, sem nú er í óðönn að undirbúa sig fyrir tónleikana á Dubliners sem fram fara um helgina. „Þar spila ég einn, en dj-ast svo með vini mínum. Ég hef gaman af að spila einn, þá getur myndast svo góð stemning, og sterk upplifun fyrir mig, og vonandi þá sem hlusta.“ **gudrun@frettabladid.is**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Kristján Árnason**
flugvélaverkfræðingur og flugstjóri,
Háaleitisbraut 139, Reykjavík,

lést laugardaginn 23. janúar á deild 11E á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin verður auglýst síðar.

**Ragnheiður S. Ísaksdóttir**
**Anna Margrét Kristjánsdóttir**
**Elísabet Kristjánsdóttir**
**Páll Jónbjarnarson**
**Árni Kristjánsson**
**Bjarki Freyr og Baldur Rafn**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Hulda Rebekka Guðmundsdóttir**
Fannborg 8, Kópavogi,

lést 19. janúar síðastliðinn á Sólvangi, Hafnarfirði. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju Kópavogi, mánudaginn 1. febrúar kl. 13.00.

**Kolbrún Þórðardóttir**
**Bjarni Harðarson**
**Bjarni Þórðarson**
**Guðrún Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Arnþór Þórðarson**
**Ósk Ingvarsdóttir**
**Hulda Sigurlína Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# DENVER BRONCOS–CAROLINA PANTHERS

# SUPER BOWL

SPORT

*Það styttist í stærsta íþróttaviðburð ársins í Bandaríkjunum þegar keppt verður í Super Bowl í fimmtugasta sinn. Að þessu sinni mætast Carolina Panthers og Denver Broncos á Levi's-leikvanginum í San Francisco. Cam Newton og félagar í Panthers þykja sigurstranglegri en reynsla Peyton Manning á örugglega eftir að reynast Broncos drjúg í leiknum. Íslenskir NFL-sérfræðingar greina leikinn í sjónvarpsveri okkar á meðan honum stendur.* ***Ekki missa af æsispennandi ruðningi og frábærum skemmtiatriðum í hálfleik.***

365.is | Sími 1817

365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Norðaustan 5-13 og él á Vestfjörðum í dag, en annars hægari. Él um landið N-vert seinnipartinn og snjókoma víða sunnan til á landinu um kvöldið. Frost 0 til 12 stig, kaldast í innsveitum norðaustan til.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -3° | -7° | -6° |
| ↙ 10 | ↙ 13 | ↓ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -5° | -4° | -12° |
| ↓ 7 | ↙ 7 | ↓ 8 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -5° | -7° | -7° |
| ↙ 4 | ↙ 9 | ↘ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -7° | -9° | -11° |
| ↘ 8 | ↓ 11 | ↓ 5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. berjast
6. ógrynni
8. þvottur
9. endir
11. tveir eins
12. losti
14. uppskafningsháttur
16. í röð
17. að
18. angan
20. bókstafur
21. afkvæmi húsdýrs

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
3. tveir eins
4. asfalt
5. eyrir
7. skuggi
10. stofn
13. hrygning
15. litur
16. skilveggur
19. tvö þúsund

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** etja, **6.** of, **8.** tau, **9.** lok, **11.** rr, **12.** frygð, **14.** snobb, **16.** þæ, **17.** til, **18.** ilm, **20.** ká, **21.** lamb.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** tt, **4.** jarðbik, **5.** aur, **7.** forsæla, **10.** kyn, **13.** got, **15.** blár, **16.** þil, **19.** mm.

### Skák Gunnar Björnsson

Wei Yi (2.706) vann glæsilegan sigur á David Navara (2.730) í níundu umferð Tata Steel-mótsins í Wijk aan Zee.

**15. g5! fxg5 16. Rxg5! Rd4 17. Dd1 hxg5 18. Bxg5 Be7 19. Be3!** (miklu betra en 19. Bh6) **19. ... Bf6 20.h6 He7 21. hxg7 Hxg7 22. Dh5 Be6 23. Bh6 Bf7 24. Bxg7! Bxh5 25.Bxf6+ Kf8 26. Bxd8 Re2+ 27. Kb1 Rxg1 28.Bxc7!** og svartur gaf. Afar kraftmikil taflmennska.

**www.skak.is:** Carlsen í góðu formi.

**Hvítur á leik**








## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 5 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 2 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 2 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








*Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.*

IS JA 17 321




32 SKOÐUNAR-STÖÐVAR UM LAND ALLT

## Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.
Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.
Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á Íslandi.
Ökuprófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*

# Dans færir börn til að nota ímyndunaraflið

**Nýtt dansverk fyrir börn verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu á laugardaginn af Íslenska dansflokknum. Það nefnist Óður og Flexa halda afmæli og er eftir Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttur.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Við erum fimm á sviðinu. Söguþráðurinn er smá leyndó en þó getum við sagt þér að krakkarnir Óður og Flexa eru að halda afmæli. Þar kemur óræð persóna inn, hálfgerður töframaður, og hann fer með krakkana í dálítið skrítið ferðalag til að örva ímyndunarafl þeirra,“ segir Hannes Þór Egilsson. „Já, það er ýmislegt sem kemur á óvart,“ segir Þyri Huld Árnadóttir. Þau eru að lýsa nýju dansverki sem þau hafa búið til og verður frumsýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins á laugardaginn klukkan eitt. Bæði eru þau dansarar við Íslenska dansflokkinn og verða sjálf í hlutverkum Óðs og Flexu – sem reyndar hafa ofurhetjukrafta eins og flestir krakkar.

Óður og Flexa halda afmæli er fyrsta frumsamda dansverkið sem Íslenski dansflokkurinn sýnir í fimmtán ár og það verður á fjölunum allar helgar í febrúar. Þau Hannes Þór og Þyri Huld sömdu það upp úr öðru verki sem þau sýndu bæði á Assitej-barnasviðslistahátíð og Barnamenningarhátíð 2014. Þau segja smá trúðsleik í dansinum en ekkert talað mál, heldur tjái persónur sig með hljóðum og auðvitað hreyfingum. „Dans fær börn til að nota ímyndunaraflið. Þau geta séð svo margt út úr hlutunum,“ segir Þyri Huld. „Svo er tónlistin stór þáttur í verkinu, við notum klassíska tónlist og hún teiknar upp hreyfingarnar.“

Bæði telja þau Hannes Þór og Þyri Huld afar jákvætt að Íslenski dansflokkurinn sinni börnum landsins og fái þau ung á sýningar, þannig ali hann upp framtíðaráhorfendur. „Mörg börn stunda ballett og annan dans meðan þau eru ung en hætta svo. Ég held það sé gott fyrir krakka að sjá hvað dans getur verið áhugaverð vinna,“ segir Hannes Þór sem hefur dansað frá sex ára aldri.

Þyri Huld kveðst hafa verið í ballett og djassballett sem barn. „Elsti bróðir minn var í breikdansi og það fannst mér mjög töff. Þar sá ég að það var hægt að gera eitthvað svalt með dansinum.“

En hvaða aldri er sýningin þeirra ætluð? „Við segjum að hún sé fyrir þriggja til níu ára en erum búin að fá börn á öllum aldri á æfingarnar, allt frá eins árs og upp úr og þau virðast öll hafa gaman af,“ segir Þyri Huld. „Já,“ segir Hannes Þór. „Þetta er fjölskyldusýning og miðaverðið bara 2.500 krónur.



Hannes Þór og Þyri Huld eru bæði höfundar nýja dansverksins og aðaldansarar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Rasmus Kristján Rask var einn fremsti málvísindamaður 19. aldar.

## Þrítugasta Rask-ráðstefnan

Rask-ráðstefna um íslenskt mál og almenna málfræði verður haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins á morgun og á laugardag. Hún er sú 30. í röðinni og er helguð minningu Kjartans G. Ottóssonar (14. 1. 1956-28.6. 2010).

Eitt fjölmargra erinda heitir Kjartan berst með Rask og damask og annað er Áhugamál Braga og Valdimars og er þar átt við hina vinsælu Baggalútsmenn.

Íslenska málfræðifélagið og Málvísindastofnun HÍ halda ráðstefnuna til heiðurs danska málfræðingnum Ras-

## Ég reyni að synda á móti straumnum og ala sjálfa mig upp

Myndlistarkonan Jónborg Sigurðardóttir – Jonna opnar sýninguna Völundarhús plastsins í Listasafninu á Akureyri á laugardaginn klukkan 15. Þar er um innsetningu að ræða, ætlaða til að gera áhorfendur meðvitaða um umhverfisáhrif plastnotkunar.

„Það er alltof mikið af plasti úti um allt og í öllu. Fólk notar plastpoka hugsunarlaust og hendir þeim svo kannski í ruslið eftir 20 mínútna notkun,“ segir listakonan. Hún kveðst reyna að synda á móti straumnum og ala sjálfa sig upp í umhverfisvitund.

„Ég hef verið að lesa mikið um plastmengun og hún er rosaleg. En ég er lítið peð sem get lagað mína neyslu og ég vil vekja áhuga á því sama hjá öðrum,“ segir hún og lýsir vinnuaðferðum sínum á sýningunni. „Ég hef verið að klippa niður plast og prjóna úr því og bý líka til völundarhús úr plasti sem hægt er að labba inni í. Svo yrki ég örljóð á plastbrúsa.

Meðan á sýningunni stendur verð ég á staðnum, held mig í lítilli kompu og vinn listaverk úr notuðu plasti með ýmsum hætti. Til dæmis ætla ég að búa til skrímsli úr plastinu.“

Jonna útskrifaðist fyrir 20 árum úr fagurlistadeild Myndlistaskólans á Akureyri og sinnti listinni lengi vel með vinnu og barnauppeldi en síðustu þrjú árin kveðst hún hafa verið mjög virk.

Völundarhús plastsins er tveggja vikna sýning. „Það er sama hvort sýningin stæði í þrjá daga, tvær vikur eða einhverja mánuði, ég legði jafn mikla vinnu í hana, því þetta er það sem ég vil láta frá mér,“ segir Jonna. „Skilaboðin mín eru að hætta að nota plastpoka.“ – gun

**ÉG HEF VERIÐ AÐ KLIPPA NIÐUR PLAST OG PRJÓNA ÚR ÞVÍ OG BÝ LÍKA TIL VÖLUNDARHÚS ÚR PLASTI SEM HÆGT ER AÐ LABBA INNI Í.**


„Meðan á sýningunni stendur verð ég á staðnum, held mig í lítilli kompu og vinn listaverk úr notuðu plasti með ýmsum hætti,“ segir Jonna.



DANS & JÓGA KYNNIR
Berocca
RISA
ZUMBA
partý
THEA · JÓI · HRAFNHILDUR
PÁLL ÓSKAR
20. FEBRÚAR
VALSHÖLLIN
LAUGARDAGMORGUN KL. 11.00
MIÐASALA Á MIÐI.IS
DANS & JÓGA
www.dansogjoga.is
HLJÓÐ, LJÓS OG SVIÐ FRÁ HLJÓÐX

# Eigum eflaust höfðatölumet í þessu eins og öðru

## Daníel Bjarnason stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á opnunartónleikum Myrkra músíkdaga þar sem verða m.a. frumfluttir tveir nýir íslenskir konsertar enda sannkallað blómaskeið í íslenskri tónlist.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Opnunartónleikar Myrkra músíkdaga í ár eru stórtónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborgarsal Hörpu í kvöld. Efnisskráin er einkar glæsileg en á tónleikunum verða m.a. frumfluttir tveir nýir íslenskir konsertar. Tónleikarnir hefjast með frumflutningi Melkorku Ólafsdóttur þverflautuleikara á nýjum konsert eftir Áskel Másson fyrir sólóflautu, hörpu, slagverk og strengi. Tónverkið Strati eftir Hauk Tómasson er næst á dagskrá en verkið var frumflutt árið 1992 og hlaut Haukur Tónskáldaverðlaun Ríkisútvarpsins fyrir verkið tveimur árum síðar. Eina erlenda verkið á efnisskránni er Act eftir Rolf Wallin, eitt helsta nútímatónskáld Norðmanna. Síðast á dagskrá er svo frumflutningur Víkings Heiðars Ólafssonar á píanókonsert Þórðar Magnússonar.

Stjórnandi á tónleikunum er Daníel Bjarnason og hann segir það gleðiefni að Sinfóníuhljómsveitin sé að fara að frumflytja tvo nýja íslenska konserta á einu kvöldi. „Áskell samdi flautukonsertinn sérstaklega fyrir Melkorku Ólafsdóttur. Það er náttúrustemning í þessu verki sem er mjög fallegt og það er fyrir aðeins minni hljómsveit, aðallega strengi, slagverk og hörpu auk flautuleikarans. Áskell heyrði Melkorku spila Takemitsu-konsert með hljómsveitinni fyrir nokkrum árum og hreifst svo af þeim flutningi að hann samdi þetta verk sérstaklega fyrir hana í framhaldinu, innblásið af þeim flutningi."

Hinn konsertinn er hins vegar stór og mikill píanókonsert eftir Þórð sem Víkingur spilar. „Það er gaman að því að þetta eru mjög ólík verk, þau eiginlega gætu ekki verið ólíkari. En þau sýna líka skemmtilega ólíkar hliðar og hversu mikil fjölbreytni er í því sem er að gerast í nýrri íslenskri tónlist."

### Mikilvægt að staldra við

Það er óneitanlega kynslóðamunur á tónskáldunum að baki verkum kvöldsins en Daníel segist ekki hafa hugsað þetta út frá því. „Í akkúrat þessu prógrammi þá hef ég ekki spáð í þetta. Ég held að maður þurfi að taka fleiri verk til þess að finna fyrir kynslóðamun. Þetta er frekar spurning um persónueinkenni tónskáldanna. Það eru mjög skýr höfundareinkenni á öllum þessum íslensku verkum en kannski er helst hægt að segja að verk Áskels sé aðeins óvenjulegt fyrir hann. Hann hefur skrifað mikið af konsertum og þetta verk hefur sterkan lit sem sker sig aðeins frá öðru sem hann hefur skrifað en svo eru höfundareinkennin líka til staðar þrátt fyrir allt. En það er líka gaman að hafa þarna eldra verk eftir Hauk, sem er eitt af okkar bestu tónskáldum, því það gefur okkur tækifæri til þess að skoða það að nýju. Það er mikilvægt að við tökum þessi eldri verk tónskáldanna okkar og flytjum þau aftur en flytjum ekki alltaf bara nýjustu verkin vegna þess að það þarf stundum að staldra við og líta til baka."

### Mikilvægir tónleikar

Daníel tekur undir að það sé sannkallað blómaskeið um þessar mundir í íslenskri tónlist. „Já, ekki spurning. Það eru margir að semja og mikill áhugi, ekki bara hér heldur úti um allan heim, á nýrri skrifaðri íslenskri tónlist. Við vitum öll um áhugann á popptónlist en það er líka mjög mikill áhugi á skrifaðri íslenskri tónlist og hann finnst mér alltaf vera að aukast. Það eru í raun ótrúlega mörg íslensk tónskáld að semja eftir pöntun út fyrir landsteinana, svo mörg að ætli við eigum ekki einhvers konar höfðatölumet í því eins og öðru.



Daníel Bjarnason stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á opnunartónleikum Myrkra músíkdaga í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**EN ÞAU SÝNA LÍKA SKEMMTILEGA ÓLÍKAR HLIÐAR OG HVERSU MIKIL FJÖLBREYTNI ER Í ÞVÍ SEM ER AÐ GERAST Í NÝRRI ÍSLENSKRI TÓNLIST.**

Hátíð á borð við Myrka músíkdaga er líka rosalega mikilvæg fyrir alla sem að þessu koma. Bæði er hægt að heyra ákaflega mikið af nýjum verkum og því sem er að gerast í dag og svo hefur þessi hátíð á síðustu árum alltaf verið að verða meira og meira alþjóðleg. Það kemur talsvert af blaðamönnum og útvarpsmönnum víða að úr heiminum til þess að fylgjast með og þannig getur þetta verið ákveðinn gluggi út í heim. Af tónleikum hljómsveitarinnar yfir starfsárið eru þetta líklega þeir tónleikar sem eru að fá mesta alþjóðlega athygli. Fólk kemur utan úr heimi til þess að heyra hvað er að gerast og þá heyrir það líka í hljómsveitinni þannig að fyrir mér eru þetta einir af mikilvægustu tónleikum ársins fyrir Sinfóníuna."




# Fyrstu og erfiðustu skrefin

**LEIKHÚS**

**Samfarir hamfarir**
★★☆☆☆
**Tjarnarbíó**

**Handrit** Natan Jónsson og Þórunn Guðlaugs
**Leikstjórn** Natan Jónsson
**Leikur** Þórunn Guðlaugs, Ársæll Níelsson og Aðalsteinn Oddsson
**Tæknimeistari** Kristinn Ágústsson
**Tónlist og hljóðheimur** Einar Sv. Tryggvason
**Sviðsmyndahönnun** Þórunn Guðlaugs og Natan Jónsson
**Búningahönnun** Ella Reynis

Ný íslensk leikskáld spretta ekki fram á sjónarsviðið á hverjum degi. Hvað þá ung leikskáld. Um þessar mundir er leikverkið Samfarir hamfarir sýnt í Tjarnarbíói en handritið er skrifað af Natani Jónssyni og Þórunni Guðlaugs, sem bæði eru útskrifuð úr Kvikmyndaskóla Íslands. Verkið fjallar um æsku- og unglingsár ungrar konu, einnig kölluð Þórunn, og tilraunir hennar til að finna sinn stað í samfélagi sem endalaust setur henni skorður, ósanngjarnar reglur og dæmir miskunnarlaust.

Þrátt fyrir ágæta tilburði nær Þórunn aldrei að gefa þessari ungu konu nægilega breidd. Hún er föst í sama frásagnarhorfinu og vandræðatilburðirnir verða fljótt eintóna. Það vantar meiri reiði, stærri hvörf og sterkari líkamsbeitingu í hennar leik. En einlægnin skilar sér og sumar sögurnar eru sérstaklega sárar, þá sérstaklega um grimmd unga fólksins sem lætur mistök aldrei gleymast.

**Í ÞESSU VERKI LIGGJA ÁHUGAVERÐAR OG KRASSANDI HUGMYNDIR UM SAMTÍMARAUNIR UNGRA KVENNA SEM VERT ER AÐ RANNSAKA BETUR, RÆÐA OG SÝNA.**

Ársæll Níelsson leikur innri rödd, jafnvel samvisku, Þórunnar sem bæði styður hana, hjálpar henni að rifja upp liðna tíma en spyr stundum óþægilegra spurninga. Hann fer vel með efnið og finnur áhugaverða fleti á þessum annars flata karakter. Aðalsteinn Oddsson leikur mennina í lífi aðalpersónunnar; lítinn hnokka sem gaf Þórunni fyrsta kossinn, niðurbrotinn föður hennar og misvelheppnaða kærasta eða bólfélaga. Því miður eru flestir karakterar hans heldur klisjukenndir þannig að erfitt er að gefa þeim raunverulegt líf.

Sviðsmyndahönnunin er einnig í höndum Þórunnar og Natans. Í stað þess að velja natúralíska uppsetningu umbreyta þau Tjarnarbíói í einhvers konar taugaboðamiðstöð, þar sem fléttaðir taugaendarnir geyma minningabrot Þórunnar. Innsetningin er áhrifamikil í fyrstu en verður síðan statísk, þrátt fyrir fína ljósahönnun Kristins Ágústssonar og góða hljóðhönnun Einars Sv. Tryggvasonar. Rauðir búningar Ellu Reynis passa illa inn í sviðsmyndina þó fallegir séu. Natan er leikstjóri í þróun en nær sjaldan að setja sitt mark á textann og kveikja undir atriðunum.

Þegar allt kemur til alls ná Natan og Þórunn aldrei að hrista klisjurnar af efniviðnum; samskiptum kynjanna, sorg og kynferðispólitík samtímans. Uppbrotið með tímaflakkinu verður fljótlega fyrirsjáanlegt en aðalpersónan virðist eingöngu vera skilgreind út frá æskuharmi og ömurlegum samskiptum við hitt kynið, ekki út frá sjálfri sér. Áhorfendur vita aldrei hvað hún vill og endirinn er sem klipptur úr eldri Hollywood-kvikmynd.

Þórunn á vonandi eftir að halda áfram, vinna frekar að sínum stíl og gera betur næst, Natan sömuleiðis. Í þessu verki liggja áhugaverðar og krassandi hugmyndir um samtímaraunir ungra kvenna sem vert er að rannsaka betur, ræða og sýna. Verst að vettvangurinn var hreinlega rangur í þetta skiptið. Þó verður að koma á framfæri að verkið myndi sóma sér sem umræðugrundvöllur fyrir framhaldsskólakynslóðina.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ansi brösótt byrjun en ný leikskáld hafa stigið fram.

# NÝ FRÁ NESBØ!






Jo Nesbø sannar enn einu sinni snilligáfu sína með „Meira blóði"!

**Meira blóð**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir frá 28. jan til og með 31. jan. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# BÍÓ



Forboðin ást þeirra Felix og Meira er líkleg til að snerta við áhorfendum með einum eða öðrum hætti.

# Ást milli ólíkra heima

KVIKMYNDIR

**Felix and Meira**
★★★★☆

**Leikstjórar:** Philippe Lacheau, Nicolas Benamou
**Aðalleikarar:** Philippe Lacheau, Alice David, Vincent Desagnat

Felix and Meira eru frá frönskumælandi Kanada og segir frá tveimur stefnulausum manneskjum sem finna hvor aðra. Felix er nýbúinn að missa föður sinn og ætlar sér að lifa á arfinum þar sem hann hefur ekkert fyrir stafni. Meira er ungur rétttrúnaðargyðingur sem er óhamingjusöm í hjónabandi sínu og veit ekki hvort hún vill þetta líf. Dag einn liggja leiðir þeirra saman og þau finna eitthvað í hvort öðru. En hvað er það sem þau virkilega vilja?

Myndin Felix og Meira fer rólega af stað og fyrst virðist eins og þetta gæti verið enn ein dæmigerð mynd um forboðna ást og hversu erfitt lífið er fyrir konur í strangtrúuðum samfélögum. En smám saman kemur í ljós að þótt það sé að vissu leyti rétt þá er myndin að segja eitthvað aðeins meira.

Í myndinni kynnumst við heimi sem er í senn framandi og hversdagslegur. Meira býr í heimi sem fæstir Íslendingar þekkja mikið til, heimi þar sem konur „þekkja sinn stað" og sætta sig við það. En Felix er dæmigerður iðjuleysingi sem veit ekkert hvað hann vill í lífinu og finnst það allt í lagi. Þau búa í sama hverfinu en gætu samt allt eins búið hvort í sinni heimsálfunni miðað við hversu ólíkt líf þeirra og menningarheimur eru.

Að miklu leyti er Felix and Meira tiltölulega tíðindalítil og hæglát mynd hvers styrkur liggur í því að byggja upp sérstaka stemningu. Myndin gerir lítið til að vekja athygli á sér og er að mestu laus við tilgerð, stæla og væmni. Það sést m.a. í myndatökunni sem lætur lítið á sér bera, myndin er fremur dökk og ekki mikil hreyfing á myndavélinni, en þrátt fyrir það gullfalleg og sagan tjáð mjög myndrænt.

Felix and Meira verður sjaldan of þung þrátt fyrir alvarlegt viðfangsefni og er hæfilega krydduð með smá húmor, t.d. má nefna eitt mjög skemmtileg atriði þar sem við fylgjumst með tveimur rónalegum mönnum á bar tjá sig um hvað Felix er lélegur dansari. Húmorinn virkar því bæði til að mynda mótvægi við dramað og til að segja eitthvað um persónurnar.

Myndin er bæði frábærlega vel leikin og leikstýrð og í raun fátt sem má finna að henni. Þó er hún aðeins of lengi í gang og fullhæg á köflum, auk þess sem hvernig Felix og Meira kynnast í upphafi og verða ástfangin er kannski ekki fullkomlega sannfærandi. En maður hættir fljótt að spá í það og myndin nær vel að snerta mann.

**NIÐURSTAÐA:** Falleg, áleitin og sérstæð mynd sem segir gamla sögu á eilítið nýstárlegan hátt. Hún er örlítið langdregin á köflum en nær engu að síður að snerta mann.

## Frumsýningar



THE BOY
Hryllingsmynd
Aðalhlutverk: Lauren Cohan, Rupert Evans og James Russell
Frumsýnd: 29. janúar
IMDb 6,7/10 og Rotten Tomatoes 50%



SPOTLIGHT
Sannsöguleg og dramatísk
Aðalhlutverk: Mark Ruffalo, Michael Keaton og Rachel McAdams
Frumsýnd: 29. janúar
IMDb 8,3/10 og Rotten Tomatoes 96%



DIRTY GRANDPA
Gamanmynd
Aðalhlutverk : Robert De Niro, Zac Efron, Zoey Deutch og Aubrey Plaza
Frumsýnd: 29. janúar
IMDb 5,8/10 og Rotten Tomatoes 53%




Dalakollur
Þéttur og bragðgóður hvítmygluostur
Dalakollur minnir á Brie í útliti en er þéttari og því skeranlegur með ostaskera. Hann er tilvalinn ofan á ristað brauð með ávaxtamauki.
Osturinn er nefndur eftir hersinum Kolli sem kom til Íslands með Auði djúpúðgu, settist að í Dölunum og fékk viðurnefnið Dala-Kollur. Hann var föðurafi Hallgerðar langbrókar.
15-1937-HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# GLEÐILEGT GRÆJUÁR:)

## BYRJUM ÁRIÐ MEÐ LÁTUM • ALLAR HEITUSTU GRÆJURNAR



1920x1080 FHD ANTI-GLARE SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD!

NÝ VAR AÐ LENDA!

FÆST Í ÞREMUR LITUM

3 LITIR

### E5-473
**NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA**

Nýjasta kynslóð fartölva með Full HD skjá, öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSHD harðdisk og TrueHarmony hljóðkerfi.

- Intel Pentium Dual Core 3556U 1.7GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 14" FHD LED AntiGlare 1920x1080
- Intel HD Graphics DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

acer

**99.900**
ÓTRÚLEGT KYNNINGARVERÐ!



50% AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 9.990

CREATIVE

### HITZ
**FISLÉTT HEYRNARTÓL**

- Glæsileg heyrnartól frá Creative
- Kristaltær hljómur og þéttur bassi
- Stórir lokaðir og "ultra" mjúkir púðar
- 30mm Neodymium driverar
- Svarhnappur og hljóðnemi í snúru
- Einstaklega létt fyrir langtíma notkun
- 1.2 metra flöt flækjulaus snúra

**4.995**
FÆST Í 4 LITUM



TRUE BLACK VALED TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

GW2870H

TENGDU ALLT 2x HDMI TENGI:)

### 28"VALED
**FULL HD VA-LED**

- 28" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- 2x HDMI HDCP og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni

**49.900**
22" 24.900 | 24" 29.900



NÝTT VAR AÐ LENDA

TRUST GAMING

### GXT155
**LASER LEIKJAMÚS!**

- Hárnákvæmur 5000 dpi laser skynjari
- 11 forritanlegir takkar fyrir allar aðstæður
- Innbyggt minni fyrir leikjaprófíla og Macros
- Öflugur gaming hugbúnaður fylgir
- Stillanleg þyngd með 8x 2 gramma lóðum
- 1.9 metra ofin USB anti-tangle snúra
- Sérlega slitsterk og gripgóð húðun

**9.990**
HÁRNÁKVÆM LEIKJAMÚS!



KEMUR Í FJÓRUM LITUM!

SEAGATE

### 1TB Slim
**HÁGÆÐA FERÐAFLAKKARI**

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**12.900**
2TB AÐEINS 19.900



1280x800 IPS HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

2 LITIR

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 8.6mm OG 320gr

250% ÖFLUGRI

ICONIA

### B1-750
**STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA**

Ný kynslóð enn öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með 7" IPS HD fjölsnertiskjá með Zero Air Gap og Anti-fingerprint tækni.

- 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 8GB flash og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær vefmyndavélar 5MP og 0.3MP
- Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita

acer

**19.900**
FÆST Í 2 LITUM



50% AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 1.990

**995**

### SNERTIHANSKAR



CRUZ BAKPOKI Fartölvubakpoki með plássi fyrir allt aukadótið :)

3 LITIR

CRUZ 16"
**7.990**

Trust

### FARTÖLVUBAKPOKI



GOOGLE CHROMECAST 2
Breyttu sjónvarpinu í snjallsjónvarp með Chromecast 2, þú stjórnar snjallsjónvarpinu þínu með hvaða snjalltæki sem er :)

2nd GEN
**6.990**

Google

### CHROMECAST 2



ALVÖRU GALLABUXNA EFNI ;)

VERÐ FRÁ
**4.990**

Trust DIGITAL LIFESTYLE ACCESSORIES

### SPJALDTÖLVUHLÍF

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

acer BenQ CREATIVE Lenovo KOSS THONET & VANDER Trust SEAGATE

28. Janúar 2016 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreng











# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

## 28. JANÚAR 2016

### Tónlist

**Hvað?** Þórunn Antonia & Bjarni á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra

**Hvað?** Melkorka og Víkingur
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Harpa-Eldborg
Sinfóníuhljómsveit Íslands tekur nú í 18. sinn þátt í Myrkum músíkdögum, frumflytur tvö ný íslensk tónverk og leikur tvö eldri tónverk, eitt íslenskt og eitt norskt. Þrír af glæsilegustu tónlistarmönnum landsins verða í forgrunni á tónleikunum. Miðaverð á tónleikana er 2.200 til 4.100 krónur.

**Hvað?** Af fingrum fram - Páll Rósinkranz
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salurinn
Einn ástsælasti söngvari landsins mætir loks í heimsókn til Jóns Ólafssonar. Tónlistin er af ýmsum toga og ljóst að af nógu verður að taka á þessum spjalltónleikum. Miðaverð á tónleikana er 3.500 til 3.900 kr.

**Hvað?** Myrkir músíkdagar 2016: Dans les Arbres
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Harpa
Síbreytilegur hljóðheimur Dans Les Arbres er sveigjanlegur og verður fyrir áhrifum af litbrigðunum sem hljóðfæraleikarar þessa einstaka kvartetts hafa fram að færa. Verð 2.000 krónur.

### Fundir

**Hvað?** Væntingar og veruleiki: Hvernig tryggjum við faglegt leikskólastarf?
**Hvenær?** 8.30
**Hvar?** Grand Hótel
Fundarefnið er Væntingar og veruleiki: Hvernig tryggjum við faglegt leikskólastarf?

**Hvað?** „Ég vildi eiga þau fyrir nágranna“ – Sálfélagslegur stuðningur við flóttafólk á Grikklandi
**Hvenær?** 8.30
**Hvar?** Rauði Krossinn í Efstaleiti
Fimmtudaginn 28. janúar mun Páll Biering, dósent í geðhjúkrun, kynna verkefni sitt á Grikklandi í lok síðasta árs. Þar starfaði hann í flóttamannabúðum norska Rauða krossins í Idomeni, smábæ við landamæri Makedóníu og veitti flóttafólki sálfélagslegan stuðnig og þjálfaði sjálfboðaliða gríska Rauða krossins.

### Uppákomur

**Hvað?** Hlauparöð FH og Atlantsolíu 2016
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Íþróttahúsið við Strandgötu
Bráðskemmtilegt 5 km hlaup fyrir alla aldurshópa. Hlaupasería FH og Atlantsolíu eru þrjú hlaup sem hlaupin eru í janúar, febrúar og mars. Boðin verður sú nýbreytni að hafa flögur í hlaupinu, sem gerir hlaupin mun nákvæmari og úrslitin koma þá strax inn. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

**Hvað?** Það sem þetta er er ekki
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Listastofan
Sýningin er innsetning þar sem hlutir eru settir í nýtt samhengi. Í rýminu tala hlutirnir saman um ólík viðfangsefni. Höfundar verksins eru Íris Indriðadóttir, Ólöf Björk Ingólfsdóttir og Signý Jónsdóttir.

**Hvað?** Himingeimurinn: Kvöldopnun í Ásmundarsafni
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ásmundarsafn - Listasafn Reykjavíkur
Í Kúlunni verður boðið upp á fræðslu um himingeiminn en henni hefur verið breytt í stjörnuver í tengslum við sýninguna Geimþrá. Frímann Kjerúlf Björnsson, myndlistarmaður og eðlisfræðingur, fræðir gesti um hin ýmsu fyrirbæri geimsins.


Dögun boðar til umræðufundar um TISA-viðræðurnar. Fundarstjóri er leikarinn Benedikt Erlingsson.

**Hvað?** Varúð TISA
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Dögun boðar til umræðufundar um TISA-viðræðurnar. Fundurinn verður haldinn í sal Norræna hússins 28. janúar. kl. 20.00. Allir velkomnir. Fundurinn fer fram á íslensku. Fundarstjóri er Benedikt Erlingsson, leikari og leikstjóri.

**Hvað?** Lítil stytta frá Babýlon
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Jón Björnsson flytur erindi. Árið 1936 fannst lítil leirstytta við fornleifauppgröft í borginni Babýlon og stundum er hún nefnd Næturdrottningin. Myndin er hlaðin táknum og í kringum hana hafa spunnist dularfullar sögur. Sumir segja að hér sé komin mynd af konu þeirri sem Lilith hét og Adam var í tygjum við áður en hann tók saman við Evu. Margt hefði farið á annan veg ef þeim hefði komið betur saman. Enginn aðgangseyrir. Allir velkomnir.

**Hvað?** Bjór bingó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Den Danske Kro
Bjór bingó ásamt áfengistombólu fimmtudaginn. Bingóspjaldið kostar 300 krónur. Tombólumiði kostar 200 krónur. Jói og leynigestur sjá um bingóið.

### Uppistand

**Hvað?** Uppistand í Comedy Klúbbnum
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11
Uppistand.is heldur grínkvöld alla fimmtudaga í Comedy Klúbbnum á Bar 11. Í janúar eru öll uppistöndin á svokölluðu „Pro-Am“ formi, fyrrihlutinn er uppistand með reyndari grínistum og eftir hlé tekur við svokallað Tilraunauppistand, þar sem óreyndir grínistar fá tækifæri til að spreyta sig og reyndari prófa nýtt efni. Aðgangseyrir er 1.000 kr.


Þórunn Antonía ásamt Bjarna spila á Húrra kl. 20.00.







Allt að sjötíu prósenta afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN FÖSTUDAG, Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG, 28. TIL 31. JANÚAR**

**HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN, OFL.**

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal




# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Jamie's 30 Minute Meals
**11.25** Um land allt
**12.05** Hindurvitni
**12.35** Nágrannar
**13.00** Edward Scissorhands
**14.45** Justin Bieber's Belive
**16.25** Ninja-skjaldbökurnar
**16.50** Tommi og Jenni
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan Tuttugasta og þriðja þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátektarsamari.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag Andri, Margrét Erla, Sigrún Ósk og Eva Laufey færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
**19.25** Matargleði Evu
**19.45** Jamie's Super Food
**20.35** NCIS
**21.20** The Blacklist
**22.05** Death Row Stories
**22.50** Married
**23.10** Shetland
**00.10** Star Trek: Into Darkness Þegar áhöfn Enterprise er kölluð heim uppgötva þau hryðjuverkaógn innan eigin raða. Kirk skipstjóri ákveður að koma til bjargar og leiðir sitt fólk inn í stríðshrjáðan heim til að finna manninn sem ber ábyrgð á ógninni. Eftir því sem hetjurnar á Enterprise sogast dýpra inn í átök upp á líf og dauða þurfa menn að endurskoða líf sitt inn á við þar sem ástarsambönd og vinskapur er í hættu. Með aðalhlutverk fara Chris Pine, Zachary Quinto og Zoe Saldana.
**02.20** Gangster Squad
**04.10** The Counselor

### SPORT

**10.35** Haukar - Keflavík
**12.10** Empoli - AC Milan
**13.50** Carolina Panthers - Arizona Cardinals
**16.50** Man. City - Everton
**18.30** NFL Gameday
**19.00** Fjórgangur V1
**22.30** Malaga - Barcelona
**00.10** Njarðvík - KR

### SPORT 2

**11.30** Leicester - Stoke
**13.10** Man. Utd. - Southampton
**14.50** Messan
**16.00** Burnley - Derby
**17.40** Norwich - Liverpool
**19.25** Man. City - Everton
**21.05** Premier League World
**21.35** WBA - Aston Villa
**23.15** Premier League Review
**00.10** Football League Show

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** European Tour
**11.00** European Tour
**14.00** PGA Tour
**15.45** Golfing World
**16.35** European Tour
**19.35** Inside the PGA Tour
**20.00** PGA Tour

### STÖÐ 3

**18.20** Guys with Kids
**18.45** Comedians
**19.10** Suburgatory
**19.30** Fresh off the Boat
**19.55** Sullivan & Son
**20.20** Supergirl
**21.05** Flash
**21.50** Arrow
**22.35** Lip Sync Battle
**23.00** NCIS Los Angeles
**23.40** Fresh off the Boat
**00.05** Sullivan & Son
**00.25** Supergirl
**01.10** Flash
**01.50** Arrow
**02.35** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ofurhundurinn Krypto
**07.25** Skógardýrið Húgó
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Gulla og grænjaxlarnir
**08.55** Tommi og Jenni
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** UKI
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.23** Lína Langsokkur
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Ofurhundurinn Krypto
**11.24** Skógardýrið Húgó
**11.46** Ævintýraferðin
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Gulla og grænjaxlarnir
**12.55** Tommi og Jenni
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** UKI
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.23** Lína Langsokkur
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Ofurhundurinn Krypto
**15.24** Skógardýrið Húgó
**15.46** Ævintýraferðin
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Gulla og grænjaxlarnir
**16.55** Tommi og Jenni
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.48** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** UKI
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.23** Lína Langsokkur
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Lási löggubíll

### GULLSTÖÐIN

**17.20** The Big Bang Theory
**17.45** Friends
**18.05** New Girl
**18.30** Modern Family
**18.55** Major Crimes
**19.35** Cold Feet
**20.25** Death Comes to Pemberley
**21.30** Klovn
**22.00** The Sopranos
**22.55** It's Always Sunny in Philadelphia
**23.20** The Glades
**00.05** Major Crimes
**00.45** Cold Feet
**01.35** Death Comes to Pemberley
**02.35** Klovn
**03.05** The Sopranos
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**10.20** Admission
**12.05** The Armstrong Lie
**14.05** Silver Linings Playbook
**16.05** Admission
**17.50** The Armstrong Lie
**19.55** Silver Linings Playbook
**22.00** Insidious: Chapter 2 Spennutryllir frá 2013 sem fær hárin til að rísa. Lambert-fjölskyldan reynir að komast að því hvers vegna illir andar ásækja hana. Aðalhlutverkin leika Patrick Wilson, Rose Byrne, Barbara Hershey og Ty Simpkins.
**23.45** Now You See Me Mögnuð mynd frá 2013 með Jesse Eisenberg, Mark Ruffalo, Woody Harrelson, Isla Fisher, Morgan Freeman og Michael Caine í aðalhlutverkum. Hópur eitursnjallra töframanna fremur magnað bankarán í miðri sýningu og dreifir ránsfengnum til áhorfenda. Alríkislögreglumanninum Dylan Hobbs er falið að rannsaka málið en hann rekur sig strax á veggi því honum er gjörsamlega ómögulegt að skilja, og því síður sanna, hvernig fjórmenningarnir sem staddir voru í Las Vegas og fyrir allra augum gætu hafa framið bankarán á sama tíma í annarri heimsálfu.
**01.40** The Salvation
**03.15** Insidious: Chapter 2

### RÚV

**17.05** Stóra sviðið
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Stundin okkar
**18.20** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**18.32** Eðlukrúttin
**18.43** Hrúturinn Hreinn
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Íslenskur matur
**20.40** Ljósmóðirin
**21.35** Best í Brooklyn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.10** Ófærð
**00.05** Kastljós
**00.35** Fréttir
**00.50** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.03** Hotel Hell
**09.45** Minute to Win It
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.55** King of Queens
**13.19** Dr. Phil
**14.01** The Millers
**14.24** Survivor
**15.11** The Voice
**16.42** The Voice
**17.26** Dr. Phil
**18.09** The Tonight Show
**18.52** The Late Late Show
**19.33** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Biggest Loser - Ísland
**21.00** Billions
**21.45** Zoo
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Scorpion
**00.35** Law & Order: Special Victims Unit
**01.20** The Affair
**02.05** Billions
**02.50** Zoo
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




2 | 19:25
**MATARGLEÐI EVU**
Eva Laufey er mætt aftur með sína fróðlegu og freistandi matreiðsluþætti þar sem allt er leyfilegt. Í þessum þætti er það hinn fullkomni vetrarmatur: Pottabrauð með pestói, hægeldað nautakjöt og ljúffeng döðlukaka með karamellusósu.

FRÁBÆR
**FIMMTUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

2 | 19:50
**JAMIE'S SUPER FOODS**
Í þessum skemmtilegu þáttum ferðast Jamie Oliver víða um heim til að komast að leyndarmáli þeirra sem lifa lengur.



2 | 20:35
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



2 | 21:25
**BLACKLIST**
Við höldum áfram að fylgjast með James Spader í hlutverki Raymonds Reddington í þessum mögnuðu spennuþáttum.



2 | 22:10
**DEATH ROW STORIES**
Vandaðir og spennandi heimildarþættir þar sem fjallað er um alríkisglæpi sem varða dauðarefsingu í Bandaríkjunum.



| 22:00
**INSIDIOUS: CHAPTER 2**
Spennutryllir um Lambert-fjölskylduna sem flytur í nýtt hús og fljótlega fara óhugnanlegir hlutir að gerast.



3 | 21:50
**ARROW**
Eftir nokkurt hlé höldum við áfram að fylgjast með unga milljónamæringnum og glaumgosanum sem sneri aftur eftir 5 ár á eyðieyju.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

## 59,9%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.– des. 2015.




Allt sem þú þarft ...

# Frægir á ferð og flugi

Fræga fólkið er yfirleitt æðislega upptekið við að vera út um allt, og á því er engin breyting. París var vinsæl þessa vikuna, en þar stendur hin stórbrotna tískuvika yfir. Cara Delevingne vakti til dæmis athygli í París, þar sem hún var í slagtogi við glæsilegan hund.



Framlínan á sýningu Ralph & Russo á tískuvikunni í París var ansi þétt setin nafntoguðum afturendum, hverjum í sínu fínasta pússi auðvitað. Helstar ber að nefna þær Ritu Ora og hina þaulreyndu Umu Thurman. Hæglega má lesa úr klæðnaði kvennanna að glimmer og glamúr sé dottið inn aftur.

Will Smith ofurleikari var viðstaddur sýningu myndarinnar La Verdad Duele í Madríd á Spáni, en hann fer með aðalhlutverk í þeirri mynd.



Gwyneth Paltrow og Karl Lagerfeld voru býsna smart á sýningu Chanel, þeirri sömu og Cara mætti á með hundinn. Þau voru þó öllu dannaðri, enda engir óþarfa sénsar teknir á þeim bænum.

Bella Hadid, ein af þessum ungu fersku í heimi fræga fólksins, rúllaði um götur Parísar í leðri frá toppi til táar. Er ekki annars alltaf veður fyrir leður?

Cara Delevingne, fyrirsæta með meiru, lét sig ekki vanta á tískusýningu Chanel á tískuvikunni í París. Líklega hefur verið einhver hundur í okkar konu, en kjölturakkarnir eru yfirleitt nokkrum númerum minni en þessi fallegi hvutti sem Cara dröslaðist með í fremstu röð sýningarinnar.

Markhönnun ehf





# Ísland SPENNANDI STAÐUR FYRIR LISTAMENN

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Mikið var um stórtónleika hér á landi fyrir efnahagshrunið en svo virðist vera sem tónleikahald á Íslandi sé að taka við sér á ný, eins og sést hefur með tónleikum Justins Timberlake, Kings of Leon og nú Justins Bieber svo nokkrir séu nefndi.

## ADELE, U2 OG MADONNA SÖGÐU „NEI, ÞVÍ MIÐUR“

Þessi bransi hefur í gegnum tíðina átt það til að laða að sér ævintýramenn, unga og bjartsýna menn sem trúa því að ekkert geti klikkað og þá hefur stundum gengið brösuglega að láta enda ná saman og það bitnað á gæðum tónleika. En þeir sem eru aktívastir í dag hafa flestir hverjir verið nokkuð lengi í bransanum og eru að gera þetta vel. Ég tel það líka hafa haft jákvæð áhrif að nokkuð öflugt fyrirtæki eins og Sena hafi farið í tónleikahald því þarna er kominn aðili sem hefur getu til að kaupa súperstjörnur til landsins á borð við Justin Bieber og Justin Timberlake og burði í þá áhættu sem því fylgir. Það er mikill skóli fyrir okkur að vinna með böndum á borð við Eagles, Timberlake og Bieber og þeim batteríum sem eru í kringum svona artista, þannig að svona tónleikar koma með aukna fagmennsku inn í bransann hér,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson, tónleikahaldari hjá Senu, um breytingarnar í tónleikahaldsgeiranum síðustu ár.

Hann segir Ísland vera heitt að ákveðnu leyti og að listamenn hafi almennt áhuga á að sækja landið heim. „Efnahagsumhverfið er allt í lagi, krónan reyndar ekkert æðisleg en vissulega hjálpar það til að flestir eru áhugasamir um að heimsækja Ísland. Það og smæðin hjálpar okkur kannski stundum að kreista út einhvern afslátt hér og þar, en á endanum þurfum við nú einfaldlega að borga það sem þeir þurfa að fá.“

Ísleifur segir að aukinn áhugi á Íslandi sjáist helst í því að umboðsmenn og skrifstofur séu farin að hafa samband við þá að fyrra bragði í meira mæli en áður. „Við erum í stanslausu sambandi við umboðsskrifstofur og umboðsmenn. Við vöktum hverjir eru á túr eða hverjir eru að fara á túr. Það er samt farið að aukast að það sé haft samband við okkur að fyrra bragði. Við og Ísland erum orðin þekkt stærð og bransinn úti veit að við gerum hlutina vel og að það er gaman og öðruvísi að koma til Íslands.“



Ísleifur B. Þórhallsson

MENN ERU OFT REKNIR ÁFRAM AF ÁSTRÍÐU Í ÞESSUM BRANSA. EF TAKMARKIÐ ER AÐ GRÆÐA PENINGA ER EFLAUST SKYNSAMLEGRA AÐ FARA Í ALLT ANNAÐ EN TÓNLEIKAHALD.

Samningaviðræður ganga sjaldan upp og stundum er svarið bara beint nei. „Í 90% tilfella þá einfaldlega ganga hlutirnir ekki upp. Það kemur stundum fyrir að þeir segja bara sorrí, þetta er ekki hægt strax; við munum ekki ná að koma Íslandi fyrir á þessum túr. Ef menn eru hins vegar opnir fyrir því að ræða málið þá erum við yfirleitt nokkuð fljótir að sjá hvort það sé hægt að ná saman peningalega eða ekki.“

Ísleifur segir að ef menn ætli sér að græða peninga þá sé sennilega flest gæfulegra en tónleikahald. „Menn eru oft reknir áfram af ástríðu í þessum bransa. Ef takmarkið er að græða peninga er eflaust skynsamlegra að fara í allt annað en tónleikahald. Það er erfitt að láta þetta bera sig og sérstaklega erfitt að byggja rekstur á tónleikum eða ætla að lifa af þessu starfi. Enda eru svo til allir tónleikahaldarar á Íslandi í öðrum störfum meðfram eða sem aðalstarfi.“

Ísleifur hefur fengið synjanir í starfi sínu en getur hann nefnt einhver stór nöfn sem hafa sagt nei við Íslandi? „Ég vil helst ekki vera að nefna nein nöfn eða segja neinar sögur en dæmi um þá sem hafa sagt nei strax eru til dæmis umboðsmenn Adele, U2 og Madonnu. Á þeim tíma sem við tékkuðum á þessum var þetta ekki möguleiki en það þýðir ekki að þau geti aldrei komið,“ útskýrir Ísleifur sem er um þessar mundir að gera allt klárt fyrir komu poppprinsins Justins Bieber sem heldur tvenna tónleika í Kórnum í september, þar sem von er á 38 þúsund gestum.

## BÖND ÞURFA AÐ SPILA MEIRA VEGNA SAMDRÁTTAR Í PLÖTUSÖLU

Þetta gengur í bylgjum. Það var rosa gróska í tónleikahaldi fyrir hrun en það var mikil breyting frá því sem áður var. Ef við skoðum söguna og förum aftur, þá fengum við Kinks í gamla daga og á áttunda áratugnum komu Led Zeppelin, Deep Purple og Clash og fleiri. Á níunda áratugnum komu til dæmis Human League, Madness og Simply Red. Svo breyttist þetta þegar okkar tónlistarmenn fóru að gera það gott úti, nú er þetta að verða mikið meira. Eftir 2000 kom mikið af listamönnum en eftir 2008 dó þetta. Árið 2009 var nánast dautt, 2010 var aðeins líflegra og þetta hefur verið að stækka. Það stefnir í mjög stórt ár í ár. Nú erum við líka með fjórar stórar tónlistarhátíðir,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves, spurður út í þróunina í tónleikahaldi.

Hann segir að hljómsveitir í dag þurfi að spila meira vegna samdráttar í plötusölu. „Bönd þurfa að spila til að fá pening, þau eru ekki að selja plötur eins og í gamla daga.“

Grímur segir að meðal annars eldgos og efnahagshrunið hafi komið Íslandi enn frekar á kortið. „Það var hellingur um að vera fyrir hrun eins og Eric Clapton, Paul Simon, Bob Dylan og margir fleiri sem komu hingað. Ísland er orðið meira spennandi, það er líka út af eldfjöllum, eldgosum og hruninu. Þetta er samt alltaf mjög dýrt. Dollarinn er í dag um 130 kall en hann var 60 kall fyrir hrun. Fólk er samt farið að eiga meiri peninga á Íslandi og er til í að borga 20 þúsund kall fyrir tónleikamiða.“

Grímur telur tónleikahaldara ekki standa í umstanginu vegna mikils gróða í þessum geira.



Grímur Atlason

„Þumalputtareglan í þessum risagiggum er oft 95-5 og yfir í 80-20 skipti eftir núllpunkt og þá er oftast mjög há trygging sem verður að greiða hvernig sem fer. En svo selja menn mat, bjór og annan varning og fá sneið af þeirri köku. Þetta eru alls konar bisnessmódel og misflókin.“

Spurður út í hvort hann viti til nokkurra nafna í tónlistarheiminum sem hafi sagt beint nei takk við boði um að koma til Íslands hefur Grímur þetta að segja: „Það er eflaust fullt af nöfnum sem hafa neitað strax. Ég hugsa að flestir sem hafa reynt að fá Beyoncé, U2, Madonnu, Rolling Stones, Paul McCartney eða Bruce Springsteen til landsins hafi fengið þvert nei þó stundum hafi samningar gengið eitthvað lengra.“

## ÍSLAND ER ÖRMARKAÐUR EINS OG LÍTILL BÆR Á ENGLANDI

Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari hefur verið iðinn að undanförnu við að standa fyrir tónleikum hér á landi. Hann flutti hingað meðal annars Paul Simon, Tom Jones, Jessie J og þá er hljómsveitin Simply Red væntanleg hingað til lands í maí á hans vegum. „Þetta tekur stöðugum breytingum. Eftir hrun voru nánast engir hljómleikar í nokkur ár. Þetta er að breytast núna. Krónan er hagstæð og umhverfið betra en oft áður. Eins hafa sterkar hljómleikahátíðir bæst í flóruna eins og til dæmis Secret Solstice og ATP,“ segir Guðbjartur spurður út í breytt umhverfi í tónleikahaldi hér á landi á undanförnum árum.

Hann segir að tónleikahaldarar þurfi að vera vakandi fyrir því hvað sé að gerast erlendis þegar kemur að því að flytja listamenn til landsins. En segja listamenn beint nei við fyrirspurnum? „Oft fáum við beint nei en stundum er smá samtal þangað til við við fáum neið. Inn á milli kemur svo já,“ segir Guðbjartur.



Guðbjartur Finnbjörnsson

Hann segir jafnframt að gróðinn sé oft ekki mikill hér á landi. „Þetta er gríðarleg áhætta og mikið umfang og lítið þarf að fara úrskeiðis til að allt fari til fjandans. Við gleymum því oft að Ísland er örmarkaður – jafnstór og lítill bær á Englandi.“ Áhættan er mikil en Guðbjartur segir að við stærri viðburði sé yfirleitt samið um prósentur.

Getur þú nefnt einhverja sem hafa sagt beint nei við fyrirspurn? „Hér eru nokkrir sem hafa nánast sagt nei strax: Bruce Springsteen, U2, David Bowie, Rolling Stones og fleiri og fleiri. Það eru ekki bara peningarnir sem ráða heldur líka fjarlægðin og það að þurfa að flytja allt með flugi til landsins. Þú getur rétt ímyndað þér hvað kostar að koma með tugi tonna af dóti í flugi til landsins.“

## MARGIR VILJA KOMA AFTUR TIL ÍSLANDS

Tónleikahald á Íslandi náði ákveðnu hámarki árið 2007 þegar það voru endalaust tónleikar hérna og margir þeirra gengu frekar illa. Svo hrundi krónan og enginn átti pening til að bóka bönd. Nú er krónan að styrkjast og meira hægt að gera,“ segir Friðrik Ólafsson, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice.

Hann segir Ísland nú vera vinsælan og spennandi stað til að heimsækja og að það hjálpi til við bókanir. „Ýmsir listamenn sem ég hef flutt inn hafa beðið um að fá að koma aftur til landsins. Ísland er þó mjög lítill markaður og oft meikar það ekki sens út frá fjárhagslegu sjónarmiði fyrir stóra listamenn að koma hingað.“



Friðrik Ólafsson

Þeir sem sjá um bókanir hjá listamönnum, svokallaðir agentar, taka auðvitað misjafnlega í fyrirspurnirnar. „Þetta fer eftir ýmsu, eins og til dæmis, er artistinn í stúdíói eða í fríi? Maður getur samt alltaf sent inn tilboð og athugað stöðuna þegar listamaðurinn fer af stað í tónleikaferð, það er alltaf hægt að semja.“

Tónleikahaldarar taka mikla áhættu þegar þeir standa í tónleikahaldi, er mikill gróði í þessum geira? „Bisnessmódelið getur verið misjafnt eftir tónleikum eða tónlistarhátíðum en listamaðurinn fær alltaf ákveðna upphæð og innkoman þarf að ná ákveðnu marki áður en tónleikahaldarinn fer að græða eitthvað,“ segir Friðrik, sem er um þessar mundir önnum kafinn við að skipuleggja Secret Solstice sem fram fer 17.-19. júní.

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

**LOKADAGAR - ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA**

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti
**Frystikistur frá 24.995**
Philips bluetooth hátalarar með allt að 67% afslætti
**Blu-ray DVD spilarar með allt að 33% afslætti**
Örbylgjuofnar með allt að 50% afslætti
**Ofnar, háfar og helluborð á frábærum verðum**
Panasonic þvottavélar frá 49.995
**Kæliskápar með allt að 46% afslætti**
Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti
**Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti**
Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT LAU. 11-16 OG SUN. 13-17

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

# Hrifinn af rapparanum

**Andrew Wightman** vinnur við að fara um heiminn og aðstoða þá sem standa á bak við Got Talent þættina. Hann segir standardinn háan hér á landi, og furðar sig á fámenninu.

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Mér þykir mjög vænt um Ísland, þetta land á sérstakan stað í hjarta mér," segir Andrew Wightman en hann er executive producer eða framkvæmdastjóri framleiðslu hjá Global Entertainment at Fremantle-Media, sem er fyrirtækið sem stendur á bak við framleiðslu Got Talent þáttanna um heim allan.

Andrew hefur ferðast um heiminn og unnið við að aðstoða þá aðila sem standa á bak við Got Talent þættina í hinum ýmsu löndum en þættirnir eru framleiddir í 69 löndum. Hann fer því og veitir aðstandendum þátttanna í hverju landi ráðgjöf og sér til þess að allt fari rétt fram. „Á síðasta ári fór ég til 45 eða 50 landa til þess að aðstoða, veita ráðgjöf og sjá til þess að allt fari rétt fram. Þetta er auðvitað misjafnt á milli landa. Sum lönd sérhæfa sig frekar í einhverju ákveðnu og svo skiptir líka máli hvort það eru aðrar keppnir í landinu. Ef landið hefur ekki söngvakeppnir eins og The Voice til dæmis þá getum við haft fleiri söngvara í Got Talent þáttunum í því landi og þess háttar," segir Andrew, spurður út í muninn á milli landanna.



Wightman leist ekki á blikuna þegar hann heyrði að Gauti væri rappari, en varð fljótlega yfir sig ánægður með kappann.



### Hár standard á Íslandi

Andrew hefur sinnt starfinu í rúm átta ár og fer hann fögrum orðum um íslensku Got Talent þættina. Hann segir standardinn háan hér á landi og þá sérstaklega þegar tekið er með í reikninginn hve fámenn þjóð Ísland er. „Standardinn er mjög hár á Íslandi. Þetta er mjög fámenn þjóð og mér finnst Íslendingar líka vera einstaklega móttækileg þjóð, þar er fólk ekki að baula hvert á annað og allir fá séns á að tjá sig."

> STANDARDINN ER MJÖG HÁR Á ÍSLANDI. ÞETTA ER MJÖG FÁMENN ÞJÓÐ OG MÉR FINNST ÍSLENDINGAR LÍKA VERA EINSTAKLEGA MÓTTÆKILEG ÞJÓÐ, ÞAR ER FÓLK EKKI AÐ BAULA HVERT Á ANNAÐ OG ALLIR FÁ SÉNS Á AÐ TJÁ SIG.

Ísland er jafnframt minnsta þjóðina sem Andrew hefur aðstoðað við uppsetningu Got Talent. Alls hefur hann komið hingað til lands sex sinnum, tvisvar í frí og fjórum sinnum í vinnuferðir.

Hann hefur tvisvar komið til landsins í tengslum við nýjustu þáttaröðina, á undirbúningstímabilinu og svo í fyrstu áheyrnarprufurnar. Rapparinn Emmsjé Gauti sem er kynnir í nýjustu þáttaröðinni heillaði Andrew upp úr skónum. „Ég var sérstaklega hrifinn af nýja kynninum. Fyrst var ég bara, guð minn góður, þetta er rappari! Þetta mun ekki ganga, en svo kom í ljós að hann er algjör toppmaður. Hann nær að tengjast fólkinu og keppendum mjög fljótt og er góður hlustandi," segir Andrew alsæll með Emmsjé Gauta.

### Sérfræðingar á sínu sviði

Nýir einstaklingar hafa eins og flestir tyllt sér í dómarasætin. Spurður út í hvort hann og hans fólk þurfi að samþykkja dómarana hefur Andrew þetta að segja: „Við þurfum að samþykkja dómarana. Það væri hrokafullt að mér að segja að við þekkjum Íslendinga það vel, að við vitum og ættum að velja hverjir séu bestir í dómarasætið.

En það sem við skoðum og metum er reynsla dómaranna og við viljum að þeir séu sérfræðingar á sínu sviði. Við viljum að almenningur geti hugsað með sér, ég skil af hverju hann eða hún er dómari. Fólk með misjafna reynslu og skoðanir, sem er hreinskilið og segir það sem því finnst, er gott í sjónvarpið," útskýrir Andrew.

### Vill sjá norðurljósin

Hann kemur aftur til landsins þegar beinar útsendingar hefjast á þáttunum og hlakkar til að koma aftur. „Ég hlakka til að koma aftur og vonast til að sjá norðurljósin næst þegar ég kem," bætir Andrew við og hlær.

Got Talent hóf göngu sína árið 2005 í Bretlandi og var þátturinn þá meira hugsaður sem skemmtiþáttur heldur en keppni. Svo fór þátturinn til Bandaríkjanna og varð geysivinsæll og hefur farið sigurför um heiminn síðan.

Þriðja serían af Ísland Got Talent hefur göngu sína á Stöð 2 á sunnudaginn kemur.



# Kjörið fimmtudagsbrauð

Gamla góða bananabrauðið rennur alltaf vel niður. Hér er uppskrift að einu stórgóðu í hollustubúningi.

- 2 egg
- 2 þroskaðir bananar
- 60 g smjör
- 1 dl hlynsíróp
- 3 1/5 dl Kornax heilhveiti
- 1 tsk. vanilluextrakt (eða vanillusykur)
- 1 dl mjólk
- 2 tsk. lyftiduft

**Aðferð:**
Byrjið á að hita ofninn í 180°C á blæstri.

Þeytið saman egg og hlynsíróp þar til blandan verður létt og ljós.

Bræðið smjör við vægan hita og leggið til hliðar.

Blandið hveiti og lyftidufti saman og blandið við eggjablönduna. Merjið banana með gaffli og bætið út í blönduna ásamt mjólkinni og smjörinu.

Smyrjið form og hellið deiginu í formið. Hægt er að sáldra örlitlu haframjöli yfir og skera niður hálfan banana og leggja ofan á brauðið áður en það fer í ofninn. Bakið brauðið við 180°C í 45–50 mínútur.

*Uppskrift fengin af Evalaufeykjaran.com*




# Hálfgerð listabrú á milli landanna

Berlin X Reykjavík Festival 2016 verður haldin í annað sinn hér á landi næstkomandi helgi, 29.-30. janúar. Tónleikarnir munu fara fram á Húrra og dagskráin er ekki af verri endanum en listamenn á borð við Studnitzky, Eyþór Gunnarsson, Samúel Jón Samúelsson, Sísý Ey, dj flugvél & geimskip o.fl. munu troða upp.

„Við vorum að koma frá Berlín, þar sem hátíðin var haldin um síðustu helgi, það gekk mjög vel og var svakalega gaman. Berlin X Reykjavík gekk vonum framar þegar hátíðin var haldin í fyrsta skipti á síðasta ári og er mikil spenna að endurtaka leikinn núna," segir segir Pan Thorarensen, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.



Pan Thorarensen, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar Berlin X Reykjavík Festival. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Berlin X Reykjavík er runnin undan rifjum listamannanna Pans Thorarensen & Sebastians Studnitzky.

„Þetta byrjaði allt þegar ég ákvað að halda fimm ára afmæli Extreme Chill Festival í Berlín, en þá hafði Sebastian samband við mig og hafði mikinn áhuga á samstarfi. Þetta er hugsað þannig að við séum að kynna íslenska tónlist í Berlín og öfugt. Þetta er hálfgerð listabrú á milli landanna. Þetta verður ótrúlega gaman og mikið stuð," segir Pan fullur tilhlökkunar og bætir við að hátíðin í ár verði með góðu djassívafi. gudrunjona@frettabladid.is

> ÞETTA ER HUGSAÐ ÞANNIG AÐ VIÐ SÉUM AÐ KYNNA ÍSLENSKA TÓNLIST Í BERLIN OG ÖFUGT. ÞETTA VERÐUR ÓTRÚLEGA GAMAN OG MIKIÐ STUÐ


Markaðstorg
Frá fimmtudegi til sunnudags
© Inter IKEA Systems B.V. 2016
IKEA
Það verður markaðsstemning í IKEA frá fimmtudegi til sunnudags. Við rýmum til á lagernum og setjum upp markaðstorg. Komdu og gerðu frábær kaup á völdum vörum, bæði **smávöru og húsgögnum**.
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA

# Radiohead sækir Secret Solstice heim

**Auk Radiohead munu Afrika Bambaata, Róisín Murphy, Kelela og Action Bronson, Deftones, Skream og fjöldi annarra innlendra tónlistarmanna og hljómsveita koma fram á hátíðinni sem fer fram í þriðja sinn í Laugardalnum í júní.**

Breska rokksveitin Radiohead verður stærsta atriði tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice sem fram fer í Laugardalnum í júní.

Koma hljómsveitarinnar er talsverður fengur fyrir tónlistaráhugafólk en þetta er í fyrsta skipti sem sveitin spilar hér á landi og segir Ósk Gunnarsdóttir, kynningarstjóri hátíðarinnar, það vera gaman að geta boðið gestum upp á hljómsveit af þessari stærðargráðu. „Okkar markmið var að geta glatt sem flesta.“

Radiohead var stofnuð árið 1985 og gaf sveitin út sína fyrstu smáskífu, lagið Creep, árið 1992. Lagið sló heldur betur í gegn um heim allan en það var einnig á fyrstu plötu sveitarinnar, Pablo Honey, sem kom út árið 1993. Hljómsveitin hefur átt gífurlega góðu gengi að fagna frá því að hún sló í gegn en það var platan OK Computer sem kom út árið 1997 sem kom henni endanlega á kortið og hlaut sveitin meðal annars Grammy-verðlaun fyrir bestu alternative plötuna það ár en einnig hlaut hún verðlaun fyrir plötuna In Rainbows á Grammy-verðlaunahátíðinni árið 2007. Það má því ætla að spenningur hafi ríkt innan herbúða tónlistarhátíðarinnar þegar koma sveitarinnar var staðfest. „Við erum búin að vita það í smá tíma, það er búið að vera erfitt að halda þessu leyndu,“ segir hún og skellir upp úr.

Meðlimir Radiohead eru fimm talsins og hafa þeir allir verið í sveitinni frá stofnun. Meðlimirnir eru söngvarinn Thom Yorke, gítar- og hljómborðsleikarinn Jonny Greenwood, eldri bróðir hans Colin Greenwood sem leikur á bassa, Ed O'Brien sem leikur á gítar og syngur bakraddir og trommuleikarinn Philip Selway.

Auk Radiohead munu Afrika Bambaata, Kelela, Róisín Murphy, Action Bronson, Deftones, Skream og fjöldi annarra innlendra tónlistarmanna og hljómsveita koma fram en alls hafa 93 nöfn sem koma fram á hátíðinni í ár verið tilkynnt og er von á minnst einni tilkynningu í viðbót þar sem fleiri nöfn munu bætast við.

Secret Solstice hátíðin er fremur ung að árum – var fyrst haldin árið 2014 og fer því fram í þriðja sinn á þessu. „Þetta er náttúrulega ung hátíð en við teljum okkur vera á heimsmælikvarða þegar kemur að tónlistarhátíðum,“ segir Ósk og bætir við að stefnan sé sett á að stækka hátíðina meira með ári hverju. „Við erum alltaf að verða stærri og betri, það er okkar markmið.“

Einnig segir hún áherslu lagða á að bjóða upp á fjölbreytt tónlistaratriði svo sem flestir skemmti sér sem best. Auk tónlistaratriða er boðið upp á partí inni í jökli, sundlaugarpartí í einni elstu náttúrulaug utan Reykjavíkur og bátapartí úti á rúmsjó sem fram fer eftir miðnætti. Þar munu plötusnúðar þeyta skífum á meðan gestir fylgjast með sólinni setjast en hátíðin dregur nafn sitt af sumarsólstöðum sem ber upp á sömu helgi og ætti því að verða talsvert sjónarspil á bátnum.

gydaloa@frettabladid.is




Radiohead heldur í tónleikaferð um heiminn og mun meðal annars koma fram á Íslandi í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY










### FLEIRI NÖFN SEM KOMA FRAM SAMKVÆMT NÝJUSTU TILKYNNINGU SECRET SOLSTICE

| | | | |
|---|---|---|---|
| Action Bronson [US] | Rix [IS] | DJ Hendrik [IS] | Stefán Karel [IS] |
| Róisín Murphy [IE] | Plastic Love [US] | Pink Street Boys [IS] | Auður [IS] |
| Afrika Bambaataa [US] | Clovis [US] | Halleluwah [IS] | Átrúnaðargoðin [IS] |
| Kelela [US] | Dr. Spock [IS] | EinarIndra [IS] | TRPTYCH [IS] |
| Matt Tolfrey [UK] | MANT [UK] | Gervisykur [IS] | Kíló [IS] |
| Bang Gang [IS] | Bones [CA] | Valby Bræður [IS] | Rímnariki [IS] |
| Mammút [IS] | Faces of Walls [IS] | Mosi Musik [IS] | Since When [US] |
| Fufanu [IS] | RVK Soundsystem [IS] | Dalí [IS] | |

VIÐURKENNT BÓKARANÁM
KREFJANDI ÞRIGGJA ANNA NÁM Í BÓKHALDI ÞAR SEM KENNT ER FRÁ GRUNNI AÐ VOTTUN SEM VIÐURKENNDUR BÓKARI.
GÓÐ STARFSTÆKIFÆRI.
HEFST 15. FEBRÚAR




www.ntv.is
ntv
Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Lagersala 27. jan.–31. jan.

# Allt að 80% afsláttur

66° NORÐUR

## Börn



**Heiðrún** Highloft peysa
~~9.800 kr.~~ 3.400 kr.

## Dömur



**Keilir** jakki
~~15.400 kr.~~ 7.700 kr.

## Herrar



**Hengill** hettupeysa
~~17.600 kr.~~ 5.280 kr.

## Aukahlutir



**Kaldi** húfa
~~9.400 kr.~~ 3.760 kr.

## Ungabörn



**Kría** peysa
~~5.600 kr.~~
1.680 kr.

**Kría** buxur
~~4.300 kr.~~
1.720 kr.

## Dömur



**Kári** jakki
~~22.000 kr.~~ 11.000 kr.

## Herrar



**Setberg** anorak
~~27.700 kr.~~ 11.080 kr.

## Aukahlutir börn



**Þór** eyrnaband
~~1.900 kr.~~ 760 kr.

## Ungabörn



**Ugla** galli
~~3.900 kr.~~ 1.000 kr.

## Dömur



**Vatnajökull 800** dúnkápa
~~49.000kr.~~ 24.500 kr.

## Herrar



**Langjökull** Primaloft jakki
- Sérstök útgáfa
~~51 .500 kr.~~ 25.750 kr.

## Aukahlutir



**Glymur** húfa
~~4.200 kr.~~ 1.680 kr.

## Börn



**Þór** Softshell jakki
~~14.300 kr.~~ 4.290 kr.

## Dömur



**Kul** peysa
~~29.500 kr.~~ 14.750 kr.

## Herrar



**Hengill** Softshell jakki
~~19.700 kr.~~ 3.940 kr.

## Aukahlutir börn



**Ugla** ungbarnahúfa
~~1.900 kr.~~ 500 kr.

**Útsölumarkaður Faxafen 12** | 108 Reykjavík — Opnunartími: mið.-fös. 8-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
**Skipagata 9** | 600 Akureyri — Opnunartími: mið.-fös. 9-18 | lau. 10-18 | sun. 12-18
**Miðvangur 13** | 700 Egilsstaðir — Opnunartími: mið.-fös. 11-18 | lau. 11-18 | sun. 12-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Mígandi spilling

Ég varð vitni að heldur óskemmtilegri uppákomu í þessari viku. Einn gestur sundlaugarinnar sem ég sæki reglulega ákvað upp á sitt eindæmi, í sturtuklefa karlaklefans, að vippa litla vininum úr skýlunni og míga ofan í sturtubotninn. Hann að vísu sneri baki í okkur hina – fjóra karlmenn sem horfðu forviða á aðfarirnar, en gerði þó enga aðra tilraun til þess að hylja athæfi sitt. Þegar neongul hlandbunan hafði skolast ofan í niðurfallið smellti hann buxnastrengnum utan um sig miðjan og tölti út í laug líkt og ekkert væri sjálfsagðara.

Í örfáar sekúndur hugleiddi ég hvort rétt væri að skerast í leikinn, löðrunga manninn þéttingsfast í grímuna og spyrja hvurn andskotann hann væri að hugsa. En eins og við Íslendingar yfirleitt gerum, hélt ég mig til hlés og hugleiddi hvernig uppeldi þessa unga manns hefði greinilega misheppnast gjörsamlega. Hvers eiga menn jú að gjalda, sem aldir voru upp á tíunda áratug síðustu aldar? Ungir menn sem þekkja ekkert annað en spillingu, frændhygli og einkavinavæðingu.

Ég hugsaði um hlutafjárútboð Símans, Borgunarmálið, ógegnsæi og milljarðahagnað útvaldra. Hvaða áhrif hefur slík grímulaus spilling á unga óharðnaða drengi sem læra einfaldlega það sem fyrir þeim er haft? Eftir á að hyggja er ég nefnilega þrátt fyrir allt þakklátur. Þakklátur fyrir að ungi maðurinn hafi ekki snúið sér að okkur hinum í sturtunni og látið heita þvagbununa standa beint yfir andlit okkar. Hann hefði jafnvel getað hlegið að okkur á sama tíma. Líkt og þeir gera sem maka nú krókinn á kostnað samfélagsins og gera ekki einu sinni tilraunir til þess að fela það. Það er þó hægt að vera þakklátur fyrir það.


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
**ORATORS**
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**





